

Dómarar hafi vannýtt leyfi til fjarfunda

Ákærendur segja dómstólana of illa búna til að geta nýtt bráðabirgðaheimild til málsmeðferða gegnum fjarfundi. Dómstólasýslan telur tækni-legala lausnir ekki skorta, en unnið er að úrbótum.

STJÓRNSÝSLA Ákærendur segja bráðabirgðaheimild, sem sett var í lög í vor og heimilaði að skýrslutökur og önnur meðferð dómsmála færi fram gegnum fjarfundabúnað, ekki notaða eins oft og ákjósanlegt væri vegna skorts á viðeigandi tækjabúnaði hjá dómstólunum. Þetta kemur fram í umsögnum Ákærendafélags Íslands og héraðssaksóknara við frumvarp dómsmálaráðherra um framlengingu umræddrar heimildar.

Einnig kemur fram í umsögn Ákærendafélagsins að allur gangur virðist vera á því hvaða kröfur séu gerðar til skýrslugjafa. „Í sumum tilvikum hefur skýrslugjafi hreinlega staðið úti á götu í heimabæ sínum en í öðrum tilvikum hafa dómarar verið strangir á því að skýrslugjafi sé á tilteknum stað og í einrúmi við skýrslugjöfina,“ segir í umsögninni.

Ólöf Finnsdóttir, framkvæmdastjóri dómstólasýslunnar, segir hins vegar alla dómstóla hafa þann tækjabúnað sem þurfi. Vandinn sé hins vegar sá að búnaðurinn þurfi að tryggja bæði möguleika á fjarfundum og upptöku á öllu sem fram fari í hljóð og mynd. Aðeins tveir dómstólar séu komnir með heildstætt kerfi sem tryggi hvoru tveggja, Héraðsdómur Reykjavíkur og Landsréttur. Kerfið virki vel og verði innleitt við aðra dómstóla landsins á næstu vikum og mánuðum.

Aðrir dómstólar hafi hins vegar þurft að reida sig á bráðabirgðalausn. Upptökukerfi sé í öllum dómhúsum, enda öll þinghöld tekin upp í hljóði og mynd. Fjarfundir hafi farið fram gegnum Teams og það upptökukerfi sem fyrir er taki í rauninni upp það sem fram fari á fjarfundinum, taki

Í sumum tilvikum hefur skýrslugjafi hreinlega staðið úti á götu í heimabæ sínum.

Úr umsögn Ákærendafélagsins um frumvarp ráðherra

mynd af myndinni af þeim sem eru á fjarfundi.

Ólöf segir því ekki skort á tækni-legalum lausnum.

Með umræddri heimild sem samþykkt var í apríl var dómstólum heimilað að beita rafrænum lausnum í meiri mæli við þinghöld. Heimilt var að aðalmeðferðir mála og önnur þinghöld, þar með talin skýrslugjöf sakbornings, ákærða og vitna, fari fram á fjarfundi, enda verði þinghaldi háttáð þannig að allir viðkomandi aðilar heyrri þau orðaskipti sem fara fram.

Heimildin var aðeins til bráðabirgða og féll úr gildi 1. október síðastliðinn. Í frumvarpi dómsmálaráðherra er mælt fyrir um framlengingu heimildarinnar til ársloka 2021.

Í viðtali við Fréttablaðið í vor gagnrýndi formaður Dómarafélagsins að samkvæmt orðanna hljóðan gæti umrædd heimild ekki tryggt opinbera málsmeðferð sakamála eins og áskilið er í stjórnarskrá og Mannréttindasáttmála Evrópu.

Í frumvarpinu um framlengingu heimildarinnar er brugðist við þessari gagnrýni og áréttáð, í ljósi meginreglunnar um opinbera málsmeðferð, að fjarfundir skuli almennt haldnir í dómsal þannig að þeim, sem áhuga hafa á, gefist kostur á að fylgjast með því sem fram fer. – aá

Losuðu sig við hvarfakúta í fjöru

LÖGREGLUMÁL „Það náðust á mynd þrjár menn að skera upp hliðina á flutningabíl hérna hjá mér,“ segir Einar Ólafsson, eigandi e.e.export, sem varð fyrir því að þjófur stálu frá honum 140 hvarfakútum.

Um liðna helgi uppgötvuðust hræ af fjölmörgum hvarfakútum í fjöru á Kjalarnesi. Kútarnir voru fjarlægðir af Hrafn Jökulssyni og félögum í Veraldarvinum sem gerðu listaverk úr kútunum. – gar / sjá síðu 6



Hrafn Jökulsson og hvarfakútarnir á Kjalarnesi. MYND/VERALDARVINIR



Viðgerðir stóðu yfir í gær á Þúfu, umhverfislistaverki Ólafar Nordal. Verkið sem var vígt árið 2013 stendur við vestanverða innsiglinguna í Reykjavíkurbær úti á Granda og er 26 metrar í þvermál. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Njóttu ferðalagsins á vel smurðum bíl.
Smelltu bílnum í smurþjónustu hjá HEKLU.

Pantaðu tíma á www.hekla.is/smur

HEKLA · Laugavegur 170 · Sími 590 5000 · www.hekla.is



SÉRBLAÐ

fylgir Fréttablaðinu í dag

Eyþór Arnalds, oddviti Sjálfstæðis-
manna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINKUpplýsi um
plastbrennslu

REYKJAVÍK Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins krefja stjórn Sorpu um svör um útflutning á plasti til brennslu erlendis. Líkt og greint var frá í umfjöllun Stundarinnar nýverið er stór hluti plasts sendur erlendis til svokallaðar endurnýtingar.

Fyrirspurnin kemur í kjölfar bókana í borgarráði í gær. Þar gerðu Sjálfstæðismenn athugasemd við að ekki væri fjallað um endurvinnslu plasts á síðasta stjórnarfundum Sorpu.

Benti meirihlutinn á að fundurinn hafi átt sér stað tveimur vikum áður en umfjöllunin birtist.

„Nú er stjórn Sorpu fjölhæf og fá málefni henni óviðkomandi en ekki býr hún svo vel að eiga tímavél til að ferðast í framtíðina til að geta sett efnisumfjallanir einstakra fjölmiðla á dagskrá fundar áður en þær birtast í þessum sömu fjölmiðlum,“ segir í bókun meirihlutans.

Sjálfstæðismenn sögðu á móti að almenningur greiði gjald vegna plasts í endurvinnslu sem misbrestur sé á.

Þá hafi samkvæmt umfjöllun Stundarinnar Sorpa ekki aðeins verið upplýst um væntanlega umfjöllun, heldur verið að svara fyrirspurnum vegna málsins. Því hefði verið eðlilegt fyrir stjórnina að ræða málið. Af svörum að dæma hafi stjórnin ekki verið upplýst um verklagið.

Meirihlutinn hafnar því að stjórnin sé ekki upplýst um það. „Stjórn Sorpu er vel kunnugt um útflutning plasts til orkuendurvinnslu.“ Aðeins 30 prósent af því plasti sem kemur til endurvinnslustöðvanna og helming þess sem komi úr plastsöfnun við heimilin sé hægt að endurvinnna. – ab

Hamingjusamir hestar í haga



Þessir hestar sem staðsettir eru við Eyrarbakka fylgdu ekki tveggja metra reglunni heldur létu vel hvor að öðrum í fallegum haustlitunum. Hestar eru sérlega félagslynd dýr og heilsast þeir gjarnan með því að lykta af nösum hvers annars. Þá eru þeir einnig gjarnir á að snyrta hvern annan, hneggjast á og leika sér saman. Rannsóknir hafa sýnt að hestar velji sér vini og bindist þeim frekar en öðrum hestum úr hópi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Munu innleiða
hertar aðgerðir

COVID-19 Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir skilaði seinnipartinn í gær inn minnisblaði sínu varðandi hertar aðgerðir vegna kórónaveirufaraldursins til heilbrigðisráðuneytisins.

Stefnt er að því að heilbrigðisráðherra leggi tillögurnar fram á fundi ríkisstjórnarinnar í dag.

Í gær voru 1.005 manns í einangrun með virkt COVID-19 smit hér á landi. 62 lágu á sjúkrahúsi vegna sjúkdómsins og tveir voru á gjörgæsludeild. Sólarhringinn á undan greindust 42 með innanlandssmit og 21 greindist á landamærunum, tólf þeirra voru með virkt smit. 1.730 einstaklingar voru í sóttkví.

Á upplýsingafundi almanna- varna í gær sagði Þórólfur að hann myndi leggja til hertar aðgerðir en vildi ekki greina frekar frá tillögum sínum.

Þá sagði Þórólfur að verði aðgerðir hertar myndu þær líklega þurfa að vera í gildi í tvær til þrjár vikur. Nú er í gildi tuttugu manna samkomubann. – b dj

Yfirgefnu hlaupahjólin
sjónskertum til trafala

Blindrafélagið hefur áhyggjur af hvernig skilið er við hlaupahjól sem eru til leigu um borgina. Hjólunum er oft skilað á miðri gangstétt sem skapar hættu fyrir þá sem eru sjónskertir. Reglur borgarinnar til hjólaleiganna eru skýrar.

UMFERÐ „Við höfðum áhyggjur í upphafi og sú staða hefur ekkert breyst,“ segir Hlynur Þór Agnarsson, aðgengis- og upplýsingafulltrúi Blindrafélagsins en umgengni notenda hlaupahjóna sem eru til leigu er oft verulega ábótavant.

Hjólin liggja oft eins og hráviði á göngustígum svo fólk sem er sjónskert á erfitt með að komast hjá.

Íbúar að Miðborgar og Hlíða óskaði í vikunni eftir að umhverfis- og skipulagssvið borgarinnar útfæri átak í samráði við hjólaleigur til þess að fá hjólaleigjendur að ganga vel frá hjólunum annars staðar en í vegi fyrir öðrum vegfarendum.

„Nauðsynlegt er fyrir borgaryfirvöld að bregðast við þessari þróun, öllum vegfarendum til hagsbóta,“ segir í fundargerð ráðsins.

Hlynur segir að hjólin séu mikil samgöngubúbot séu þau notuð rétt og skilað eins og á að ganga frá þeim. En þau eru ekkert sérstök fyrir þá sem hafa skerta sjón, liggjandi á göngustígum.

Úr verklagsreglum
borgarinnar

- Fylgja verður lögum og reglum þegar skilið er við hjól, t.d. að það má ekki valda hættu eða óþarfa óþægindum fyrir aðra umferð.
- Ef ekki er brugðist við ábendingum þegar þær berast eða ef borgin telur brýna þörf, áskilur Reykjavíkurborg sér rétt að fjarlægja hjól og færa í geymslu á kostnað þjónustuaðila.



Þessum myndum var deilt á samfélagsmiðlum í sumar. MYNDIR/THEODÓR INGI



„Við sendum frá okkur tilkynningu seint í júní þar sem bent var á að tillitssemi skiptir máli varðandi þessi hjól,“ segir Hlynur. Treysta þurfi fólki til að skilja rétt við hjólin.

„Þetta er snilldarferðamáti og býður upp á skemmtilega möguleika en við höfum áhyggjur af því við viljum ekki að fólk sé að hrasa og detta. Hvað þá ef þessu er lagt svo illa að það kemur einhver með hvítan staf og reynir að fara fram hjá og endar jafnvel út á götu.“

Hlynur segist ekki vita um nein slys á fólki en þekki vel til vandræða sem sjónskertir hafa orðið fyrir vegna hjóna sem er illa lagt.

„Það eru vandræði um allt. En auðvitað gætu hafa orðið slys án þess að ég hafi heyrt um það, ég

ætla ekki að útiloka það. Það liggur í augum uppi að það eiga ekki að vera neinar hindranir í gangveginum.“

Um 1.100 hlaupahjól standa borgarbúum til leigu en fjögur fyrirtæki berjast um hylli borgarbúa, Wind Mobility er þar langstærst með um 600 hjól samkvæmt frétt Vísis í september, Hopp er með 300 hjól, Zolo um 200 og Kick telur nokkra tugi. Zolo stefnir á að fjölga hjólunum í borginni. Startgjaldið er alls staðar 100 krónur en mínútan kostar frá 28 krónum og upp í 32 krónur.

Hlynur bendir á að það sé auðvelt að laga hlutina, það þurfi jú að staðfesta hvar hjólið var lagt frá sér þegar ferðalaginu er lokið. „Ef allir leggja hjólunum út í kanti þá eru held ég allir kátir.“

benediktboas@frettabladid.is

Skráðu þig á póstlistann
og fáðu Fréttablaðið
sent rafrænt í morgunsárið

Skráðu þig á frettabladid.is,
á Facebook síðu Fréttablaðsins
eða skannaðu QR kóðann



FRÉTTABLAÐIÐ – Mest lesna dagblað landsins

*Kvika eignastýring veitir alhliða
fjármálaþjónustu með áherslu á langtímaárangur*



KVÍKA

Eignastýring

kvikaeignastyring.is

TAX FREE DAGAR

Ad sjálfsgögu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu.



**Taxfree* af öllum
leikföngum
29. október - 2. nóvember**

*Taxfree jafngildir 19,36% afslætti



Dreifum álaginu - minnkum biðraðir

Við hvetjum viðskiptavini að nýta sér langan opnunartíma eftirfarandi Hagkaups verslana:

- Skeifa og Garðabær - opið allan sólarhringinn.
- Spöng, Eiðistorgi og Akureyri - 08:00 til 00:00 alla daga.

HAGKAUP

Sjóvarnargarðurinn við Eiðsgranda mun ekki byrgja fólki sýn

REYKJAVÍK Nú er unnið að gerð sjóvarnargarðs við Eiðsgranda í Vesturbænum í Reykjavík. Garður sem nú er tættist í sundur í miklu óveðri 19. september síðastliðinn. Litlu mátti muna að slysráðgjafi á fólki þegar grjóthnullungar þeyttust út á göngustíginn vegna sjógangs og grasþökur rifnuðu upp.

Stór haugur af grjóti er nú við Ánanaust og hefur spunnist umræða um hann og hvort hinn

nýi garður verði allur svo hár. Hefur fólk haft áhyggjur af því að missa útsýnið yfir Faxaflóa. Jón Halldór Jónasson, upplýsingafulltrúi hjá Reykjavíkurborg, segir að það sé alls ekki svo. Þetta sé einungis vinnusvæði og geymsla fyrir efni sem til standi að flytja vestur eftir garðinum. Garðurinn verður ekki hækkaður, nema að mjög litlu leyti, heldur breikkaður fjóra til átta metra í átt að sjónum.



Efnið verður flutt til, til að breikka garðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Þetta er gert til þess að brjóta ölduna fjær gangstígnum.

Jón Halldór Jónasson, upplýsingafulltrúi hjá Reykjavíkurborg

„Þetta er gert til þess að brjóta ölduna fjær gangstígnum,“ segir Jón Halldór. „Við erum mjög glöð að

verkið sé komið á þetta stig.“ Segir hann hjólastíg notaðan til bráðabirgða, bæði fyrir hjólréiðafólk og gangandi vegfarendur meðan á verkinu stendur. Í fyrsta hluta verksins, sem á að ljúka um áramót verður garðurinn endurbættur frá Ánanaustum út að dælustöðinni. Á næsta ári verður garðurinn bættur til austurs í átt að Granda og gamla göngustígurinn endurgerður í kjölfarið. – khg



Spurning hvort silfurreynir fái að standa á lóð TDK Foil Iceland.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Vilja samráð um tré og runna

AKUREYRI Skipulagsráð Akureyrar gerir ekki athugasemd við fyrirhugaða gróðursetningu TDK Foil Iceland ehf. á trjám og runnum á lóð fyrirtækisins í Krossanesi.

Fyrirtækið sótti um leyfi til ráðsins vegna trjágróðursins en það ætlar að planta trjám og runnum fyrir ofan aflþynnuverksmiðjuna á töluvert stóru svæði. Fyrirtækið fær þó ekki að ráða hvaða trjám og runnum verður plantað því ráðið vill að samráð verði haft um um plöntu- tegundir og nákvæmari afmörkun svæðisins. – bb



Frá Unglingalandsmóti á Akureyri.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Síður í íþróttum ef foreldrar eru innflytjendur

FÉLAGSMÁL Börn innflytjenda eru mun ólíklegri til þess að stunda íþróttir en börn sem hafa íslensku að móðurmáli.

Þetta kemur fram í skýrslu sem Rannsóknir og greining gerði fyrir Ungmennafélag Íslands og Íþróttasamband Íslands. Kannaðir voru ýmsir þættir tengdir íþróttaiðkun hjá grunnskólanemum í 8. til 10. bekk grunnskóla.

Samkvæmt skýrslunni æfa 58 prósent barna sem tala aðeins annað tungumál en íslensku á sínu heimili nánast aldrei íþróttir. Hlutfallið er 36 prósent hjá þeim sem tala aðeins íslensku og 47 prósent hjá þeim sem tala íslensku og annað tungumál.

46 prósent barna sem hafa íslensku að móðurmáli æfa íþróttir fjórum sinnum eða oftar í viku, en aðeins 23 prósent þeirra sem tala ekki íslensku á heimili sínu.

Brottfall barna úr íþróttum var kannað, og þættir sem stuðluðu að því að þau hættu. Tæpur þriðjungur nefndi kostnað sem stóran áhrifaþátt þess að hafa hætt.

Flestir, um 80 prósent, nefndu að þeim hefði fundist íþróttin leiðinleg eða fengið meiri áhuga á öðru. Milli 30 og 40 prósent nefndu þætti eins og tímaleyfi, samgöngur, of harða samkeppni, of erfiðar æfingar og að vinir þeirra hefðu hætt að æfa. – khg



Hvarfakútum sem búið var að hirða góðmálma úr var sturtað ofan í fjöru neðan við Arnarholt á Kjalarnesi, íbúum þar til hrellingar. MYND/VERALDARVINIR

Fjöldi horfinna hvarfakúta fannst í sandfjöru á Kjalarnesi

Þjófar hafa að undanförnu skorið hvarfakúta undan tugum bíla og stálu 140 kúta í einu lagi með því að skera gat á flutningabíl í eigu útflytjanda. Söst er eftir verðmætum góðmálum. Fjöldi kúta fannst um liðna helgi sundurskorinn í fjöru á Kjalarnesi. Veraldarvinir tíndu þá upp og breyttu í listaverk.

LÖGREGLUMÁL Talsvert hefur borið undanfarið á stuldi á hvarfakútum sem eru undir bílum til mengunarvarna.

Um síðustu helgi benti íbúi á Kjalarnesi á hræ af fjölmörgum hvarfakútum sem lágu í fjörunni neðan við Arnarholt. Kútarnir og fleiri aðskotahlutir voru fjarlægðir á sunnudag af Hrafn Jökulssyni og félögum hans í samtökunum Veraldarvinum. Hrafn segir að Björgvin Kristbergsson, starfsmaður Reykjavíkurborgar, hafi bent honum á málið.

„Björgvin sagði mér að gera þetta og ég hlýddi. Síðan fór ég og hlustaði á Kjalnesinga,“ segir Hrafn sem kveður Veraldarvini síðan hafa gert listaverk úr hvarfakútunum.

Í umræðum um málið í Facebook-hópi Kjalnesinga sagði Skúli Rúnar Reynisson hjá partasölu Partout í Ásbrú í Reykjanesbæ að honum sýndust þarna komnar leifar af verðmætum sem stolið hefði verið af honum. Partout sérhæfir sig í BMW-bílum.

„Það var tekið undan tólf bílum í portinu hjá mér,“ segir Skúli við Fréttablaðið. Verið sé að skoða upp-tök úr eftirlitsmyndavélum. „Ég er búinn að sjá undarlegar mannaferðir í tvo daga sem verið er að rannsaka.“

Tjón sitt segir Skúli vera nærri tvö hundruð þúsundum króna. Öllu stærra tjón hafi orðið hjá

Það gekk ekki og þeir ristu þá bara gönguleið inn í bilinn með slípirokki.

Einar Ólafsson í e.e.export

bilaleigunni Iccar 4x4 sem sé þar skammt frá. Þar hafi verið teknir hvarfakútar undan um 30 bílum. Þar þurfi að setja nýja kúta undir með tilheyrandi kostnaði.

Það sem þjófarnir sækjast eftir eru ýmsir góðmálmar sem eru inni í hvarfakútunum og hægt er að koma í verð erlendis. eru það málmar á borð við platínu, palladín og ródín.

Miklum verðmætum var stolið frá fyrirtækinu e.e.export ehf. skömmu áður en þjófar gerðu óskundann á Ásbrú. „Það náðust á mynd þrjú menn að skera upp hliðina á flutningabíl herna hjá mér,“ segir Einar Ólafsson, eigandi e.e.export.

Að sögn Einars reyndu þjófarnir fyrst að opna flutningabilinn með því að skera á glussaslöngu í þeirri von að afturhlerinn myndi opnast. „Það gekk ekki og þeir ristu þá bara gönguleið inn í bilinn með slípirokki,“ segir hann.

Um 140 hvarfakútar af ýmsum gerðum voru í flutningabílunum að sögn Einars, sem kveður þjófana



Listaverk Veraldarvina úr hvarfakútunum af Kjalarnesi. MYND/VERALDARVINIR

hafa komið þeim fyrir í þúsund lítra plastkari sem þeir hafi síðan dregið í hvarf við endimörk lóðarinnar.

Einar sérhæfir sig meðal annars í að flytja hvarfakúta til útlanda þar sem unnir eru úr þeim góðmálmar sem hann kemur síðan í verð á markaði.

Aðspurður kveðst Einar meta beint tjón sitt upp á minnst 2,5 milljónir króna. Annars vegar hafi viðgerðin á bílnum kostað eina milljón og hins vegar hafi hann greitt um 1,5 milljónir fyrir hvarfakútana. Fyrir

utan beint tjón verður Einar af hagnaði af sölu góðmálma ytra.


„Ég tilkynnti þetta náttúrulega strax til lögreglu en veit ekki hvort þeim getur orðið eitthvað ágengt. Það er ekki hægt að greina hverjir eru á myndunum því það var mjög dimmt þegar þjófarnir létu til skarar skriða klukkan ellefu á laugardagskvöldi,“ segir Einar.

Hjá lögreglunni fást þær upplýsingar að umrædd mál séu óupplýst. Sama gildi um sambærileg mál frá því vor. gar@frettabladid.is

LOKADAGAR 30. og 31. okt

Þegar þú kaupir *ákveðin
Samsung QLED sjónvörp
hjá ORMSSON

getur þú valið um að fá tölvuskjá, síma
eða kraftmikla skaftryksugu í kaupbæti!



Galaxy Note10
Lite Black



Jet 70 ofur kraftmikil
skaftryksuga



27" Bogin leikja- og
tölvuskjár Odyssey G7

*Tilboð gildir út 31. október 2020 við kaup á QLED 2020 Q80T, 65" eða stærra ásamt Q90T, Q95T, Q800T, Q900T og Q950T í öllum stærðum.



SAMSUNG Q80T - Stærðir 65" til 85"
Glæsilegt QLED sjónvarp með Direct Full Array tækni
sem gefur enn betri liti á skjá.



SAMSUNG Q800T - Stærðir 65" til 82"
8K Gervigreind tækisins sér um fullkomna uppskölun á
öllu efni.



Opnunartímar
Virka daga kl. 10-18
Laugardagar kl. 11-15

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 - 530 2800

Skoðu úrvalið okkar á
ORMSSON.IS



*SENDUM UM LAND ALLT

ORMSSON
PRISTUR-ÍSAFIRÐI
SÍMI 456 4751

KS
SAUÐÁRKRÓKI
SÍMI 455 4500

SR BYGG
SIGLUFIRÐI
SÍMI 467 1559

ORMSSON
AKUREYRI SÍMI
461 5000

PENNINN
HÚSAVÍK
SÍMI 464 1515

ORMSSON
PAN-NESKAUPSSTAÐ
SÍMI 477 1900

ORMSSON
ÁRVIRKINN-SELFOSSI
SÍMI 480 1160

GEISLI
VESTMANNAEYJUM
SÍMI 481 3333

TÆKNIBORG
BORGARNESI
SÍMI 422 2211

OMNIS
AKRANESI SÍMI
433 0300

VEF-FORSALA HJÁ OKKUR!



Ólafur Jóhann Ólafsson
Höfundur

FORSALA



Snerting
KYNNINGARVERÐ: 5.025.- (í forsölu)
Verð: 6.999.-

Pantaðu bókina í forsölu á www.penninn.is og fáðu áritað eintak sent heim 2.nóvember á höfuðborgarsvæðinu.



Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Álfabakka 16, Mjódd


Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Krossmóa 4

Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9



540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Kynningarverð gildir til og með 2. nóvember eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.



Xi Jinping, forseti Kína. MYND/GETTY

Bensínbílar út í Kína fyrir 2035

KÍNA Yfirvöld í Kína hyggjast skipta hreinum bensín- og dísilbílum út fyrir rafmagnsbíla og aðra umhverfisvænni kosti árið 2035. Stefna Xi Jinping forseta er að gera Kína að kolefnisjöfnuðu landi árið 2060.

Árið 2019 voru aðeins 5 prósent nýrra bíla í Kína umhverfisvæn.

Um helmingur allra nýrra bíla er seldur í Kína. Ef Kínverjum tekst ætlunarverk sitt hefði það stórkostleg áhrif á heildarkolefnislosun heimsins. Samkvæmt áætlunum kínverska iðnaðarráðuneytisins á helmingur nýrra bíla að vera „nýorkubílar“ og þar af 95 prósent rafmagnsbílar. Nýir bílar sem keyra á jarðefnaeldsneyti verða að vera svokallaðir hybrid bílar, sem nota rafmagn fyrst og olíu til vara. Hlutfall þeirra á að vera komið upp í 75 prósent árið 2030 og 100 prósent 2035. – khg

Jeremy Corbyn vikið úr Verkamannaflokknum



Jafnréttis- og mannréttindanefnd Bretlands birti í gær niðurstöður úr rannsókn á gyðingahatri innan Verkamannaflokksins í stjórnartíð Jeremys Corbyn. Er flokkurinn sagður sekur um ólöglega áreitni og mismunun í stjórnartíð Corbyn. Honum var í gær vikið úr flokknum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Umdeild yfirlýsing um þungunarrof

Bandaríkin eru meðal 33 ríkja sem undirrituðu umdeilda yfirlýsingu um verndun fóstura og styrkingu fjölskyldunnar sem grunnstoðar samfélagsins. Meðal annarra landa sem eiga aðild að yfirlýsingu eru Ungverjaland, Pólland, Pakistan og Sáði-Arabía.

ALÞJÓÐAMÁL Sama dag og stjórnarskrárdómstóll Póllands úrskurðaði þungunarrof nánast algerlega ólöglegt í landinu skrifaði ríkisstjórn landsins undir umdeilda yfirlýsingu um þungunarrof sem nefnist Genfarsamstöðuyfirlýsingin.

Bandaríkin eru meðal forysturíkja sem komu að yfirlýsingu. Föru Mike Pompeo utanríkisráðherra og Alex Azar heilbrigðisráðherra fremstir í flokki á athöfninni þar sem yfirlýsingin var undirrit-

uð. Í henni er meðal annars lögð áhersla á vernd fóstura, styrkingu fjölskyldunnar sem grunnstoðar samfélagsins, heilbrigði kvenna og að ríki hafi sjálfsákvörðunarrétt um mál, til dæmis þungunarrof, og séu ekki undir þrýstingi annarra ríkja eða alþjóðastofnana hvað það varðar.

Auk Bandaríkjanna og Póllands eru aðalbakhjarlar yfirlýsingarinnar Ungverjaland, Egyptaland, Indónesía, Brasilía og Úganda. Alls skrif-

uðu ráðherrar 33 ríkja undir hana, til að mynda margra ríkja Afríku og hins íslamska heims. Meðal annars Kongó, Kenía, Írak, Líbía, Súdan, Pakistan og Sáði-Arabía.

Pompeo haldi Donald Trump fyrir að hafa komið hópi ríkjanna saman til þess að skrifa undir yfirlýsinguna, sem væri einstök í sögunni.

„Við höfum myndað fordæmalausa vörn fyrir ófædda á heimsvísu,“ sagði Pompeo.

Við höfum myndað fordæmalausa vörn fyrir ófædda á heimsvísu.

Mike Pompeo, utanríkisráðherra Bandaríkjanna



Gagnrýnendur yfirlýsingarinnar hafa bent á að þau lönd sem séu á listanum séu í fæstum tilvikum þau þar sem konur njóta mikilla réttinda. Fá vestræn lýðræðisríki séu á listanum.

Þau tvö Evrópusambandsríki sem eru á listanum, Pólland og Ungverjaland, hafa í auknum mæli komist upp á kant við framkvæmdastjórn sambandsins vegna mannréttindamála.

kristinnhaukur@frettabladid.is

HRAEDILEG pizzaveisla!

Pssst...
Þú finnur allt á einum stað í næstu Krónu verslun.

Allir dagar eru **Mmm ... PIZZA DAGAR**

Afgreiðslutímar á www.kronan.is

ILVA

Sparaðu

20-25%

AF ÖLLUM SÓFUM, SÓFABORÐUM OG HÆGINDASTÓLUM

LÝKUR MÁNUDAGINN 2. NÓV.

20% AFSLÁTTUR AF SÉRPÖNTUÐUM SÓFUM

Frí heimsending
Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU
EF VERSLAÐ ER FYRIR
5.000 KR. EÐA MEIRA



CLEVELAND SÓFI. 3ja sæta sófi, furufætur. L208 cm.
99.900 kr. NÚ 79.920 kr.

20%



FLAIR SÓFABORÐ. Hvít plata með svörtum fótum.
105x60 cm. 44.900 kr. NÚ 35.920 kr.

20%



NÚ 43.920
SPARAÐU 10.980

KORA SÓFABORÐ. Brúnn marmari.
80x40 cm. 44.900 kr. NÚ 35.920 kr.

20%



RETINA SKEMILL
með geymslu. Ýmsir litir. Ø60 cm.
18.900 kr. NÚ 15.120 kr.

NÚ 35.920
SPARAÐU 8.980



GAIN HÆGINDASTÓLL. Ýmsir litir. 76,5 x 73 x 79 cm.
44.900 kr. NÚ 35.920 kr.

25%



FORZELLI HORNSÓFI. Opinn endi + 3ja sæta.
Pasadena 10D5 svart leður. Krómfætur. L339 x D213 cm.
549.900 kr. NÚ 411.900 kr.

NÚ 95.920
SPARAÐU 23.980



CLEVELAND TUNGUSÓFI.
2ja sæta + legubekkur. L231 x D140 cm. Ljósgrátt áklæði.
119.900 kr. NÚ 95.920 kr.

ILVA Korputorgi, s: 522 4500 www.ILVA.is
mánudaga - sunnudaga 12-18

netgíró
VALITOR



FACEBOOK.COM/ILVAISLAND



INSTAGRAM.COM/ILVAISLAND

Hvað tefur?



Hörður Áegisson
hordur@frettabladid.is

Farsóttin er að dragast á langinn og óvissa um efnahagshorfur að aukast. Þetta var mat fjármálastöðugleikanefndar Seðlabankans í lok september – fyrra mat í vor var að faraldurinn myndi ganga hratt yfir – en síðan hefur staðan aðeins versnað enn frekar. Það kemur tæpast á óvart.

Við höfum ákveðið að eftirláta heilbrigðisvirkvöldum að stjórna landinu. Stefnan er að há stríð við veiru, með öllum ráðum sama hvaða skelfilegu afleiðingar það kann að hafa, uns bóluefni verður tiltækt – sem enginn veit þó hvenær verður né hvaða virkni það mun hafa. Um þetta áhættusama veðmál virðist að mestu samstaða innan ríkisstjórnarinnar – ekkert hefur heyrst frá formanni Sjálfstæðisflokksins sem gefur ástæða til að halda annað – þar sem öll önnur sjónarmið en sóttvarnir eru víkjandi. Þeir sem leyfa sér að setja opinberlega fram efasemdir um að skynsamlega sé að málum staðið eru umsvifalaust útmálaðir sem brjálæðingar sem skeyti lítt um líf og heilsu þeirra sem viðkvæmastir eru fyrir í samfélaginu. Ekki er þetta á mjög háu plani.

Stjórnvöld verða því nú að reyna að minnka óvissuna á sem flestum sviðum. Í upphafi faraldursins, þegar óvissan var hvað mest, var gripið til umfangsmikilla efnahagsaðgerða í því skyni að milda höggið fyrir heimili og fyrirtæki. Sumt hefur heppnast vel, annað síður. Seðlabankinn fór með vextina niður í eitt prósent og boðaði eins kaup á ríkisskuldabréfum, með sama hætti og flestir aðrir seðlabankar hafa þegar gert, fyrir allt að 150 milljarða til að tryggja að gríðarleg fjármagnspörf ríkissjóðs myndi ekki hækka vexti á skuldabréfamarkaði og vinna gegn miðlun peningastefnunnar.

Sjó mánuðum síðar bólar enn ekkert á uppkaupum bankans. Öll lækkun á ávöxtunarkröfu ríkisbréfa, grunnur að allri verðlagningu á lánamarkaði, frá því í vor er gengin til baka vegna óvissu um hvernig ríkið ætli að fjármagna 900 milljarða lánsfjárbörf sína fram til 2025. Hækkun langtíma vaxta á markaði, sem á sér enga hlíðstæðu þegar lítið er til samanburðarlanda, mun einnig bitna á lánskjörum sveitarfélaga, fyrirtækja og heimila. Verði frekara framhald á þessari þróun mun það torvelða bata í efnahagslífinu með minni fjárfestingu og færri störf skapast. Það hlýtur að vera öllum mikið áhyggjuefni. Hvað er til ráða? Líklega er aðeins tímaspursmál hvenær Seðlabankinn mun byrja að láta til sín taka, eins og bankinn hefur gert á gjaldeyrismarkaði, vilji hann í reynd stuðla að lækkun vaxta.

Meira þarf samt að koma til ef við ætlum að sjá fram á kröftugan efnahagsbata. Þrátt fyrir að vera líklega einir best fjármöggnuðar bankar í Evrópu fer lítið fyrir nýjum útlánum til fyrirtækja enda er eftirspurnin lítil á meðan óvissan er alltumlykjandi. Í stað þess að biða aðgerðalaus hjá geta stjórnvöld haft þar áhrif með markvissum og heildstæðum aðgerðum. Skjótur virkni leiddi að því markmiði væri að Seðlabankinn veitti sérstök veðlán til bankanna með innbyggðum útlánahvata þannig að vaxtakjörin færu lækkandi eftir því sem meira væri lánað til fyrirtækja. Stöndug fyrirtæki, sem hafa séð vaxtaalög hækka, gætu þá sótt sér lánsfjármagn á betri kjörum, lausafé myndi aukast og fleiri framkvæmdir færu á skrið. Seðlabankinn hefur sagt þetta eitt af því sem sé til skoðunar. Spurningin er hins vegar hvað tefur. Frekara úrræðaleyfi stjórnvalda er ekki lengur í boði.



Verði frekara framhald á þessari þróun mun það torvelða bata í efnahagslífinu með minni fjárfestingu og færri störfum.

HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Auglýsingaefnið lendir á eldhúsbordinu þegar blaðið er opnað!

93.000 Íslendingar lesa Fréttablaðið daglega að meðaltali.*

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma **550 5050** eða sendu tölvupóst á **orn@frettabladid.is**.

Útvegum einnig hagstæð verð í prentun.



FRÉTTABLAÐIÐ – MEST LESNA DAGBLAÐ LANDSINS

Halldór



Frá degi til dags

Skorað á Gúnda
Guðmund Franklin Jónsson þarf ekki að kynna. Hann er maðurinn sem lenti í öðru sæti í forsetakosningunum í sumar. Nú fer hann fyrir Frjálsa lýðræðisflokknum og biður þjóðin eftir að heyra um hvað sá flokkur á að snúast. Sagði hann í reglulegu ávarpi á samfélagsmiðlum að honum hefði verið boðið í þátt Gísla Marteins. Umræðuefnið á að vera forsetakosningarnar í Bandaríkjunum. Gúndi sagði að hann hefði hafnað boðinu því hann vildi ekki láta niðurlægja sig, sem vekur spurningar. Á þessum tíma þurfum við sárlega á skemmtilegu sjónvarpsefni að halda og er því full ástæða til að skora á Gúnda að endurskoða afstöðu sína.

Lausnin blasir við
Matvælastofnun brýndi í gær fyrir okkur að óheimilt sé að dreifa kjöti úr heimaslátrun eða selja það til annarra. Kjöti sem dreifa á til annarra skuli slátrað í slátruhúsum með starfsleyfi. Þetta er góð brýning til þeirra sem skjóta fiðurfé á fjöllum og engjum og ganga til hreindýra. Sumt af þessu kjöti má reyndar ekki selja en ef ske kynni að öðrum gegn vægu gjaldi væri betra að fanga dýrin tryggilega og leida í slátruhús til löglegrar slátrunar, snyrtingar og pökkunar. Eða kannski er bara best að við öll verðum vegan.

Morgunmatur fyrir sannar jafnréttisstjórnur?



Andrea Róbertsdóttir
framkvæmdastjóri FKA



Jafnrétti er ákvörðun og það veit fólk sem hefur unnið með stjórnendum með einbeittan jafnréttisvilja í atvinnulíf-inu.

Hæ hæ þorgerður, á ég eftir að endurræsa tölvuna eða hefur staðan í jafnréttismálum ekkert breyst síðan ég kláraði kynjafræðina í Háskólanum? Ég var nýverið að spjalla við Dr. Þorgerði Einarsdóttur prófessor og leiðbeinanda minn í kynjafræðinni. „Ofurkonan – þversagnakennt hugtak í karlægum heimi“ var yfirskrift ritgerðarinnar þarna um aldamótin og svo sit ég öllum þessum árum síðar að taka sama skítinn á kassann. Korter í bugun? Nei, þetta mótlæti eflir mig. Sönn saga.

Auðvitað er hringborð ekki hringlaga

Það eru engin Kvikk-fix þegar kemur að jafnréttinu en á mánuðaginn boðar Félag kvenna í atvinnulífínu, FKA, og OR til morgunfundarins Loftum út – Orkuskiptin í fundarherbergjunum, þar sem aðilar úr framlínu íslensks viðskiptalífs tylla sér við hringborð atvinnulífsins, miðla jafnréttisvinnu og ræða hugmyndir. Hringborð, auðvitað er hringborð ekki hringlaga á tímum COVID og fundurinn rafrænn og öllum opin. Það eina sem er öruggt eru breytingar. Jól í júní og allt í steik! Jú það má lita á það þannig en má líka þakka fyrir margt hér á Íslandi. Það eru tækifæri til að vera alvöru hreyfiafl, gera jafnréttið notendavænna, koma í veg fyrir stöðnun, bakslag og tryggja jafnrétti í víðasta skilningi orðsins.

Jafnrétti er ákvörðun!

„Jafnrétti er ákvörðun!“ er yfirskrift hreyfiaflsverkefnis FKA. Það veit fólk sem hefur unnið með stjórnendum með einbeittan jafnréttisvilja í atvinnulíf-inu. Ég þekki það frá fyrstu hendi því ég hef unnið með rökum og afdráttarlausum stjórnendum er kemur að jafnréttinu. Magnús Geir Þórðarson Þjóðleikhúsleikstjóri er gott dæmi. Svo þekki ég til Árna Odds forstjóra Marel og bróður Magnúsar Geirs. Því vil ég fá að vita, Þórður Magnússon og Marta María Oddsdóttir, hvað fengu synir ykkar Magnús Geir og Árni Oddur í morgunmat þegar þeir voru litlir?

Fögnuður hryllingsins

Í DAG



Guðmundur Steingrímsson

Það er eitthvað skemmtilegt við það hversu auðvelt það er að búa til kórónuveiru úr graskerum nú þegar hrekkjavaka er að ganga í garð. Einungis þarf að brjóta niður nokkra grillþrjóna og stinga þeim í graskerið, og setja á þá smátómata eða vínber, og veiran er komin ljóslifandi. Appelsínugulur bolti með rauðum, rúnuðum broddum. Ógn okkar tíma. Einnig ætti að vera til-tölulega auðvelt, sé maður í studu, að búa til búning sem er eins og veiran. Hægt er að kaupa stóra glæra búbbu á Amazon, líkt og notuð er í búbbubolta, og setja á hana brodda. Þessi búningur er einnig fyrirtaks smitvörn og gæti því þjónað tilgangi sem slíkur það sem eftir lifir árs og vel fram á vor.

Það er orðið tæpt að kaupa svona fyrir hrekkjavöku á morgun, og óvíst er hvort nokkur hafi húmor fyrir þessu á næsta ári, og ef það reynist ókleift að búa til svona búbbu einhvern veginn sjálfur í bílskúrnum, þá má auðvitað hugsa sér aðrar leiðir til að tengja hræðilegt ástand vorra tíma við hrekkjavökuna í ár. Hægt er að setja graskerið einfaldlega á hausinn á sér og vera þannig með kórónuveiruhaus. Með fjögurra metra planku á öxl getur maður verið físið birtingarmynd tveggja metra reglunnar, og jafnframt endurspeglad manneskju undir oki samkomubanns. Í lögreglubúningi er maður Víðir. Með jólasveina-skegg og í gallaskyrta Kári Stefánsson.

Kjösi maður í ofanálæg að hræða enn frekar úr fólki líftórana á hrekkjavöku í ár, eru fjölmargar leiðir í boði: Hnerra, hósta, halda partí, heilsa með handabandi og faðma innilega. Svo fátt eitt sé nefnt.

En slíkt væri auðvitað ábyrðarleysi. Sú áhuga-verða staða er komin upp á þessum sérkennilegu tímum að sjálf hrekkjavaka, fögnuður hryllingsins og óværunnar, verður að lúta í gras fyrir þeirri staðreynd að heimurinn er orðinn of hræðilegur. Það að börn hlaupi hús úr húsi og sníki nammi er of hræðilegt til að slíkt megi eiga sér stað. Í ár verða litlu skrímslin að láta nægja að ganga með millibili, helst með foreldrum sínum, og horfa á húsinn og á hvert annað úr fjarlægð og mögulega kannski fá nammi — og alls ekki nammi úr opnum nammibanka — heima hjá sér á eftir. Tímarnir hafa toppað sjálfa hrekkjavöku. Þeir eru hræðilegri en hún. Þeir eru hún.

Það er eitthvað skemmtilega skáldlegt við þetta. Hrekkjavaka ku eiga upphaf sitt að rekja til keltneskra hátíðarhalda. Þess var minnst að uppskerutíma væri lokið og að vetur og myrkur myndi taka við. Því var trú að við upphaf veturs færðist veröldin nær handanheimum og alls kyns verur ættu auðveldara með að fara á stjá. Þessum auknu tengslum við myrkrið, hið óútskýrða og hryllilega, hefur í stigvaxandi mæli verið fagnað — eins þversagnarkennt og það kann að hljóma — með því að efna til samfélagslegrar samkeppni í hryllingi þann 31. október ár hvert.

En nú hefur semsagt veröldin toppað ímyndun-arafl okkar og hinar hversdagslegustu athafnanir eru orðnar raunverulega hræðilegar. Léttúðugt daður mannfólksins við hryllingssögur á ótal hrekkjavökum bita okkur núna í afturendann. Vildum við hrylling? Hér er hann. Fréttir segja okkur að nú sé veiran — ígildi óværunna í keltnesku hefðunum — að fara á enn meira stjá og að hún sé enn meira smitandi en áður. Til þess að toppa B-mynda hryllingsveruleikann eru allir með grimur.

Fólk er að lenda í þessu: Einkenni okkar tíma er það, að veruleikinn hefur í sívaxandi mæli yfirkeyrt hæfileika mannsins til þess að ímynda sér. Nýjasta mynd Borats er dæmi um þetta. Í fyrri myndinni fyrir nokkrum árum var Borat furðulegur. Nú er veruleikinn furðulegri en hann.

Maður veit svei mér ekki við hverju á að búast lengur. Verður hver og einn ekki einfaldlega að leita leiða til þess að hafa á einhvern hátt gaman af þessu einkenni okkar tíma, að finna í brjósti sínu auðmjúka spennu gagnvart því hvað veröldin ætlar að bjóða okkur dauðlegum upp á næst? Margar fyrirsagnir eru þannig að maður er hættur að búast við því að ímyndunaraflíð geti hér eftir toppað nokkuð sem raunverulega gerist. Sem þýðir auðvitað að allt getur gerst á hrekkjavöku á morgun ekki satt?

Það er gaman. Kannski sjáum við fyrirsagnir eins og þessar: „Hönd kom uppúr gröf.“ „Hrumur maður snéri höfði sínu í heilan hring á náttfötunum fyrir utan elliheimilið Grund á miðnætti.“ „Andsetið barn þuldi heimsendaspádóm.“ „Draugar tóku yfir Alþingi.“ „Risaköngulær klifruðu upp Turninn.“ „Lúsifer er kominn.“

Og vegna þess að við erum orðin svo sterk við að upplifa þessa tíma sem við lifum mun viðbragð okkar allra verða þetta:

Skítt og laggó.

Bacoban

Langtíma yfirborðsmeðferð gegn covid

-Veirufritt í 7 daga

Við mætum á staðinn og berum veiruvörn á.

Hægt að panta vikulega heimsókn og hreinsanir framyfir áramót

PROTAK

Protak ehf • 853 1627 • s.692 7909 • www.virusvarnir.is

Álagningu opinberra gjalda á lögaðila árið 2020 er lokið

Álagningu tekjuskatts 2020 á lögaðila sem skattskyldir eru samkvæmt I. kafla, sbr. og 4. mgr. 71. gr., sem og álagningu annarra opinberra gjalda lögaðila sem lögð skulu á vegna tekjuársins 2019 skv. VIII.-XIV. kafla laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, er lokið.

Álagningarseðlar eru nú aðgengilegir á þjónustuvef Skattsins á www.skattur.is.

Með vísan til ákvæðis til bráðabirgða LXVI með lögum nr. 37/2020 verður álagningarskrá lögaðila ekki lögð fram á árinu 2020. Framlagning skattskrár á árinu 2021 vegna álagningar á tekjur lögaðila á árinu 2019 verður auglýst síðar.

Kærufresti vegna álagningar þeirra skatta og gjalda, sem álagning þessi tekur til, lýkur föstudaginn 30. nóvember 2020.

Auglýsing þessi er birt, sbr. 98. gr. framangreindra laga.

Skatturinn



skatturinn@skatturinn.is



442 1000

Upplýsingaver opið:
Mán.-fim. 9:00-15:30
Fös. 9:00-14:00

job
Finnum draumastarfið saman

Erum við að leita að þér?



Frelsi og færni til umönnunar barna



Linda Hængisdóttir framhalds-skólakennari og MA í kynjafræði

Nú stendur til að breyta lögum um fæðingarorlof og hefur frumvarpið vakið upp margar spurningar. Margir velta því fyrir sér hvort ekki sé bara best að foreldrar fái að ráða því sjálfir hvernig orlofinu sé skipt, því þannig sé tryggt að þeir njóti ákveðins frelsis til að ráðstafa tímanum eins og þeim hentar. Gagnrýni á eyrnamerkingu orlofsins til foreldra hefur heyrst víða og talað er um skerðingu á frelsi og jafnvel forræðishyggju í því sambandi.

Vissulega eru mörg sjónarhorn á málinu og ýmis gleraugu er hægt að setja upp þegar lagabreytingin er skoðuð. Ein gleraugun sem við getum sett upp tengjast svokallaðri Færniálgun (e. Capability approach) en henni hafa stofnanir Sameinuðu þjóðanna og fleiri unnið út frá í vinnu að velferð og jafnrétti um langt skeið. Almennt er hægt að fullyrða að nálgunin og hugtök hennar hafi reynst mjög gagnleg þegar kemur að því að móta stefnur og ákveða hvernig best sé að gera hlutina.

En hvað er það sem við sjáum þegar við setjum upp gleraugu Færniálgunarinnar og hvað sýnir hún þegar lagabreytingin er skoðuð með tilliti til jafnrétti kynjanna?

Í stuttu máli þá byggir Færniálgunin á spurningunni: hvað getum við gert og hvað getum við orðið? og kenningunni er færni skilgreind sem svarið við spurningunni. Færnin segir til um hvaða frelsi og möguleika við höfum til að gera það sem við teljum vera mikilvægt, t.d. að taka fæðingarorlof, og hefur pólitískt, félagslegt og efnahagslegt umhverfi áhrif á færni.

Lög um fæðingarorlof veita fólki frelsi og möguleika á að vera heima og sinna barni og þannig tryggja lögin fólki ákveðna færni. Mikilvægt er að færni fólks sé jöfn, annars er ekki hægt að tala um að frelsið sé jafnt. Skipting orlofsins milli foreldra tryggir að báðir aðilar hafi jafna færni og frelsi. Ekki er ásætlanlegt að yfirfæra færni annars aðilans yfir á hinn því þá verður færnin ójöfn og frelsið líka.

Frelsið er hér lykilatriði og á það sér ýmsar birtingamyndir í samfélögum. Sem dæmi um pólitískt frelsi eru borgarleg réttindi eins og kosningaréttur. Færni á að kjósa er tryggð hverjum og einum borgara og ekki er hægt að yfirfæra réttinn yfir á aðra þ.e. hver og einn getur ráðið hvort hann kys eða ekki (frelsi) og má bara kjósa einu sinni í hverjum kosningum. Við yfirfærslu á annan aðila tapast færni og um leið frelsi. Þetta skilja allir sem búa í lýðræðisríki.

Það sama ætti að gilda um fæðingarorlofið. Sú færni sem tryggja á hverjum og einum til að sinna barni ætti ekki að vera hægt að yfirfæra á aðra manneskju, ekki frekar en kosningarétt. Það eykur ekki frelsi fólks að láta aðila ráða því sjálfa hversu marga mánuði hver tekur, heldur þvert á móti. Þannig gæti færni og um leið frelsi annars aðilans minnkað og hins aðilans að sama skapi aukist. Ekki er hægt að skoða frelsi sem einhvern pott sem hægt er að ausa úr að vild, allt eftir því hversu mikið hvern og einn langar að fá úr pottinum, heldur eru þetta grunnréttindi sem eru persónubundin.

Nálgunin hefur það að markmiði að jafna færni og um leið frelsi fólks og ný lög um fæðingarorlof tryggja foreldrum að mestu leiti jafna færni þegar kemur að því að sinna ungum börnum. Feður hafa

lögum búið við skerta færni þegar kemur að umönnun ungra barna vegna fyrirvinnuhlutverks sem þeir eru oft fastir í og konur hafa verið að sama skapi fastar í umönnunarhlutverkinu. Með lögnum er ennfremur verið að stuðla að því að barnið búi yfir þeim möguleika þ.e. færni að umgangast báða foreldra sína til jafns á fyrsta æviskeiði þess og þannig stuðla þau einnig að þeim möguleika barnsins að byggja upp góð framtíðartengsl við báða for-



Eigi lögin að stuðla að jafnrétti kynjanna, þá þurfum við að tryggja færni beggja foreldra og þá er rökrétt að orlofsrétturinn sé ekki yfirfæranlegur að vild.

eldrana. Lögin snúast því ekki einungis um þann tíma sem foreldrar eru í sjálfu fæðingarorlofinu heldur einnig um framtíðartengsl; ekki eingöngu um jafnrétti kynjanna heldur rétt barnsins til jafna möguleika og þar með frelsis til tengsla við báða foreldra.

Út frá Færniálguninni er hægt að fullyrða að lögin séu framfaraskref því þau kallast vel á við það sem Færniálgunin stendur fyrir. Eigi lögin að stuðla að jafnrétti

kynjanna, þá þurfum við að tryggja færni beggja foreldra og þá er rökrétt að orlofsrétturinn sé ekki yfirfæranlegur að vild. Sé orlofsrétturinn gefinn alveg frjálst, þá erum við í raun ekki að stuðla að jafnrétti kynjanna, heldur einungis að tryggja barninu ákveðna færni að vera í umsjá foreldris í ákveðinn tíma. Við getum vissulega gert það en á sama tíma getum við ekki haldið því fram að verið sé að stuðla að jafnrétti kynjanna og að tryggja frelsi.

ÁGENG OG BEITT

„Bróðir er margbrotið samtímaverk sem tekur á stórum spurningum ...“


RAGNHEIÐUR BIRGISDÓTTIR / MORGUNBLAÐIÐ

„Hörkuspennandi og einstaklega vel byggð bók.“

JAKOB BJARNAR / VISIR.IS

„Absólút besta bók Halldórs.“

GÍSLI MARTEINN / MORGUNKAFFIÐ



Mögnuð saga eftir Halldór Armand um fólk sem hagar sér eins og skepnur.

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla virka daga 10–18 | laugardaga 11–16 | www.forlagid.is

Tungumál og þekking – íslenska sem annað tungumál



Sigríður Ólafsdóttir
lektor á Menntavísindasviði Háskóla Íslands

Síðustu áratugi hafa rannsóknir aukið verulega þekkingu okkar á þróun málþroska barna. Endurteknar rannsóknir hafa gefið niðurstöður sem hafa sterkan samhljóð. Þekking á þessu sviði er orðin traust og mikilvægt er að styðjast við hana þegar kennslu-hættir eru þróaðir.

Málþroski og þátttaka í viðfangsefnum skólans eru samofin. Þegar nemendur auka þekkingu sína t.d. í stærðfræði og náttúruvísindum eflist færni þeirra í tungumálinu jafnóðum.

Tökum sem dæmi jarðskjálfta, börn verða forvitin: Hvað er þetta, af hverju gerist þetta og er þetta hættulegt? Mikilvægt er kennarar nýti sér forvitnina og áhugann. Þeir miðla þekkingu til barnanna á þann hátt að þau skilji og ræða málin. Börnin spyrja og kennarar svara, innihaldsrík samtöl eiga sér stað. Börnin læra orð sem tengjast jarðskjálftum, jarðskjálftavirkni



og eftirskjálftar, og orð sem nauðsynlegt er að nota þegar kafað er djúpt í umfjöllunarefnið, orsakir og framvinda. Umræður ná til fortíðar og framtíðar, sem kallar á flóknari notkun tungumálsins, málfræði og setningamyndun. Hæfni til að nota tungumál á þennan hátt kallast grundvallarfræðni í námstengdu tungumáli (e. core academic language skills). Komið hefur í ljós að börn sem fá svo ríkulega fræðslu og samhlíða málörvun byggja sterkan

grunn fyrir nám um alla framtíð.

Börn í íslensku skólakerfi sem nota ekki íslensku með fjölskyldu sinni þurfa að fá tækifæri til að fást við umfjöllun af þessu tagi í skólanum, á íslensku. Íslenskan er þeirra annað tungumál sem þau efla samhliða sívaxandi þekkingu. Markmið kennsluhátta eru að börnin geti tekið virkan þátt í skólastarfi í leik- og grunnskóla. Virk þátttaka í skólastarfi er jafnframt leið til að efla íslenskuna.

Börn eru á mismunandi aldri þegar þau byrja að læra íslensku sem annað tungumál.

Börn sem eru fædd hér eða koma ung til landsins hafa alla möguleika til að þróa færni í íslensku jafnt og þétt í skólastarfi. Fyrstu ár ævinnar eru þau á máltökuskeiði og þegar þau byrja í leikskóla er grundvallaratriði að þau myndi náin tengsl við starfsfólk skólans. Þau læra íslensku best í gegnum gagnkvæm tjáskipti í öruggum aðstæðum þar

sem þau þora að spyrja spurninga og tjá sig. Með innihaldsríkum samræðum á íslensku er lagður grunnur að farsælli námsframvindu þeirra í íslenskum skólum. Allt snýst þetta um í hvaða mæli börnin fá tækifæri til að nota íslensku í gegnum viðfangsefni námsins.

Þegar börn flytja til Íslands þegar þau eru eldri koma þau með þekkingu í móðurmálinu og ýmsum námsgreinum, þó í mismiklum mæli, allt eftir aldri og því hve innihaldsríkt málumhverfi þeirra hefur verið. Þá er nauðsynlegt að mæta þeim þar sem þau eru stödd. Þau þurfa að sækja þekkingu sem þau öðluðust í gegnum móðurmálið og tengja við íslensku. Á meðan þau eru að ná tökum á íslenskunni er mikilvægt að líta til styrkleika þeirra og leyfa þeim að njóta sín, en einblína ekki eingöngu á litla íslenskufærni. Námsgleði næst þó fyrst og fremst með því að þau taki reglulegum framförum í íslensku og verði virk í námsamfélagi með jafnöldrum.

Markmið með stuðningi og kennsluháttum með nemendum sem eiga íslensku sem annað tungumál er að þau verði virkir námsmenn, auki þekkingu sína og íslenskufærni stöðugt þannig að þau geti nýtt sér námstækifæri sem bjóðast í íslensku skólakerfi.

Umskiptingur Vinstri grænna



Bolli Héðinsson
hagfræðingur

samstaða um auðlindaákvæðið. 2020 hafa Vinstri græn snúið við blaðinu og leita nú samstöðu með þeim sem þeir áður stóðu gegn. Eðlilega er spurt hví Vinstri græn séu svo gjörsamlega heillum horfin og gengin í björg þeirra sem ganga erinda stórútgæðarinnar.

Á meðfylgjandi samanburðartöflu má sjá hvernig orðalag auðlindaákvæðisins var 2013 þegar Vinstri græn komu að gerð þess. Þar er talað um að þeir sem hagnýti auðlindir greiði eðlilegt gjald til höflegs tíma í senn, það leiði aldrei til eignaréttar eða óafturkræfs forræðis og hagnýtingin skuli vera á jafnræðisgrundvelli. – Það orðalag sem Vinstri græn leggja til núna er aftur á móti eins og sniðið að þörfum þeirra sem nú hagnýta auðlindir landsins gegn málamyndagjaldi. Allt og sumt sem þar er sagt um gjalddöku er að hún skuli ákvörðuð með lögum og gætt að jafnræði og gagnsæi. Það orðalag þýðir að gjalddtaka fyrir afnot af auðlind í eigu þjóðarinnar, fiskimiðunum, verður aldrei nema á forsendum stórútgæðar-

Einn morgun þegar Gregor Samsa vaknaði heima í rúmi sínu eftir órólegar draumfarir, hafði hann breyst í risavaxna bjöllu“ eru ein frægustu upphafsorð heimsbókmenntanna, upphafsorð Umskiptanna eftir Kafka. Viss líkandi má sjá með Vinstri grænum og Gregor Samsa þegar þau vöknudu upp daginn eftir kosningar, allt annar flokkur heldur en þau höfðu gefið sig út fyrir fram á kjördag. Þessi umskipti Vinstri grænna sjást víða og eru sláandi í afstöðu þeirra til auðlindaákvæðis stjórnarskránnar.

Vinstri græn stóðu að auðlinda-tillögu allra stjórnmálaflokka, nema Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks árið 2013, þegar náðist breið

Tillögur að auðlindaákvæði í stjórnarskrá

Tillaga stjórnlagaráðs (SLR) 2011	Tillaga SLR með breytingum 2013	Tillaga forsætisráðherra 2020
	(Breytingar í meðförum Alþingis, sem samstaða varð um, Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur á móti)	
Auðlindir í náttúru Íslands, sem ekki eru í einkaeigu, eru sameiginlegar og ævarandi eign þjóðarinnar.	Auðlindir í náttúru Íslands sem ekki eru háðar einka-eignarétti eru sameiginleg og ævarandi eign þjóðarinnar.	Auðlindir náttúru Íslands tilheyra íslensku þjóðinni.
Stjórnvöld bera, ásamt þeim sem nýta auðlindirnar, ábyrgð á vernd þeirra. Stjórnvöld geta á grundvelli laga veitt leyfi til afnota eða hagnýtingar auðlinda eða annarra takmarkaðra almannagæða, <u>gegn fullu gjaldi</u> og til tiltekins höflegs tíma í senn. Slík leyfi skal veita á jafnræðisgrundvelli og þau leiða aldrei til eignaréttar eða óafturkræfanlegst forræðis yfir þeim.	Stjórnvöld bera, ásamt þeim sem nýta auðlindirnar, ábyrgð á vernd þeirra. Stjórnvöld geta á grundvelli laga veitt leyfi til afnota eða hagnýtingar auðlinda eða annarra takmarkaðra almannagæða, <u>gegn eðlilegu gjaldi</u> og til tiltekins höflegs tíma í senn. Slík leyfi skal veita á jafnræðisgrundvelli og þau leiða aldrei til eignaréttar eða óafturkræfanlegst forræðis yfir þeim.	Veiting heimilda til nýtingar á náttúruauðlindum og landsréttindum sem eru í þjóðareign eða eigu íslenskra ríkisins skal grundvallast á lögum og gæta skal jafnræðis og gagnsæis. <u>Með lögum skal kveða á um gjalddöku</u> fyrir heimildir til nýtingar í ábataskyni.

innar. Í núverandi lagaumhverfi og skorti á stjórnarskrárákvæði um auðlindir er orðalagið sem Vinstri græn leggja til, beinlínis til þess fallið að festa í sessi óbreytt ástand, og því merkingarlaust til að tryggja raunverulegt eignarhald þjóðarinnar á auðlindum sínum.

Samræður í skötulíki

Þegar efnt var til „samráðs“ með samtali við þjóðina um stjórnarskrármál, að frumkvæði núverandi

ríkisstjórnar, þá var það með þeim eindæmum að auðlindaákvæðið var undanskilið en það er það ákvæði sem líklegast er að þjóðin hafi mótað sér skoðun á. Samtökin þjóðareign beindu því til Alþingis að samhliða forsetakosningunum í sumar yrði þjóðin spurð hvaða orðalag þjóðin vildi hafa á auðlindaákvæði stjórnarskránnar. Þeirri málaleitan sáu stjórnvöld ekki ástæðu til að svara.

Þjóðin hlýtur að spyrja sig hvort Vinstri græn ætli raunverulega að

standa fyrir auðlindaákvæði til að þóknast Sjálfstæðisflokk og Framsóknarflokki og hugsanlega bera því við að annars styðji Miðflokkurinn annað óhagstæðara orðalag sem er þeim flokkum þóknalegt? Þá má líka velja því upp hvort Miðflokkurinn leggi í kosningabaráttu nýbúinn að afhenda stórútgæðinni fiskveiðiauðlindina á silfurfat. Við vitum að það vefst ekki fyrir Sjálfstæðisflokk og Framsóknarflokk en mun Miðflokkurinn leggja í það svo stuttu fyrir kosningar?

600 klst

TALSETT BARNAEFNI

AÐEINS **3.990 kr./mán**

Tryggðu þér skemmtilegri vetur á stod2.is

JÓL

FÖSTUDAGUR 30. OKTÓBER 2020

Ísland láttu það ganga

**EINSTAKT
KOLLAGEN
RAKAKREM**

**GEFUR GÓÐA
NÆRINGU OG
MIKINN RAKA**



Fæst í betri apótekum, Heilsuver,
www.lyfja.is og www.heilsanheim.is



Benedikt hlakkar til hvers dags í Jólagarðinum þar sem allt sem skapað er byggir á persónulegum minningum fjölskyldunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Hver dagur er ævintýri

Jólagarðurinn í Eyjafirði er köllun Benedikts Inga Grétarssonar. Hann segir Óskabrunn ófæddra barna virka og velvilja Íslendinga hitta sig í hjartastað. ➔

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

FÖSTUDAGUR 30. OKTÓBER 2020



Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra segir að heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna hafi nýst vel í allri stefnuvinnu forsætisráðuneytisins. Markmiðin eru margþætt. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Leiðarvísir að betra samfélagi

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun voru samþykkt af fulltrúum allra aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna í september árið 2015. Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra telur vinnuna við heimsmarkmiðin vera jákvæða og lærdómsríka þróun. Markmiðin eru sautján. ➔2



Katrín stendur hér fyrir utan Stjórnarráðshúsið. Hún segir að það felist miklar áskoranir fyrir Íslendinga í heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Framhald af forsiðu →

Elin
Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Áðalsmerki heimsmarkmiðanna eru algild og hafa aðildarríkin skuldbundið sig til þess að vinna skipulega að innleiðingu þeirra bæði á innlendum og erlendum vettvangi út gildistíma þeirra árið 2030. „Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna eru ætluð öllum. Stundum teljum við Íslendingar að hér sé allt í góðu standi og við þurfum því ekkert að hugsa út í þessi mál. Ég hef viljað líta á markmiðin sem leiðarljós fyrir ríki heims. Verkefni eru ólík: að tryggja öllum menntun, draga úr losun gróðurhúsáhrifa og mörg önnur mikilvæg viðfangsefni. Þótt þjóðirnar séu kannski staddir á mismunandi stað í hverju og einu samfélagi þá erum við öll að glíma við sömu verkefni,“ segir Katrín. „Þess vegna finnst mér þetta góður leiðarvísir.“

Skiptir alla máli

Katrín segir að markmiðin hafi mikla þýðingu fyrir íslenskt samfélag. „Við getum nefnt sjálfbæra orku en við erum ekki komin þangað þó að við höfum stigið stór skref í þá átt, við erum enn að nota óendurnýjanlega orkugjafa. Þetta er markmið sem varða okkur öll í nútíma samfélagi þar sem við erum þegar farin að sjá afleiðingar loftslagsbreytinga á vistkerfið okkar. Við erum í kapphlaupi við tímann til að snúa þessari þróun við og ábyrgð okkar er mikil gagnvart komandi kynslóðum. Markmiðin eru leiðarvísir í átt að sjálfbærni; þau snúast um jafnvægi milli efnahags, samfélags og umhverfis,“ útskýrir Katrín.

Hún bætir við að það sé heilmikill áhugi meðal Íslendinga á markmiðunum. „Ég hef fundið mikinn áhuga frá sveitarfélögum, atvinnulífinu og ekki síst unga fólkinu. Ég

HEIMSMARKMIÐ Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun



hef tekið eftir því að við Íslendingar virðumst mjög meðvituð um þetta verkefni í alþjóðlegum samamburði. Við gerðum könnun hér á landi í ár þar sem kom fram að um 80% svarenda höfðu heyrt um heimsmarkmiðin. Árið 2017 höfðu 40% svarenda heyrt um þau. Ég tel því að við höfum náð árangri í því að efla vitund fólks. Það er unnið eftir sautján markmiðum SP og við stöndum vel gagnvart ýmsum þeirra. Ég get nefnt félagslegu markmiðin og að Ísland hefur oft verið valið fríðsamasta land í heimi. Eitt af markmiðunum er fríður og réttlæti. Ísland þykir sömuleiðis standa sig vel í jafnrétti kynjanna miðað við önnur lönd. Samt vitum við Íslendingar að enn er langt í land með að ná því markmiði. Síðan eru stórar áskoranir eins og umhverfis- og loftslagsmál,“ segir Katrín og leggur áherslu á að á sviði umhverfismála séu margar krefjandi áskoranir varðandi loftslagsvána. „Við höfum sett í gang mjög metnaðarfulla aðgerðaáætlun í loftslagsmálum sem ég hef mikla trú á,“ segir hún.

„Við getum nefnt lífið í vatni. Þessi þjóð reidir sig mikið á sjávarútveg og fiskveiðar. Við erum að sjá áhrif loftslagsbreytinga á hafid með aukinni súrnun sjávar. Það eru því ýmis mál þar sem stórar áskoranir eru fram undan.“

Stór og mikilvæg markmið

Markmiðin eru margþætt og má þar nefna barnavernd, fátækt, heilsu og menntun fyrir alla. „Þetta eru allt stór og viðtæk félagsleg markmið. Við höfum gert mjög margt á undanföllum árum hvað varðar kynferðislegt ofbeldi með því að fullgilda Ístanbul-samninginn, samþykkja forvarnaáætlun gegn kynbundu og kynferðislegu ofbeldi og áreitni, samþykkja ný lög um kynrænt sjálfræði og það eru væntanleg mikilvæg frumvörp á þingið sem snúast um umsáturs-einelti og kynferðislega fríðhelgi. Auk þess var ég að leggja fram frumvörp um endurskoðun jafnréttislaga ásamt öðrum réttindamálum. Við erum alltaf í gangi með ný verkefni til að ná betri árangri.“

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

markmiðunum óbeint. Til að meta árangur þurfum við að vinna eftir ákveðnum mælikvörðum. Ísland stendur sig því ágætlega í mjög mörgum heimsmarkmiðum.“

Katrín bendir á að markmiðunum sé fylgt eftir af Sameinuðu þjóðunum. „Við mætum á fundi í New York í fyrra til að kynna innleiðingu okkar markmiða. Slíkar kynningar verða haldnar þrisvar á meðan á gildistímanum stendur. Það er því ákveðið aðhald sem SP veitir þótt markmiðin séu ekki lagalega bindandi. Mér finnst frábært hvað ungt fólk hefur verið virkt í þessu starfi en það vinnur í sérstöku ungmennaráði og stóð sig frábærlega við að útskýra sín mál á fundinum í New York,“ segir hún.

Norðæn áskorun

„Ein stærsta áskorunin fyrir öll Norðurlöndin er ábyrg og sjálfbær neysla og framleiðsla því eins og við vitum þá fylgir mikil neysla velmegandi nútímasamfélögum. Áskorunin er að innleiða það sem við höfum kallað hringrásar-hagkerfi; að koma í veg fyrir að auðlindir verði að úrgangi. Þetta er reglulega rætt á norrænum vettvangi.“

Þegar Katrín er spurð hvort eitthvað hafi komið henni á óvart, svarar hún: „Það sem hefur komið mér skemmtilega á óvart er hversu atvinnulífið hefur komið sterkt inn í þessa vinnu. Mörg fyrirtæki hafa verið að setja sér stefnu út frá heimsmarkmiðunum. Ef við ætlum að ná góðum árangri þá þurfa allir að tileinka sér markmiðin. Þetta gerist ekki sjálfkrafa í einhverjum ráðuneytum. Markmiðin eru nýtt í allri stefnuvinnu í forsætisráðuneytinu og hafa nýst vel. Þetta er gefandi verkefni og markmiðin eru góð tæki til að móta stefnu. Þar sem markmiðin snúast um samþættingu efnahags, samfélags og umhverfis snerta þau mjög marga þætti samfélagsins. Þetta ferli hefur því verið afar jákvætt og lærdómsríkt fyrir okkur Íslendinga.“

Vinnum að heimsmarkmiðunum

EFLA hefur umhverfismál, sjálfbærni og nýsköpun að leiðarljósi, bæði innan fyrirtækisins og einnig þegar kemur að þjónustu við viðskiptavinum og hefur hlotið viðurkenningar fyrir störf sín.

EFLA er alhliða verkfræði- og ráðgjafarfyrirtæki sem hefur umhverfismál og samfélagslega ábyrgð í öndvegi og er í hópi brautryðjenda á því sviði hérlendis. „Við hjá EFLU leggjum mikinn metnað í að vinna öll verkefni með umhverfismálin í huga. EFLA er með vottaða umhverfisstjórnun, sem þýðir að við lágmörkum umhverfisáhrif í okkar eigin rekstri. Við aðstoðum aðra við að taka á sínum umhverfismálum og getum haft viðtæk áhrif út í samfélagið. Við sinnum til dæmis verkefnastjórnun og ráðgjöf fyrir sveitarfélög, fyrirtæki og stofnanir og komum að um þrjú þúsund verkefnum á ári,“ segir Helga Jóhanna Bjarnadóttir, efna- og umhverfisverkfræðingur og sviðsstjóri samfélagssviðs EFLU. Í vor hlaut EFLA Kuðunginn, umhverfisviðurkenningu umhverfis- og auðlindaráðuneytisins fyrir framúrskarandi starf að umhverfismálum og á síðasta ári hlaut EFLA loftslagsviðurkenningu Reykjavíkur.

Heimsmarkmiðin kortlögð

„Metnaður okkar liggur í að bæði við og okkar viðskiptavinir geri enn betur í samfélagslegri ábyrgð og umhverfismálum. Við höfum kortlagt heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og dregið fram þau markmið sem við viljum vinna sérstaklega að. Í þeirri vinnu kom í ljós að okkar ráðgjöf tengist inn á flest heimsmarkmiðanna. Núna leggjum við mikla áherslu á nýsköpun og uppbyggingu, en það eru lykilþættir í allri framþróun í umhverfismálum og samfélagslegri ábyrgð. Við vinnum einnig mikið með ellefta heimsmarkmiðið, sem fjallar um sjálfbærar borgir og samfélög. Þar er áhersla lögð á vistvænar samgöngur, vistvænt skipulag, vistvæna hönnun bygginga, frárennismál, úrgangsmál og hringrásarhagkerfið, auk sjálfbærrar orku og aðgerða í loftslagsmálum,“ segir Helga en EFLA kemur að rammaskipulagi Viðisstaðalands í Gardabæ þar sem ofantalið er í forgrunni.

Þegar á hönnunarstigi er mikilvægt að huga að þessum málum, hvort sem um er að ræða hönnun hluta, bygginga, vega eða skipulags. „Hönnun þarf að vera þannig að efni, landrými og auðlindir séu vel nýtt og dregið sé úr úrgangsmyndun ásamt því að auka endurvinnslu og endurnýtingu. Í allri hönnun skiptir máli að huga að þessu snemma í ferlinu því erfitt er að bæta fyrir eitthvað eftir á,“ segir Helga, en EFLA vinnur að slíkri nálgun með sínum viðskiptavinum svo þeir geti orðið umhverfisvænni og sjálfbærari.

Kolefnislaust Ísland 2040

Þá nefnir Helga að loftslagsmálin hafi aldrei verið mikilvægari. „Markmið Íslands er að vera kolefnislaust árið 2040 og ætluin er að standa við Parísarsáttmálan. Allir þurfa að leggja hönd á plög til að svo megi verða; sveitarfélög, fyrirtæki og stofnanir. Við höfum lengi aðstoðað fyrirtæki og stofnanir við að innleiða umhverfisstjórnun. EFLA hefur meðal annars unnið með Reykjavík og reiknað út kolefnisspor borgarinnar og vinnur núna að því sama fyrir Vestmannaeyjabæ, en það er liður í að finna út hvar kolefnislausunin er og hvað hægt er að gera til að minnka hana. Heimsmarkmiðin fléttast inn í þessa vinnu og eru líka góður rammi til að vinna út frá,“ segir Helga.



„Við höfum kortlagt heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og dregið fram þau markmið sem við viljum vinna sérstaklega að,“ segir Helga Jóhanna Bjarnadóttir, sviðsstjóri samfélagssviðs EFLU. „Núna leggjum við mikla áherslu á nýsköpun og uppbyggingu sem eru lykilþættir í allri þróun.“ FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



EFLA hefur unnið að landtengingu við rafmagn fyrir skip í höfn.



EFLA er núverandi handhafi Kuðungsins, sem er umhverfisviðurkenning umhverfis- og auðlindaráðuneytisins og var veitt fyrir á þessu ári.

Hún leggur áherslu á að mikilvægt sé að fara úr því sem kallast linulegt hagkerfi yfir í hringrásarhagkerfi. „Við þurfum að hætta að framleiða, nota, menga og henda og fara yfir í að endurnota, gera við, endurvinna og samnýta. Eftirspurn eftir grænum vörum og þjónustu hefur aukist og í auknum mæli verður fjármagni beint í grænar fjárfestingar og umhverfisvænni verkefni,“ segir hún.

Vottuð umhverfisfyrirlysing er framtíðin um allan heim

EFLA aðstoðar fyrirtæki við að kortleggja sína stefnu í umhverfis-

málum og setur af stað aðgerðir til að hrinda þeim í framkvæmd. „Þetta á líka við um vörur. Þeir sem framleiða vörur, hvort sem það er steinull eða húsbýgging, geta látið reikna út kolefnissporið og fengið ráðleggingar um hvað hægt er að gera til bóta. Hægt er að reikna út kolefnisspor fyrir allt mögulegt,“ segir Helga og tekur sem dæmi Steinullarverksmiðjuna á Sauðárkróki. „Steinullin er meðal annars framleidd úr basaltsandi úr fjórinni og skeljasandi frá Faxaflóa. Við reiknuðum út kolefnisspor steinullarinnar og það er 3,5 sinnum lægra en hjá þekktum framleiðendum erlendis. Þetta er meðal



Nýbygging við Hjúkrunarheimilið á Höfn. Húsið er með grasþaki og er nú unnið að vistvænni hönnun og vottun skv. BREEAM-vottunarferlinu. Arkitektar eru Basalt arkitektar.

„Við þurfum að hætta að horfa bara á auðlindir til að framleiða, nota, menga og henda og fara yfir í að endurnota, gera við, endurvinna og samnýta.“

annars vegna þess að töluverð orka er notuð við framleiðsluna og íslensk orka hefur lágt kolefnisspor. Þessi vara er nú komin með vottaða umhverfisfyrirlysingu, sem má líkja við næringarefnainnihaldslýsingu á matvælum nema hvað nú er lýst umhverfisáhrifum vörunnar. Kaupendur geta þá haft val um að kaupa umhverfisvæna steinull og vita nákvæmlega hver áhrif hennar eru á umhverfið.“

En af hverju ætti að huga að vistvænni hönnun bygginga? „Mikill úrgangur fylgir byggingaríðnaðinum og hann er orkufrekur. Sem dæmi um byggingu sem við erum með í vistvænni hönnun er skrifstofa Alþingis, sem verður á Alþingisreit við Tjarnargötu. Þetta er steypt mannvirki og þar hafa hönnuðir til dæmis hugað að hámröskun á nýtingu steypu þannig að kolefnisspor verði sem minnst og sveigjanleiki hússins

sem mestur. Hægt er að velja byggingarefni með lægra kolefnisspor við hönnun bygginga þegar það passar lögun byggingar og aðstæðum. Má nefna í því sambandi að í Hjúkrunarheimilinu á Höfn í Hornafirði erum verið að vinna að vistvænni hönnun og vottun og er valið að nota krosslímdar timbureiningar (CLT) með lægra kolefnisspor. Einnig er hægt að gera þær rúfur á verkfimanum að draga úr eldsneytisnotkun,“ segir Helga.

EFLA hefur einnig unnið að verkefnum tengdum orkuskiptum hafna og skipaflotans. „Við höfum til dæmis unnið að landtengingu við rafmagn fyrir Herjólf sem notar þá alfarið rafmagn í höfn og á siglingu. Einnig eru í gangi verkefni fyrir Norrænu, Sildarvinnsluna, Eimskip og Samskip þannig að í náinni framtíð þarf ekki að brenna olíu þegar skipið er í höfn heldur verða skipin tengd við rafmagn,“ segir hún.

Loks nefnir Helga að hlutverk EFLU sé að koma fram með lausnir sem stuðla að framförum viðskiptavina og efla samfélög. „Hjá EFLU starfar hópur fólks með mikla reynslu og yfirgripsmikla þekkingu. Í raun vinnum við með heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna á hverjum degi.“

Markmiðin mikilvægur leiðarvísir

Festa miðstöð um samfélagsábyrgð eru frjáls félagasamtök sem hafa það markmið að innleiða sjálfbærni og samfélagsábyrgð inn í hvers kyns rekstur og vera brúarsmiður milli ólíkra aðila.

Hlutverk Festu er að auka þekkingu fyrirtækja, stofnana og hvers kyns skipulagsheilda til að tileinka sér samfélagslega ábyrga starfshætti og stuðla að aukinni sjálfbærni. Festa tengir sama ólíka aðila, fyrirtæki, sveitarfélög og einstaklinga sem vilja vera leiðandi á þessu sviði.

Hrund Gunnsteinsdóttir, framkvæmdastjóri Festu, segir aðildarfélögin á Íslandi vera fjölbreyttan hóp fyrirtækja og stofnana. Frá stærstu fyrirtækjunum niður í þau minnstu, auk sveitarfélaga og stofnanna.

„Okkar hlutverk er að vera kraftmikið leiðarljós í þessum efnunum og vera brúarsmiður á milli ólíkra aðila,“ segir hún.

Þann 25. september síðastliðinn undirrituðu Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra, fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, og aðilar sem fara fyrir hátt í 80% af eignum á íslenskum fjármálamarkaði, viljayfirlýsingu um fjárfestingar í þágu sjálfbærrar uppbyggingar. Festa, Samtök fjármálafyrirtækja, Landsamtök lífeyrissjóða og forsætisráðuneytið unnu að mótun hennar í viðtæku samráði við fulltrúa helstu aðila á fjármálamarkaði.

„Það er einstakt á heimsmarkmiðum að svara verkefni sé gert samstíga af ríkinu, atvinnulífi og fjármálageira,“ segir Hrund.

Hrund segir að frá árinu 2015 hafi Festa lagt mikla áherslu á loftslagsmarkmið í tengslum við Parísarsáttmálann. Festa hefur unnið að því með Reykjavíkurborg og Akureyri með góðum árangri.

„Við erum í samstarfi við sérfræðinga í atvinnulífinu við að innleiða loftslagsmarkmiðin inn í stefnur og aðgerðir fyrirtækja. Heimsmarkmiðin eru svo undirliggjandi í öllu sem við gerum. Við látum ekkert frá okkur án þess að setja það í samhengi við heimsmarkmiðin.“

Heimsmarkmiðin þróuð af fólki um allan heim

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna eru 17 talsins. Þau eru þróuð í samstarfi milli ríkja og forstjóra og leiðtoga í atvinnulífinu, á milli frjálsra félaga samtaka og fjölmiðla og á milli skóla og menntastofnana út um allan heim.

„Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna hafa stundum verið kölluð stærsta aðgerðaaætlun sem heimurinn hefur farið í. Þessi markmið eru sjálfsprottin af fólki sem býr á jörðinni. Heimsmarkmiðin endurspeglar ígrundaðan ásetning og skilning á því að við þurfum að fylkja okkur á bak við sameiginleg markmið um sjálfbæra þróun,“ segir Hrund.

Hún segir mikilvægt þegar fyrirtæki, skólar, ráðuneyti eða hver sem er er að hugleiða innleiðingu heimsmarkmiðanna, að vera meðvitund um að við þurfum öll að taka ábyrgð á þeim og ábyrgðin þarf að einhverju leyti að vera sjálfsprottin.

„Við þurfum að átta okkur á því hverju þau geta áorkað og við þurfum öll að taka okkur saman og finna leiðir til að innleiða þau í stefnur okkar og gera þau hluta af rekstri. Hvort sem við erum í hagnadardrífnum rekstri eða skólumálum eða hverju sem er.“

Hrund segir að stundum eigi fólk það til að halda að heimsmarkmiðin eigi frekar við um fátækari lönd en sú sé ekki raunin.

„Markmiðin undirstrika að það eru alls konar áskoranir sem blasa við okkur á jörðinni. Ef það eiga sér stað mjög gróf mannréttinda-



Hrund Gunnsteinsdóttir segir næstu ár vera mjög kritísk.

FRÉTTABLAÐIÐ/
VALLI



Festa hefur fundið fyrir miklum áhuga hjá ungu fólki á sjálfbærni og samfélagsábyrgð og hefur virkjað þau með sér í ýmis verkefni.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK

að taka loftslagskrisuna alvarlega, að hlúa að heilbrigðiskerfunum okkar og öllum þessum ólíku samfélagsþópum og allri virðisæðunni, frá þeim fátækustu til þeirra ríkustu. Þetta er vel merkjandi í áherslum víða um heim, um græna uppbyggingu og meiri þungi er settur í sjálfbæra þróun og sjálfbærar fjárfestingar.“

Festa er í samstarfi við verkefnastjórn yfirvalda um heimsmarkmiðin þar sem unnið er að því að auka samtakamátt á milli opinbera- og einkageirans.

„Við höfum stundum talað um að eitt af því fáa sem við höfum sameiginlega sýn á sem land til tíu ára, er að ná heimsmarkmiðunum fyrir 2030. Hagstofan er að vinna mikilvægt starf í því að afla gagna um hvernig okkur gengur að ná heimsmarkmiðunum. Festa til dæmis leggur þessa spurningu fyrir í þjónustukönnun hjá sér árlega og í fyrra kom í ljós að tæplega 80% af aðildarfélögnum okkar, samkvæmt svörum, innleiða heimsmarkmiðin í sinn rekstur. Mér finnst það frábært,“ segir Hrund.

„Eitt af því sem fyrirtækin hafa nefnt í þessum könnunum og samtölum er að heimsmarkmiðin gefa þeim skýrari sýn á hvernig þau vilja haga rekstrinum til framtíðar. Þau tala um hvernig sú áhersla bætir samkeppnisstöðu þeirra alþjóðlega. Ef við sýnum að við erum að huga að heimsmarkmiðunum og alþjóðlegum sjálfbærni-markmiðum þá eigum við betri séns á alþjóðamarkaði.“

Hrund segir algjört grundvallaratriði að ríki, fyrirtæki og skipulagsheildir tileinki sér heimsmarkmiðin.

„Við höfum tíu ár til stefnu. Þegar við hugsum til baka, hvað vorum við að gera fyrir tíu árum? Við vorum að koma út úr kreppunni. Finnst okkur það langt síðan eða stutt síðan? Hvernig sem við upplifum það þá er það tíminn sem við höfum til stefnu. Næstu tvö þrjú árin eru mjög kritísk ár. Vegna COVID-19 erum við að taka mjög stórar ákvarðanir sem munu hafa áhrif til lengri tíma. Það er rosalega mikilvægt að hafa heimsmarkmiðin sem undirstöðu fyrir þessar ákvarðanir og leyfa þeim að vera leiðarvísir.“

brot annars staðar á hnettinum þá kemur það okkur á Íslandi við. Alveg sérstaklega ef það tengist einhverju sem við styðjum við beint eða óbeint. Það er mikilvægt að vera meðvitund um það. Hvort sem það eru loftslagsmál, fátækt, hreint vatn eða fötin sem ég er í þá tengist það heimsmarkmiðunum. Ég þarf að hugsa um hvernig ég er búin að búa um hnútana og hvaða áhrif það hefur á samfélagið og jörðina.“

COVID-19 skapar ójafnvægi

Hrund segir að COVID-19 komi eins og ljósbrot á heiminn og varpi ljósi á viðkvæmstu þættina í því hvernig við höfum búið um okkur hér á jörðinni.

„COVID-19 hefur komið samfélögunum okkar í ójafnvægi og fátækt verður á einhverjum allt öðrum skala en við kannski gerum okkur í hugarlund. Það er verið að endurskipuleggja fjármagn í öllum ríkjum heimsins á hátt sem hefur hugsanlega aldrei verið gert áður í sögunni. COVID-19 hefur líka varpað ljósi á að alþjóðasamtök milli ríkja er mjög brothætt,“ útskýrir Hrund.

Hún segir að vegna COVID-19 sé einkageirinn, sérstaklega í Norður-Ameríku og Evrópu, að stíga í auknum mæli inn í hlutverk sitt í samfélagsábyrgð og sjálfbærni.

„Til að nefna dæmi um þetta

þá eru bara örfáir dagar frá því stofnuð var miðstöð um sjálfbæra þróun hjá Brookings Institute. Miðstöðin er gríðarlega öflug og aðstoðaradálritari Sameinuðu þjóðanna, sem heitir Amina Mohamed, lýsti því á fundi í síðustu viku að miðstöðin, sem fjallar um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, er að vissu leyti að svara kalli samtímans eftir COVID-19 líkt og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn og Alþjóðabankinn gerðu eftir seinni heimsstyrjöldina.“

Hrund segir að vegna COVID þurfi að endurhugsa alþjóðlegan fjárhagslegan stuðning og hönnun fjármálakerfa en heimsmarkmiðin ættu samkvæmt Mohamad að vera lögð til grundvallar því hvernig á að endurskipuleggja fjármagn.

„Í því felst mikil von ef vel tekst til,“ segir hún og bætir við: „Það sem mér finnst áhugavert við þessa stofnun, ef við erum að hugsa um hvernig hún tengist Íslandi, er að hún byggir á því að byggja upp tengsl á milli leiðtoga úr ólíkum geirum, hvort sem þeir tengjast ríki, einkageira, frjálsum félagsamtökum eða skóla. Stofnunin er ákall til einstaklinga eins og mín og þín um að innleiða heimsmarkmiðin í öll þau störf sem við erum að vinna.“

Við erum hluti af heiminum

Hrund ítrekar að heimsmark-

miðin eigi við alþjóðlega og á Íslandi. Hún segir mikilvægt að Íslendingar hugsi um sig í alþjóðlegu samhengi en ekki bara sem eyju.

„Við erum hluti af alþjóðlegum viðskiptum. Það hvernig við neytum og ferðumst gerir okkur hluta af heiminum. Heimsmarkmiðin fá vonandi meira vægi sem leiðarvísir fyrir uppbyggingarstarfið eftir COVID-19 um heim allan. Þau kalla svo mikið á þverfaglegt samstarf, þvert á geira og þvert á lönd á öðrum skala en kannski verið hefur.“

Fyrir tíma COVID gekk ekki nógu vel að ná heimsmarkmiðunum að sögn Hrundar.

„Áður en COVID-19 braust út, var mikið ákall frá SP til ríkja og aðila heims að gefa í og gera betur. En núna, vegna áhrifa COVID-19, erum við hugsanlega í stærstu alþjóðlegu kreppunni í 100 ár. Allar þessa samfélagslegu, efnahagslegu og pólitísku áskoranir sem blöstu við okkur eru orðnar stærri vegna faraldursins. Þannig að við þurfum að gefa enn þá meira í til þess að ná markmiðunum. Útlitið er því ekkert mjög bjart miðað við núverandi stöðu,“ segir hún.

„Það sem mér finnst þó bjart er að mér finnst aukin meðvitund í heiminum um mikilvægi þess að taka heimsmarkmiðin alvarlega,



Við ætlum að vera hreyfiafl til góðra verka

Íslandsbanki á sér langa sögu sem nær aftur til ársins 1904. Á upphafsárunum átti bankinn meðal annars þátt í að efla sjávarútveg og var lyftistöng fyrir íslenskt atvinnu- og efnahagslíf. Bankinn hefur því frá upphafi verið hreyfiafl í samfélaginu.

Tilgangur okkar er að vera hreyfiafl til góðra verka og framtíðarsýnin er að veita viðskiptavinum ávallt bestu bankaþjónustuna. Við erum til staðar fyrir viðskiptavinum við þeirra ákvarðanir og tökum þátt í að gera hugmyndir að veruleika.

Við viljum vera til fyrirmyndar í íslensku atvinnulífi og taka virkan þátt í samfélaginu sem við búum í. Með því að stuðla að sjálfbærni í sinni víðustu mynd höfum við jákvæð áhrif, því það er mikilvægt fyrir okkur og okkar viðskiptavini.

Við eigum að þora að tala um það sem skiptir máli, þó við séum ekki fullkomin.

Aðkoma atvinnulífsins er ein helsta forsenda framfara

Guðlaugur Þór Þórðarson, utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra, beitir sér fyrir auknum hlut atvinnulífsins í þróunarsamvinnu og segir að aðkoma þess sé mikilvæg forsenda framfara.

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is



Heimsmarkmiðin snerta í sjálfu sér allt sem lífsanda dregur og mynda jafnvægi milli helstu þátta sjálfbærrar þróunar. Þótt stærstu áskoranirnar snúi að því að útrýma fátækt og hungri í þróunarríkjunum þá taka þau líka til sviða sem varða okkur öll, til dæmis umhverfis- og loftslagsmála,“ segir Guðlaugur Þór Þórðarson, utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra, um heimsmarkmiðin.

„Í alþjóðlegri samvinnu leggjum við mikla áherslu á mál þar sem við höfum hvað mestu að miðla, en það eru markmiðin sem varða jafnrétti og sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda,“ segir Guðlaugur Þór. „Í þessu samhengi má nefna að vel hefur gengið að virkja íslenska sérþekkingu á sviði jarðhita í samstarfi við alþjóðlegar stofnanir svo sem Norræna þróunarsjóðinn (NDF) og Alþjóðabankann. Þessi verkefni styðja við viðleitni og getu landa til að nýta jarðhita, framleiða orku og skapa störf, en á sama tíma skapast tækifæri fyrir íslensk fyrirtæki til frekari þátttöku í verkefnum á þessu sviði.“

Fyrir í vikunni var samþykkt að endurfjármagna NDF um 350 milljónir evra til næstu tíu ára, og er hlutur Íslands þar af um 870 milljónir króna sem greiðist á árunum 2022-2031. Guðlaugur Þór segir að í því geti falið mikil tækifæri fyrir íslenskt atvinnulíf til að vinna að frekari verkefnum í þróunarlöndunum á sviði loftslags- og umhverfismála.

Um síðustu áramót var embættisheiti utanríkisráðherra breytt í utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra. Guðlaugur Þór segir skýringuna einfalda, þróunarmálin séu orðin mjög umfangsmikill hluti af starfsemi utanríkisþjónustunnar og nafnabreytingin endurspeglar það. Hann leggur áherslu á að leita nýrra leiða að settu marki með auknu samstarfi við atvinnulíf og frjáls félagsamtök, sem verið er að kynna þessa dagana í samvinnu við Íslandsstofu með nýstofnuðu þjónustuborði. Þar er hægt að nálgast upplýsingar, fá leiðsögn og ráð sérfræðinga ráðuneytisins á sviði þróunarsamvinnu ef fyrirtæki eða fjárfestar hafa hug á að stofna til viðskiptasambanda víða um heim. Hjá ráðuneytinu er líka mikil þekking á samvinnu við alþjóðastofnanir og sérhæfða sjóði og þar eru vannýtt tækifæri fyrir íslenska ráðgjafa á ýmsum sviðum eins og fiskimálum, jafnréttismálum, landgræðslu og sjálfbærri orku.

„Þróunarríki koma fyrst til með að rétta úr kútnum efnahagslega þegar þeim tekst að fjölga sjálfbærum fyrirtækjum og efla sjálfstæðan atvinnurekstur. Fyrirtæki ráða fólk til vinnu og skapa verðmæti, sem þau útdeila með því að borga kaup. Þannig aukast umsvif sem ýta undir almenna hagsæld, alveg eins og gerðist hjá okkur fyrir ekki svo löngu síðan. Efnahagur Íslands var á pari við



Guðlaugur Þór segir að í alþjóðlegri samvinnu leggi Ísland mikla áherslu á þau mál þar sem það hefur hvað mestu að miðla, en það eru markmiðin sem varða jafnrétti, sjálfbæra orku og sjálfbæra nýtingu hafs og lands. Vel hefur gengið að nýta íslenska sérþekkingu á sviði jarðhita. MYND/HARALDUR GUÐJÓNSSON

Afríkuríki sunnan Sahara fyrir hundrað árum. Við rifum okkur upp með því að byggja upp heilbrigða atvinnuvegi, sem borga fyrir almenna velmegun. Afrika getur það líka,“ segir Guðlaugur Þór.

Skortir nýjungar í atvinnulífi

Hann segir frá heimsókn sinni til Malaví á síðasta ári, eins fátækasta lands heims, sem hefur verið samstarfsland Íslands í rúmlega þrjú áratugi. Þar hafi hann talað við fólk af öllum þjóðfélagsstigum og margir hafi nefnt fyrst af öllu að nýjungar skorti í atvinnulífi. „Litið útflutningsfyrirtæki í þorpi við Malavivatn getur skipt sköpum fyrir afkomu þorpsbúa. Takist vel upp í einu þorpi verður það öðru þorpi fyrirmynd og svo koll af kolli. Þannig má draga úr fátækt og skapa grundvöll fyrir góða, almenna menntun og nauðsynlega læknishjálp til að verjast landlægum plágum, sem oft lama þjóðlífið og kalla yfir það stöðnun. Öll sjálfbær uppbygging innviða, sem svo sérlega vantar víða, byggist á sköpun verðmæta,“ segir hann.

Í framhaldinu bendir hann á að afurðir frá fátæku ríki margfaldist gjarnan í verði í hagkerfi þar sem kaupmáttur er mikill. Oft séu þær kostakaup fyrir þá sem hafa meira á milli handanna. Í þessu sára misræmi, sem keppikefli allrar þróunarsamvinnu sé að uppræta, felist tækifæri til að brúa bilið. „Með réttum formerkjum geta fyrirtæki í okkar heimshluta



Guðlaugur segir að efnahagur Íslands hafi verið á pari við Afríkuríki sunnan Sahara fyrir hundrað árum, en að við höfum rífið okkur upp með því að byggja upp heilbrigða atvinnuvegi sem borga fyrir almenna velmegun og að Afrika geti gert það sama. MYND/UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ/GUNNISAL

lagt mikið af mörkum í þessari baráttu. Þau geta kynnt nýja tækni og þekkingu sem eykur framleiðni og skapar störf og af því er gagnkvæmur ávinningur,“ segir Guðlaugur Þór.

Með þessa hugsun að leiðarljósi varð Samstarfssjóður við atvinnulífið um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna til. Ráðherrann segir hlutverk sjóðsins að hvetja til þátttöku atvinnulífsins í þróunarsamvinnu – og með því móti yfirfæra tækni og þekkingu sem allir hagnast á. Þróunarríkin

sækjast enda í auknum mæli eftir erlendum fjárfestingum til að byggja upp atvinnugreinar sem geta drifið sjálfbæran vöxt, skapað störf og aukið velsæld. Það er forsenda þess að raunverulegur árangur náist við að útrýma fátækt og auka velsæld í ríkjum.

Þessa dagana er verið að auglýsa eftir umsóknum um styrki í Samstarfssjóðinn með umsóknarfresti til 7. desember. Átta íslensk fyrirtæki hafa þegar hlotið vilýrði fyrir styrkjum úr sjóðnum.

Íslenskt atvinnulíf hefur mikið fram að færa

Guðlaugur Þór bendir á í þessu sambandi að ekki megi nýta sér samkeppnisýfirburði á veikburða markaði. Ný tækni geti eins og hendi sé veifað svipt fólk afkomunni. Við slíkar kringumstæður blasi við möguleikar til hagræðingar og ný vinnubrögð séu í sjálfu sér æskileg. En fólk á staðnum verði að vera undir breytingarnar búid – annars sé oft betur heima setið en af stað farið.

„Í þessum eignum höfum við vitan til að varast,“ áreittar Guðlaugur Þór og nefnir að þess vegna sé fyrirtækjum sem fá styrk frá sjóðnum gert að ganga í gegnum mat sem staðfestir með sannfærandi hætti hvað fyrir þeim vaki, að starfsemin feli í sér ávinning fyrir þróunarríkið ekki síður en fyrirtækið sjálft.

„Opinber þróunarsamvinna hefur verið stunduð um árabíl og komið mörgu góðu til leiðar, það er engin spurning. En í henni felast þekktar hættur. Sannfærandi kenningar eru um að hún geti dregið úr framtaksvilja. Í einstaka ríkjum er hún atvinnustarfsemi í sjálfu sér sem best menntaða fólkíð hefur lífsviðurværi sitt af. Það fólk þarf fleiri tækifæri sem gera þróunarsamvinnu óþarfa þegar fram líða stundir. Það gerist ekki á einni nóttu – engum dettur það í hug. En Samstarfssjóðurinn er stofnaður með það fyrir augum. Íslenskt atvinnulíf hefur mikið fram að færa á þeirri leið,“ segir Guðlaugur Þór Þórðarson.

Umhverfisáhrif fjármálafyrirtækja

Við mat á umhverfisáhrifum fjármálafyrirtækja nægir ekki að skoða losun gróðurhúsalofttegunda út frá rekstri. Umhverfisspor markast í gegnum útlán og fjárfestingar og þarf að mæla.

Landsbankinn leggur áherslu á þrjú heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna í sinni starfsemi sem miða að því að hámarka jákvæð áhrif bankans á umhverfið. Eitt þeirra, heimsmarkmið 12, fjallar um ábyrga neyslu og framleiðslu. Með því að vinna að því markmiði skapast hegðunarmynstur sem leiðir til minni kolefnislosunar. „Áhrif fjármálafyrirtækja á umhverfið eru að mestu leyti óbein en eru að öllum líkindum töluverð,“ segir dr. Reynir Smári Atlason, sérfræðingur í sjálfbærni hjá Landsbankanum.

Það þýðir að þegar fjármálafyrirtæki gefur upp losun gróðurhúsalofttegunda frá sínum rekstri er yfirleitt aðeins lítill hluti sögunnar sagður. „Mestu loftslagsáhrif fjármálafyrirtækja, og þá sérstaklega banka, eru í gegnum lána- og eignasöfn þeirra. Þar liggja gríðarleg tækifæri fyrir banka til að hafa jákvæð áhrif í þágu sjálfbærni, í gegnum verkefni sem þeir kjósa að lána til eða fjárfesta í. Og þetta þarf að mæla til að sjá raunverulega áhrifin,“ segir Reynir Smári.

Þróa alþjóðlegan loftslagsmæli fyrir banka

Það hefur hingað til reynst bönkum erfitt að birta upplýsingar um óbeina losun gróðurhúsalofttegunda, því aðferðafræðina hefur einfaldlega skort og upplýsingagjöf um útlána- og fjárfestingasafn banka hefur verið mjög mismunandi.

„Landsbankinn tók mjög stórt skref fram á við á síðasta ári þegar hann gerðist aðili að alþjóðlega verkefninu PCAF (e. Partnership for Carbon Accounting Financials), einn banka á Íslandi. Innan PCAF er þróuð aðferðafræði til að reikna og skilja óbeina kolefnislosun fjármálafyrirtækja. Sérfræðingar Landsbankans taka virkan þátt í að þróa loftslagsmæli sem er sérsníðinn að fjármálafyrirtækjum og gerir þeim kleift að mæla og greina frá kolefnislosun í lána- og eignasafni þeirra. Erlendir bankar eru nú þegar byrjaðir að birta upplýsingar um óbein umhverfisáhrif, sem byggjast á þessari aðferðafræði. Landsbankinn hefur sett sér það markmið að birta upplýsingar um losunarumfang lána- og eignasafn síns. Þetta markmið verður unnið í gegnum aðild að PCAF-loftslagsmælinum. Það er flókið og vandasamt verkefni að kortleggja kolefnislosun lána- og eignasafna en þessi aðferðafræði miðar að því að gera bönkum kleift að mæla losunina á vísindalegan og samræmdan hátt,“ segir Reynir Smári.

Flokkunarkerfi ESB sigtar út sjálfbæra fjárfestingarkosti

Rekstur fyrirtækja og þau verkefni sem ráðist er í hafa eðlilega mismunandi og mismikil umhverfisáhrif. Það er því gjarnan erfitt fyrir fjárfesta að vita hvort fjárfestingarverkefni, eða rekstur fyrirtækja, stuðli almennt að sjálfbærni. Á yfirborðinu getur verkefni eða rekstur lofað góðu með tilliti til sjálfbærni, en óbein áhrif geta þó verið mikil. Slík áhrif eru yfirleitt ekki augljós og gjarnan þarf sérfræðiálit til. Evrópusambandið hefur því birt flokkunarkerfi (e. EU Taxonomy) sem lýsir aðgerðum sem stuðla að loftslagsmarkmiðum Evrópusambandsins og Parísarsamkomulagsins. Flokkunarkerfið byggir á sex aðgerðaflokkum sem fjárfestingarverkefni geta fallið í.



Reynir Smári, sérfræðingur í sjálfbærni hjá Landsbankanum, segir að áhrif fjármálafyrirtækja á umhverfið séu að mestu leyti óbein. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

Flokkunarkerfi Evrópusambandsins



Mótvægisaðgerðir í loftslagsmálum



Aðlögunaraðgerðir í loftslagsmálum



Sjálfbærni og verndun sjávar



Skipti yfir í hringrásarhagkerfi



Mengunarvarnir og eftirlit



Verndun og endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni og vistkerfa

Fyrstu tveir flokkarnir hafa verið birtir og eru nokkuð ítarlegir, en næstu fjórir verða birtir fyrir lok árs 2021. Evrópusambandið telur að starfsemi stuðli að sjálfbærni hafi hún jákvæð áhrif á eitt þessar viðfangsefna, og ekki umtalsverð neikvæð áhrif á hin.

„Hér er því komin nokkurs konar reglubók fyrir leikmenn í hagkerfinu. Nú geta evrópsk fyrirtæki á fjármálamarkaði illmögulega birt upplýsingar um sjálfbærniþróun sína hjá fjárfestingarverkefna án þess að nefna hvort starfsemin uppfylli viðmið flokkunarkerfis Evrópusambandsins. Í öllu falli er flokkunarkerfið nytsamlegt til að spyrja fyrirtæki dýpri spurninga um upplýsingagjöf og koma í veg fyrir grænþvott,“ segir Reynir Smári.

Flokkunarkerfi ESB mun hafa meiri áhrif á Íslandi

„Flokkunarkerfi Evrópusambandsins er nú þegar í einhverri notkun á Íslandi,“ segir Reynir Smári. „Fjármálaafurðir og grænar skuldabréfaútgáfur sem styðjast við flokkunarkerfið eru þegar til. Þó er vert að benda á að helstu atvinnuvegir Íslands munu geta stuðst mun betur við flokkunarkerfið þegar það hefur verið útfært frekar. Núverandi útgáfa tekur til dæmis ekki tillit til sjávarútvegs með beinum hætti. Hins vegar eru stórir flokkar innan kerfisins sem eru vel útskýrðir og eiga mögulega vel við Ísland. Það er því ekkert því til fyrirstöðu að íslenskir aðilar styðjast við flokkunarkerfið.“

„Sérfræðingar Landsbankans taka virkan þátt í að þróa loftslagsmæli sem er sérsníðinn að fjármálafyrirtækjum og gerir þeim kleift að mæla og greina frá kolefnislosun í lána- og eignasafni þeirra.“

Hagkerfin sífellt að þróast í átt að sjálfbærni

„Kröfurnar um sjálfbærni og aukna samfélagsábyrgð fyrirtækja eru sífellt að aukast. Þess er ekki langt að biða að það verði ekki lengur nóg að birta upplýsingar. HSBC reið á vaðið núna í október og tilkynnti að bankinn stefni á að verða kolefnishlutlaus árið 2050, að meðtöldu útlána og eignasafni sínu. HSBC er þarna að taka mjög afgerandi hlutverk sem virkur aðili í því umbreytingarferli sem hagkerfi eru að ganga í gegnum í átt að sjálfbærni. HSBC mun nýta meira en 750 milljarða Bandaríkjadala á næstu tíu árum í slíka fjármögnun. Það sem er merkilegt við markmið HSBC er að bankinn mun þannig vísitandi hafa jákvæð áhrif á rekstur annarra fyrirtækja, með víðeigandi vöruframboði, lánveitingum og fjárfestingum,“ segir Reynir Smári að lokum.

Valdefling kvenna til sóknar

Jákvæðar breytingar í átt að kynjajafnrétti hafa átt sér stað á undanförunum áratugum en staða kvenna og stúlkna er víða afar bágborin. Þróunarsamvinna Íslands og Malaví á sér langa sögu.

Undanfárin áratug hefur Ísland trónað á toppi lista World Economic Forum sem mælir stöðu kvenna í samfélögum en Malaví hefur setið á botni listans í 112. sæti.

Um aldamótin var ljóst að ekki væri mögulegt að draga úr fátækt í heiminum nema vinna gegn kynjasmunum. Valdefling kvenna og stúlkna var því rauður þráður í gegnum þúsaldarmarkmiðin. Við gerð heimsmarkmiðanna þótti sýnt að jafnrétti kynjanna væri grunnforsenda árangurs allra markmiðanna og því var það áfram samofið öllum markmiðunum en einnig sett sérstakt markmið; heimsmarkmið númer fimm.

Þróunarsamvinna Íslands og Malaví á sér langa sögu en á síðasta ári fögnuðu ríkin 30 ára samstarfsafmæli. Áhersla á aukid jafnrétti kynjanna hefur spilað stórt hlutverk, einkum á undanförunum árum. Stuðningi Íslands er beint til Mangochi-héraðs. Þrátt fyrir að Malaví og Ísland séu svipuð að stærð, eru íbúar Mangochi-héraðs tæplega fjórum sinnum fleiri en allir Íslendingar. Í Mangochi styður Ísland meðal annars við valdeflingu kvenna með því að styrkja starf héraðsins í heilbrigðis-, vatns- og menntamálum.



Þróunarsamvinna Íslands og Malaví á sér langa sögu. Áhersla á aukid jafnrétti kynjanna hefur spilað stórt hlutverk, einkum á undanförunum árum.



Frá Malaví þar sem Íslendingar hafa rétt hjálparhönd við uppbyggingu.



Ísland vinnur markvisst að því að draga úr fátækt í Malaví með störfum sínum í Mangochi í anda heimsmarkmiðanna.

ÖSSUR
LIFE WITHOUT LIMITATIONS

Við styðjum
Heimsmarkmið
Sameinuðu þjóðanna

3

HEILSA OG VELLIÐAN



5

JAFNRÉTTI KYNJANNA



12

ÁBYRG NEYSLA OG FRAMLÆGSLA



13

ADGERÐIR Í LOFTSLAGSMÁLUM



Össur styður Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og hefur valið að leggja sérstaka áherslu á fjögur þeirra. Við bjóðum upp á vörur og þjónustu sem stuðla að góðri heilsu og velliðan, notum ábyrgar framleiðsluaðferðir, styðjum aðgerðir í loftslagsmálum og vinnum að jöfnum rétti kynjanna.

WWW.OSSUR.IS



Ísland styður við starf tólf grunnskóla í Mangochi héraði. Hér eru börn og fullorðnir að sækja vatn. MYND/UTANRÍKISRÁÐUNEYTTIÐ/GUNNISAL

Einstakur árangur hefur unnist á þessum sviðum. Bætt aðgengi kvenna að mæðra- og ungbarnaþjónustu, þjálfun heilbrigðisstarfsfólks og bygging sjúkrahúsa og fæðingarheilda í héraðinu hefur haft þau áhrif að dauðsföllum af völdum barnsburðar fækkaði um 40 prósent milli 2012-2017.

Frá 2017 hafa þrjú sveitarfélög í Mangochi fengið ODF-vottun, sem þýðir að öll heimili hafa viðunandi hreinlætisaðstöðu, aðgang að salerni og aðstöðu til handþvotta. Varla þarf að ítreka mikilvægi handþvotta þegar farsóttir ganga yfir. Aðgengi að drykkjarkvatni í grennd við heimili hefur dregið úr vinnu stúlkna, sem bera meginábyrgð á því að sækja vatn til heimilishalds, og gefið þeim frekari tækifæri til menntunar.

Ísland styður við starf tólf grunnskóla í Mangochi-héraði, sem þó telja rúmlega tvöfalt fleiri nemendur en eru í öllum grunnskólum Reykjavíkur. Náðst hefur nokkuð jafnt kynjahlutfall í

þessum skólum, þar sem markvisst er unnið að úrbótum á þeim sviðum sem valda því að stúlkur hætta námi. Boðið er upp á heitar skólamáltíðir, byggð hafa verið kyngreind klósett, aðstaða er fyrir stúlkur á blæðingum og aðstaða nemenda í bekkjum hefur verið bætt. Nemendum í hverri kennslustofu fækkaði um 41 prósent frá 2017-2019 en þó eru enn 129 nemendur að meðaltali í hverri stofu.

Ísland vinnur markvisst að því að draga úr fátækt í Malaví með störfum sínum í Mangochi í anda heimsmarkmiðanna. Áframhaldandi áhersla er á markmiðin er snúa að því útrýma hungri (2), auka heilsu og velliðan (3), menntun (4), sjálfbæra orku (7), góð atvinnutækifæri og hagvöxt (8) og tryggja frið og réttlæti (16), en meginsteff í öllu starfi Íslands í Malaví er heimsmarkmið fimm um jafnrétti kynjanna og styrking á stöðu kvenna og stúlkna, því jöfn þátttaka og staða kynjanna er burðarstólpi framfara allra samfélaga.

Viðbrögð Norðurlandanna við heimsmarkmiðum SP

Benoit Chéron er sérfræðingur í sjálfbærri þróun hjá KPMG á Íslandi. Stine Lise Hattestad Bratsberg er meðeigandi hjá KPMG í Noregi og stýrir þar þjónustu á sviði sjálfbærrar þjónustu bæði fyrir opinbera aðila og einkageirann. Þau eru sameiginlega höfundar þessarar greinar.

Árið 2015 samþykktu Sameinuðu þjóðirnar (SP) áætlun um sjálfbæra þróun fyrir 2030. Í þessari áætlun var sett fram sameiginleg sýn fyrir hagfelldan og sjálfbærari heim. Með 17 heimsmarkmiðum um sjálfbæra þróun í forgrunni, hefur þessi sýn vakið heimsbyggðina til umhugsunar og varðað leiðina fyrir leiðtoga um allan heim til að takast sameiginlega á við forgangsverkefni eins og að útrýma hungri og fátækt, draga úr ójöfnuði, stuðla að friði og farsæld og vernda náttúru og líffræðilega fjölbreytni.

Heimsmarkmið SP hafa orðið að mikilvægum ramma fyrir opinbera aðila og einkageirann, til að móta og aðlaga eigin stefnu fyrir 2030. Í janúar 2016, innan við einu ári eftir að áætlunin var samþykkt, höfðu meira en 40% af 200 stærstu fyrirtækjum heims meðtekið heimsmarkmiðin og gert þau að sínum.

Heimsmarkmiðin eru þannig úr garði gerð að þau má aðlaga að öllum kimum hagkerfisins. Þau eru víðeigandi fyrir þróuð lönd jafnt sem þróunarlönd, framkvæmanleg fyrir hreinan og sanngjarnan vöxt, og (þetta kemur mögulega á óvart) gróðavænleg þar sem þau verðlauna fyrirtæki sem beita aðferðarfræði nýsköpunar við sjálfbærni með verðmætasköpun til langs tíma að leiðarljósi. Fyrir á þessu ári birtist frétt í Financial Times þar sem fram kom að „... meira en helmingur ábyrgra fjárfestingasjóða hefðu staðið sig betur en aðrir sjóðir samkvæmt heimsvisitölu í niðursveiflu markaðarins með því að forðast fjárfestingar í olíu- og orkugeira sem hafa dregið niður óvirka (e. passive) sjóði“.

Í september árið 2016 var KPMG í Noregi, boðið af SP að sitja svokallað „High-Level Political Forum (HLFP)“ til að tala um hvernig



Stine Lise Hattestad Bratsberg er meðeigandi hjá KPMG í Noregi og stýrir þjónustu á sviði sjálfbærrar þjónustu fyrir opinbera aðila og einkageirann.

einkageirinn væri að nýta ramma heimsmarkmiðanna við að móta sín markmið í sjálfbærni. Þar var tekið til þátta eins og ófjárhagslegra upplýsinga (e. non-financial reporting) byggðum á heimsmarkmiðunum með hag fjárfesta, eftirlitsaðila, starfsfólks og annarra hagaðila að leiðarljósi. Leitað var leiða til að takast á við áhættur sem falist gætu í hagkerfinu með því að greina viðskiptalíf, opinbera þjónustu og hagkerfið út frá hverju hinna 17 heimsmarkmiða.

Nú árið 2020, þegar eingöngu tíu ár eru til stefnu til að ná markmiðum áætlunarinnar, vinna sveitarfélög, hagsmunasamtök og borgaraleg samtök öll að sama marki. Í einkageiranum vinna stórfyrirtæki jafnt sem lítil og meðalstór fyrirtæki sem og fjölskyldufyrirtæki að því að leggja sín lóð á vogarskálarnar.

En hvað þýða heimsmarkmiðin í okkar samhengi nú í miðjum

alheimsfaraldri COVID-19? Þetta er spurning sem einkageirinn, fyrirtæki og stofnanir um allan heim spyrja sig um þessar mundir. Hvernig má framfylgja markmiðum staðbundnið sem sett eru annars staðar og undir öðrum kringumstæðum?

Fyrir í þessari viku fékk Norræni þróunarsjóðurinn (e. Nordic Development Fund-NDF) 350 milljóna evra aukafjárveitingu. Þetta fjármagn mun nýtast til að vinna að frekari skilgreiningum á norrænum gildum og til baráttu gegn loftslagsvá þróunarlandanna sem sannarlega er ekki vanþörf á. Slík samvinna þvert á landsvæði er góð, en átakið þarf að eiga sér stað heima ekki síður en að heiman.

Í áætluninni fyrir 2030 er tekið fram að heimsmarkmiðin þurfi að þýða og staðfæra í hverju landi. Þessi vinna er hafin í Noregi og hafa stjórnvöld boðið öllum



Benoit Chéron er sérfræðingur í sjálfbærri þróun hjá KPMG á Íslandi. MYNDIR/AÐSENDAR

geirum landsins að borðinu og að koma á framfæri ekki bara áskorununum heldur einnig taka fram hvað þau sjá sem tækifæri í þessu framtaki til að ná settum markmiðum.

Í síðasta mánuði var tekið stórt skref á Íslandi þegar stjórnvöld og meginhluti fyrirtækja á íslenskum fjármálamarkaði skrifuðu undir viljayfirlýsingu um að nýta fjármagn til að viðhalda sjálfbærri þróun og taka tillit til alþjóðlegra skuldbindinga Íslands og þeirra viðmiða sem stjórnvöld hafa sett sér. Þar má nefna markmiðið um kolefnishlutlaust Ísland og markmiðið um að dregið verði úr losun gróðurhúsalofttegunda. Aukin

samvinna er fagnaðarefni og leiðin til að ná árangri.

SP hafa horft til Finnlands sem leiðtoga á meðal Norðurlandanna, en öll Norðurlöndin; Danmörk, Finnland, Ísland, Noregur og Svíþjóð hafa sína sérstöku styrkleika og áskoranir og þau geta lært hvert af öðru. Efnahagslegir hagsmunir okkar þvera landamæri og þá ætti hið sama að eiga við um hvernig við nálgumst heimsmarkmiðin. Stjórnvöld og viðskiptalíf á Norðurlöndum verða að grípa til sameiginlegra aðgerða bæði heima og að heiman og skuldbinda sig til að ná markmiðum áætlunarinnar fyrir 2030 og byggja aftur betra og grænna samfélag.

Covid og nýr veruleiki

Nýtum tímann, mótum aðgerðir sem skipta máli til framtíðar.

Minum á vefund á vegum KPMG og Festu kl. 11:00 í dag, föstudaginn 30. október

Frábærir fyrirlesarar. Frekari upplýsingar á kpmg.is



Raunhæf en metnaðarfull markmið

ÁTVR hefur frá árinu 2016 unnið að innleiðingu heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun í ferla fyrirtækisins og góður árangur náðst við að ná settum markmiðum.

ÁTVR hefur frá upphafi unnið markvisst að því að innleiða heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbærni í ferla fyrirtækisins, en sex markmiðanna falla sérstaklega vel að áherslum ÁTVR. Þau eru Heilsa og vellíðan (3), Jafnrétti kynjanna (5), Góð atvinna og hagvöxtur (8), Ábyrg neysla og framleiðsla (12), Aðgerðir í loftlagsmálum (13) og Samvinna um markmiðin (17),“ upplýsir Sigrún Ósk Sigurðardóttir, aðstoðarforstjóri ÁTVR.

Markmiðið Heilsa og vellíðan birtist meðal annars í því að stöðugt er unnið að því að vinnustaðurinn sé heilsueflandi. Öryggi og heilsa starfsfólks eru ávallt forgangsverkefni.

„Við framfylgjum stefnu stjórnvalda um bættu lýðheilsu og samfélagslega ábyrgð í áfengis- og tóbaksmálum, í sátt við samfélagið. Hornsteinninn í samfélagsábyrgð ÁTVR er ábyrg sala áfengis sem endurspeglast meðal annars í því að engar söluhvetjandi aðgerðir eru í starfseminni, heldur er megináherslan á góða og ábyrga þjónustu. Önnur mikilvæg áhersla í samfélagsábyrgð er skilríkjaeftirlit til að tryggja að allir viðskiptavinir hafi náð áfengiskaupaaldri,“ útskýrir Sigrún Ósk.

Með 5. heimsmarkmiði Sp, Jafnrétti kynjanna, njóti allt starfsfólk sömu virðingar og hafi jafna stöðu innan fyrirtækisins. Jafnlaunavottun er viðhaldið og unnið er eftir jafnréttisáætlun fyrirtækisins.

„Áttunda heimsmarkmiðið er Góð atvinna og hagvöxtur. Þar leitumst við eftir að vinnustaðurinn sé eftirsóknarverður þar sem samskipti einkennast af lipurð, þekkingu og ábyrgð. Við leggjum áherslu á að starfsfólk geti vaxið í starfi og aflað sér þekkingar sem stuðlar að starfsánægju og framúrskarandi þjónustu. Stefnt er að því að söluvörur Vínbúðanna séu framleiddar samkvæmt alþjóðlegum samþykktum og siðareglum og við aðstoður sem eru góðar, bæði fyrir starfsfólk og umhverfið.“

Góð norræn samvinna

Með því að framfylgja 12. heimsmarkmiði Sp, Ábyrgri neyslu og framleiðslu, beinir ÁTVR sjónum sínum að vörumbúðum. Á vef Vínbúðanna má meðal annars sjá útreikning á áætluðu kolefnisfótspori allra áfengisumbúða. Lögð er áhersla á sjálfbært efnisval og endurvinnslu í Vínbúðunum. ÁTVR hefur sett sér stefnu í umhverfismálum þar sem markvisst er unnið að því að ná 98 prósent endurvinnsluhlutfalli árið 2030. Í dag er stefnan að ná 94 prósent hlutfalli.

Þrettánda heimsmarkmið Sp er Aðgerðir í loftlagsmálum og segir Sigrún Ósk að loftlagsmarkmið ÁTVR til ársins 2030 sé 40 prósent samdráttur á útblæstri gróðurhúsalofttegunda, miðað við árið 2016.

„Við höfum orkusparnað í fyrir-rúmi ásamt því að draga úr losun koltvísýrings (CO2). Sjónum er beint að orkunotkun fyrirtækisins



Sigrún Ósk við nýja hleðslustöð við höfuðstöðvar ÁTVR. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÉAN

og áhersla lögð á endurnýjanlega orku í öllu framleiðsluferlinu, ásamt sjálfbærum ræktunaraðgerðum, til dæmis bindingu kolefnis.“

Samvinna um markmiðin, er 17. heimsmarkmiðið sem ÁTVR fylgir. „ÁTVR styrkir samvinnu við ýmsa aðila, jafnt innanlands og á alþjóða vettvangi, í því skyni að ná

markmiðum. Við leggjum áherslu á norræna samvinnu, samstarf við alþjóðleg samtök auk samtaka innan iðnaðarins, vottunaraðila og frjáls félagasamtök,“ útskýrir Sigrún Ósk.

Heimsmarkmiðin áskorun

ÁTVR vinnur með systurfyrirtækjum sínum á Norðurlöndunum

og eru heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna notuð sem rammi utan um sameiginleg verkefni. Norrænu einkasöluvarnarnar eru Alko í Finnlandi, Systembolaget í Svíþjóð, Vinmonopolet í Noregi, Rús-drekkasöla Landsins í Færeyjum og Vínbúðin.

„Nú er til að mynda unnið í vatni og mannréttindum í aðfangakeðjunni og þar áður var unnið í orkunotkun og kolefnis-spóri umbúða sem tengist heimsmarkmiði um aðgerðir í loftlagsmálum. Á næsta ári verður unnið með líffræðilegan fjölbreytileika,“ upplýsir Sigrún Ósk.

„Núverandi verkefni felst í að kanna hvaða áhrif vatnsnotkun við áfengisframleiðslu hefur í framleiðslulöndunum og vekja athygli á hugsanlegum neikvæðum áhrifum í aðfangakeðjunni sem vatnsnotkun í framleiðslu afurða getur haft á mannréttindi.“

Í næsta mánuði verður svo haldin ráðstefna í netheimum um vatns- og mannréttindi þar sem ný skýrsla og helstu áskoranir til úrbóta verða kynntar.

„Að vinna í samræmi við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna er áskorun sem snertir alla þætti í rekstri. Mikilvægt er að setja sér raunhæf en metnaðarfull markmið, þannig getum við stuðla að betra samfélagi,“ segir Sigrún Ósk.

Sjá nánar á vinbudin.is



HEIMSMARKMIÐIN
Markmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun

Heimsmarkmiðin í Kópavogi

Fyrirtæki og stofnanir innleiða heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun

Kópavogsbær vinnur markvisst að innleiðingu heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun í starfsemi bæjarfélagsins.

Markaðsstofa Kópavogs hvetur fyrirtæki og stofnanir í Kópavogi til að undirrita viljayfirlýsingu um innleiðingu heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna og sýna þannig samfélagslega ábyrgð í verki. Rekstraraðilar eru hvattir til að mæta heimsmarkmiðin við sinn rekstur og innleiða þau markmið sem best passa hverjum í stefnu sína og daglegan rekstur.

Gerum Kópavog, Ísland og heiminn allan að betri stað til að búa og starfa í.

Nánari upplýsingar á www.markadsstofakopavogs.is/heimsmarkmidin



Markaðsstofa
Kópavogs



Kópavogsbær



Björn Jónsson hjá Markaðsstofu Kópavogs og Auður Finnbogadóttir, verkefnastjóri stefnumótunar hjá Kópavogsbæ. Í baksýn má sjá sjá Smáralind og atvinnusvæði þar um kring. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Heimsmarkmiðin í Kópavogi

Kópavogur tekur þátt í brautryðjendaverkefni Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu um innleiðingu heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna í borgum, sveitarfélögum og svæðum.

Fyrir tveimur árum varð Kópavogsbær þátttakandi í þessu spennandi og mikilvæga verkefni. Í skýrslu OECD um stöðu Kópavogs í innleiðingarferli heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun kemur fram að framstaða bæjarins er vel yfir meðaltali OECD.

„Innleiðing heimsmarkmiðanna er komin vel á veg í starfsemi bæjarfélagsins og undirstofnunar þess. Merki um það má finna í starfsemi leik- og grunnskóla, við vinnslu nýrra draga að aðalskipulagi, tilkomu geðræktarhúss, innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og með norrænu samstarfi menningarhúsa á Norðurlöndunum, sem Kópavogur leiðir,“ upplýsir Auður Finnbogadóttir, verkefnastjóri stefnumótunar hjá Kópavogsbæ.

Mikilvæg samstaða fyrirtækja og stofnana í Kópavogi Í Kópavogi hafa fyrirtæki og stofnanir undirritað viljayfirlýsingu um innleiðingu heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna.

„Til að árangur verkefnisins verði sem allra mestur er mikilvægt að fyrirtæki og stofnanir í bæjarfélaginu taki höndum saman og styðji innleiðinguna með samstilltum aðgerðum. Markaðsstofa Kópavogs hefur hrint af stokkunum verkefni þar sem rekstraráðilar í bæjarfélaginu eru hvattir til að mæta heimsmarkmiðin við sinn rekstur og velja þau heimsmarkmið sem best passa þeirra starfsemi,“ upplýsir Björn Jónsson hjá Markaðsstofu Kópavogs.

Hann mælir með að þau heimsmarkmið sem valin hafa verið til skráningar í sameiginlegum gagnagrunni Markaðsstofnunar

Allir vinni saman að því að bæta umhverfið og samfélagið og gera Kópavog, Ísland og heiminn allan að betri stað til að búa og starfa í.

verði höfð í forgangi, eins og mögulegt er. „Markmiðin voru valin með aðstoð rýnihóps aðildarféлага Markaðsstofunnar. Þar eru heimsmarkmið sem helst tengjast daglegum rekstri fyrirtækja og stofnana, og sem talið er að rekstraráðilar geti best náð fram með jákvæðum hætti. Þátttakendur í verkefninu eru hvattir til að ná mælingu á núverandi stöðu ýmissa þátta starfsemi sinnar og setja jafnframt markmið um framfarir til ársins 2024,“ útskýrir Björn.

Mörg fyrirtæki þegar farin af stað í markmiðavinnu

Verkefninu var formlega hleypt af stokkunum í lok september, þegar ellefu fyrirtæki undirrituðu viljayfirlýsingu um innleiðingu heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Fyrirtækin eru Íslandsbanki, Reginn, Sky Lagoon, Prófitó bókhaldshús, BYKO, Festi, Valka, Mannvit, Tryggingastofnun, Hótel Kríunes og Brunabótafélag Íslands og fleiri aðilar hafa þegar bæst í hópinn.

„Með verkefninu vill Markaðsstofa Kópavogs hvetja fyrirtæki og stofnanir í bænum til að innleiða heimsmarkmiðin í stefnu sína og daglegan rekstur og sýna þannig samfélagslega ábyrgð í verki. Allir vinni saman að því að bæta umhverfið og samfélagið og gera Kópavog, Ísland og heiminn allan



Forstjórar í Kópavogi með viljayfirlýsingu um innleiðingu heimsmarkmiða.

að betri stað til að búa og starfa í,“ segir Björn.

Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri í Kópavogi, tekur í sama streng.

„Það er ánægjulegt að finna þennan mikla áhuga hjá fyrirtækjum í Kópavogi á jafn mikilvægu samfélagsmáli sem innleiðing heimsmarkmiðanna er,“ segir Ármann Kr.

Nánari upplýsingar og leiðbeiningar á markaðsstofakopavogs.is/ heimsmarkmiðin og kopavogur.is/ heimsmarkmiðin

Heimsmarkmiðin okkar



Markmið	Mæling	Mælieining	
3. HEILD KÍBBAR	Heilsuefning starfsfólks	Eru heilsustyrkir eða heilsufarsmælingar í boði fyrir starfsfólk?	Já/nei
4. MANNVIT	Starfsánægja	Árleg starfsánægjukönnun	Já/nei
5. HÉTTI STJARN	Allt starfsfólk fái starfstengda símenntun	Fjöldi klst. sem starfsmenn fá að meðaltali á ári	Klst. á starfsmann
8. SÖMNU OG VÆÐING	Jákvæð samskipti á vinnustað	Fræðslu- og aðgerðaáætlun um hvernig taka skal á einelti, kynferðislegu áreitni og öðru óréttlæti	Já/nei
9. STÖÐVÆÐI	Sömu laun fyrir sömu vinnu	Jafnlaunavottun / jafnlaunayfirlýsing	Já/nei
10. HÉTTI STJARN	Atvinna fyrir alla, einnig jaðarhópa	Eru í boði störf fyrir fólk sem tilheyrir jaðarhópum, þarfnast endurhæfingar eða virkjunar í starfi?	Já/nei
12. HÉTTI STJARN	Stuðningur við nýsköpun	Markviss áætlun um þróun og nýsköpun	Já/nei
13. HÉTTI STJARN	Ábyrg innkaup	Gild innkaupastefna sem unnið er eftir	Já/nei
14. HÉTTI STJARN	Flokkun á sorpi	Mæla magn úrgangs á ári	Kg
15. HÉTTI STJARN	Minnka umbúðir	Hætta að nota einnota umbúðir þar sem það er mögulegt	Já/nei
16. HÉTTI STJARN	Minnka orkunotkun	Mæla orkunotkun á rafmagni	Orka m²
17. HÉTTI STJARN	Vistvænni samgöngur fyrirtækis	Ökutæki sem nota vistvæna orkugjafa	Hlutfall
18. HÉTTI STJARN	Vistvænni samgöngur starfsfólks	Samgöngustyrkir fyrir starfsfólk til og frá vinnu	Já/nei
19. HÉTTI STJARN	Ábyrg starfsemi	Fyrirtæki setji sér skriflegar siðareglur til að starfa eftir	Já/nei

Þau taka þátt í að skapa framtíðina

Ungmennaráð heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna er skipað 12 börnum á aldrinum 13 til 18 ára. Í ráðinu sitja krakkar hvaðanæva af landinu sem vilja leggja sitt af mörkum til málefnsins.

Sandra Guðrún
Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is



Núverandi ráð hóf störf nú í september en það er skipað til eins árs í senn og starfstíminn fylgir skólaárinu. Öllum börnum á Íslandi er boðið að sækja um aðild í ráðinu og er sérstök valnefnd skipuð til að raða saman fjölbreyttu ráði. Sú valnefnd er að sjálfsögðu einnig skipuð ungmennum. Ungmennaráðið heyrir undir forsætisráðuneytið og vinnur einnig í nánú samstarfi við önnur ráðuneyti í gegnum verkefnastjórn heimsmarkmiðanna þar sem ráðið á áheyrnarfulltrúa og tekur þátt í fundum þegar þannig liggur við. Í lok hvers starfsárs á ungmennaráðið fund með ríkisstjórninni þar sem lagðar eru fram helstu tillögur ársins en auk þess getur ráðið ávallt sent ráðherrum erindi eða óskað eftir fundum ef tilefni er til. Ungmennaráðið er með starfsmann á skrifstofu Umboðsmanns barna á Íslandi, en stýrir vinnu sinni þó sjálf, ákveður sín eigin verkefni og fylgir þeim málefnum sem þeim þykir mikilvægust.

Fréttablaðið ræddi við fjóra meðlimi Ungmennaráðsins til að heyra meira um starf ráðsins og hvað hafi orðið til þess að þau sóttust eftir því að taka þátt í því.

Ingibjörg Elka er 13 ára og býr í Grímsnes- og Grafningshrepp á Suðurlandi. Hún er fædd í Danmörku og hefur einnig búið í Frakklandi og Senegal. Hún hefur því mikla þekkingu á mismunandi menningarheimum og hefur ferðast mikið. Finnur Ricart er 18 ára. Hann er búsettur í Hollandi eins og er, þar sem hann stundar nám í sjálfbærnisvísindum við Utrecht-háskóla. María Sjöfn er 14 ára og úr Kópavoginum en pabbi hennar er bandarískur svo hún á ættir þangað. Hún hefur mikinn áhuga á söng- og leiklist og sat í nemendaráði skólans síns og félagsmiðstöðvaráði. Urður er 17 ára frá Suðurnesjunum. Hún er alltaf með nóg fyrir stafni og hefur til að mynda verið iðin í körfubolta og leiklist á undanförunum árum.

Hvert er hlutverk ungmennaráðsins?

María: Ungmennaráðið gefur okkur yngri kynslóðinni rödd, rödd fyrir breytingu, rödd fyrir skoðanir og rödd fyrir framtíðina. Þetta er mikilvægt vegna þess að við sem yngri kynslóð erum framtíðin ekki bara þjóðarinnar heldur heimansins, og við viljum fá tækifæri til þess að geta tjáð okkur.

Hvers vegna hafði þú áhuga á heimsmarkmiðunum?

Ingibjörg: Það er ennþá fátækt og mikil mismunur á Íslandi og það þarf að útrýma því. Bara það að sumir búi við það að vita ekki hvort þeir eigi nægan pening til að geta borðað út mánuðinn eða fái ekki vinnu við það sem þau hafa menntað sig í af því að þau eru ekki íslensk er ósanngjarnt. Ég tel að góð innleiðing heimsmarkmiðanna hjálpi til við að útrýma því. Mér finnst æðislegt að við ungmennin fáum að hafa skoðanir og hjálpa til við að finna lausnir.

Finnur: Ég er alltaf að leita að tækifærum þar sem ég get unnið að sjálfbærri þróun og þar sem ég get komið hugmyndum mínum á framfæri. Ég sótti um að taka þátt í ungmennaráði heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna vísir ég að þar gætu skoðanir mínar fengið rödd og þannig gæti ég hjálpað til við að breyta heiminum.



Krakkarinnir í ungmennaráðinu hittast reglulega á netfundum og ræða málin. Þau hafa gert kannanir sín á milli og má sjá niðurstöður þeirra hér að neðan.



tengd sjálfbærni með öðrum krökkum sem hafa einnig áhuga á því að stuðla að betra samfélagi.

María: Ég byrjaði að hafa áhuga á pólitík fyrir nokkrum árum þegar ég lærði um ástandið í heiminum. Það er svo margt sem mér finnst ekki í lagi og vil hjálpa til við að breyta, til dæmis hlýnun jarðar eða fordómar gegn minnihlutahópum. Þegar ég sá auglýsinguna fyrir ungmennaráð heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna vissi ég að þar gætu skoðanir mínar fengið rödd og þannig gæti ég hjálpað til við að breyta heiminum.

Hvers vegna er mikilvægt að raddir ungs fólks fái að heyrast?

María: Við unga fólkid erum þau sem munu þurfa að þrifa upp eftir fyrri kynslóðir, allt frá rasisma til hlýnunar jarðar. Þá er það undir okkur komið að laga til, þess vegna verðum við að eiga rödd og taka þátt í ákvörðunum.

Urður: Þetta varðar allt framtíðina og það er mikilvægt að við getum fengið að taka þátt í að skapa hana.

Ingibjörg: Því að það er líka svo mikilvægt að sjá hvernig allir upplifa lífið í dag, líka ungmenni.

Kannski sjáum við einhver vanda-mál sem fullorðna fólkid tekur ekki eftir. Við getum komið með hugmyndir og lausnir sem full-orðna fólkinu myndi kannski ekki detta í hug.

Hvernig geta börn og unglingar á ykkar aldri tekið þátt í að uppfylla heimsmarkmiðin, þó þau sitji ekki í Ungmennaráði heimsmarkmiðanna?

Urður: Fyrst og fremst með að kynna sér markmiðin og vita hvað þau fjalla um. Þá getum við öll unnið saman að því að ná þeim.

Ingibjörg: Einmitt, til dæmis

„Ungmennaráðið gefur okkur yngri kynslóðinni rödd, rödd fyrir breytingu, rödd fyrir skoðanir og rödd fyrir framtíðina.“

með því að segja fjölskyldu og vinum frá þeim til þess að allir geti lagt sitt af mörkum til þess að markmiðin náist. Ef við hjálpumst öll að trúi ég því að þau náist.

Finnur: Við höfum meiri völd en við gerum okkur grein fyrir og þurfum að nýta það. Við þurfum að sýna fram á að það sé hægt að stunda sjálfbæran lífstíl og að það sé gagnlegt bæði nú og í framtíðinni. Það þarf ekki mikið meira en að eiga samræður um heimsmarkmiðin við foreldra okkar, við frændfólk, kennara, og aðra í kringum okkur til að koma okkar hugmyndum á framfæri og þrýsta á að meira verði gert til að vinna að þeim.

Er eitthvað heimsmarkmið sem þér finnst sérstaklega mikilvægt?

Ingibjörg: Markmið 17, samvinna um markmiðin, finnst mér rosalega mikilvægt því eina leiðin til að ná markmiðunum er með samvinna.

Finnur: Heimsmarkmið 13 um loftslagsaðgerðir er mér sérstaklega mikilvægt þar sem það tengist svo mörgum öðrum markmiðum. Það er skylda okkar sem þróaðs ríkis að vinna að markmiði 13 af öllum kröftum, og með því vinnum við líka að markmiðum 1, 2, 3, 6, 7, 10, 11, 14, 15, 16, og 17.

Urður: Ég er sammála því, heimsmarkmið 13 um aðgerðir í loftslagsmálum er sérstaklega mikilvægt núna.

Grundvöllur betra atvinnulífs

Samtök atvinnulífsins hafa síðustu ár verið tengiliður Global Compact hér á landi. Það eru 25 íslensk fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög sem starfa samkvæmt viðmiðum vettvangsins.

Global Compact er á vegum Sameinuðu þjóðanna og er umfangsmesta framtak heims á sviði samfélagsábyrgðar. Í aðild að Global Compact felst yfirlýsing sem er samræmd og viðurkennd á alþjóðavísu. Hún felur í sér ásetning um að innleiða markmið vettvangsins í alla sína starfsemi með það að leiðarljósi að fyrirtækið stuðli að ábyrgum starfsháttum og sýni samfélagsábyrgð í öllum sínum verkum.

„Eitt af því sem ég tel að geri Global Compact að svo öflugum vettvangi er að aðilar vettvangsins geta verið fyrirtæki, stofnanir, borgir, sveitarfélög, frjáls félagsamtök og háskólar. Þetta dregur svo vel fram mikilvægi þess að við vinnum að samfélagsábyrgð á breiðum vettvangi óháð markmiðum rekstrareininga eða eðli rekstrarumgjardar,“ segir Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir, verkefnastjóri á samkeppnishæfnisviði Samtaka atvinnulífsins

Í aðild að Global Compact felst ákveðið aðhald þar sem aðilar skila árlega skýrslu þar sem þeir gera grein fyrir því hver staðan er á innleiðingu grundvallarviðmiðanna. „Við sjáum að ársskýrslur fyrirtækja og stofnana eru ár frá ári að taka með meira afgerandi hætti á viðfangsefnum samfélagsábyrgðar og annarra þátta sem snúa að nýjum áskorunum og nútíma stjórnarháttum. Það er afar ánægjulegt. Þannig getur skýrsla til Global Compact verið mikilvæg viðbót við hefðbundna ársskýrsluvinnu. Í þessum skýrslum er gerð grein fyrir tengingu við heimsmarkmiðin en einnig farið yfir þau markmið sem aðilar leggja áherslu á í sinni starfsemi. Öll þessi gögn eru svo aðgengileg í gagnagrunni Global Compact,“ segir Ingibjörg.

Tíu viðmið Global Compact

„Hugmyndin með vettvanginum er að fyrirtæki skuldbindi sig til að vinna að þeim viðmiðum sem sett eru fram í sáttmála hans. Þessi grundvallarviðmið endurspeglar mörg af þeim markmiðum sem Sameinuðu þjóðirnar eru stofnaðar um en eru aðlagðar að viðskiptaumhverfinu.“

Viðmiðin skiptast í fjóra meginflokkar sem eru á sviði mannréttinda, vinnumarkaðsmála umhverfismála og baráttu gegn hvers kyns spillingu. Í hverjum flokki eru síðan tilgreind nákvæmari viðmið fyrir sértækari viðfangsefni.

Mannréttindi

1. Fyrirtæki styðja og virða vernd alþjóðlegra mannréttinda.
2. Fyrirtæki fullvissa sig um að þau gerist ekki meðsek um mannréttindabrot.

Vinnuorkaður

3. Fyrirtæki styðja við félagafrelsi og viðurkenna í raun rétt til kjarasamninga.
4. Fyrirtæki tryggja afnám allrar nauðungar- og þrælunarvinnu.
5. Virkt afnám allrar barnavinnu er tryggt.
6. Fyrirtæki styðja afnám misréttis til vinnu og starfsvals.

Umhverfi

7. Fyrirtæki styðja beitingu varúðarreglu í umhverfismálum.
8. Fyrirtæki hafi frumkvæði að því að hvetja til aukinnar ábyrgðar gagnvart umhverfinu.
9. Fyrirtæki hvetji til þróunar og nýtingar á umhverfisvænni tækni.



Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir, verkefnastjóri samkeppnishæfni Samtaka atvinnulífsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Gegn spillingu

10. Fyrirtæki vinna gegn hvers kyns spillingu, þar með talið kúgun og mútum.

„Með markvissri þróun og samþættingu þessara viðmiða við alla þætti starfseminnar geta fyrirtæki og stofnanir notað Global Compact sem verkfæri. Það styður aðila til að ramma inn stefnu viðkomandi aðila á sviði samfélagslegrar ábyrgðar og tengja hana við grundvallargildi rekstrar fyrirtækisins,“ segir Ingibjörg.

Dýpri nálgun nauðsynleg

„Það að setja samfélagsábyrgð á dagskrá innan fyrirtækja, stofnana eða annarra er um leið afstaða um að samþætta ákveðin gildi við alla þætti reksturs. Í því felst ásetningur um að stuðla að aukinni velferð samfélags, starfsmanna, viðskiptavina og hagsmunaaðila allra. Umhverfismál spila einnig stóran hlut í þessum verkefnum og

svo fleiri þættir. Það er mikilvægt að verkefni samfélagsábyrgðar verði ekki einkamála markaðsdeilda eða nokkurra starfsmanna. Árangur næst ekki í þessum málum nema að nálgunin sé heildstæð og að viðmiðin séu lögð til grundvallar í öllum ákvörðunum í öllum deildum. Sömuleiðis þarf að horfa til virðisdeðjunnar í þessu sambandi og stuðla að því að þeir aðilar sem við erum í viðskiptum við fylgi sömu viðmiðum. Þessari vinnu verður ekki bjargað með nokkurra daga átaki annað slag við því eins og ég nefndi áður, þetta snertir alla þætti daglegs reksturs og nær langt umfram lagalegar skyldur fyrirtækja hverju sinni,“ skýrir Ingibjörg frá.

„Því miður eru enn of mörg dæmi um það að fyrirtæki kynni sitt framlag á sviði samfélagsábyrgðar sem stuðning við tiltekin góðgerðarmál eða framlag til skógræktar. Allt verkefni sem eru af hinu góða, sannarlega, en í

umræðunni um samfélagsábyrgð verðum við að ganga lengra ef við ætlum að tryggja samkeppnishæfni okkar til lengri tíma,“ segir Ingibjörg.

Tenging Global Compact og heimsmarkmiða

Markmið Global Compact og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna kallast á. Í báðum tilfellum eru fyrirtæki hvött til að grundvallarstarfsemi sína á ábyrgum starfsháttum með skýrri áherslu á samfélagsábyrgð og mannréttindi. „Eðlismunurinn liggur í umgjörð verkefnanna. Heimsmarkmiðin eru afmörkuð í tíma, hvatning til okkar allra um þróun í ákveðnum málaflokkum fyrir tiltekinn tíma. Þau eru augljóslega sett fram af stórhug með það fyrir augum að tryggja lágmarks mannréttindi, um allan heim, innan ákveðins tíma. Global Compact er hins vegar vettvangur með formlegri umgjörð og aðhaldi.

„Á Íslandi erum við einstaklega heppin hvað varðar lífsgæði, staðan í jafnréttismálum er góð, menntakerfið öflugt, við eigum hreint vatn og erum rík af náttúruauðlindum.“

Viðmiðin eru ekki með tilgreindan lokadag heldur skuldbinda aðilar sig til að vinna samkvæmt þeim, í stöðugri þróun. Í aðild að vettvanginum felst líka nokkuð aðhald, meðal annars með skýrslugjöf.“

Mikilvægur málaflokkur

Ingibjörg segir samfélagsábyrgð mikilvægan málaflokk sem íslensk fyrirtæki þurfi að huga að. „Bæði vegna þess að öll viljum við stuðla að betra samfélagi með okkar verkum en einnig vegna þess að krafa viðskiptavina, hér heima og um heim allan, varðandi samfélagsábyrgð verður sífellt meiri. Samkeppnishæfni fyrirtækja muni á komandi árum byggja á öðrum mælikvörðum en við þekktum áður. Við séum þegar farin að sjá vísi að þessu í grænni fjármögnun, upprunavottorðum og fleiru slíku. Það séu ekki bara einstaklingar sem gera kröfu um ábyrga afstöðu fyrirtækja og stofnana heldur séu það líka fyrirtækin sjálf í viðskiptum sín á milli. Það sem aðgreinir Global Compact frá öðrum verkefnum á þessu sviði er alþjóðleg viðurkenning og þekking viðskiptalífsins á því hvað aðild felur í sér.“

Í þessum efnunum gætu Íslendingar átt heimsmet. „Á Íslandi erum við einstaklega heppin hvað varðar lífsgæði, staðan í jafnréttismálum er góð, menntakerfið öflugt, við eigum hreint vatn og erum rík af náttúruauðlindum. Rekstrarumhverfi fyrirtækja og stofnana er gott, spilling lítil og svo mætti lengi telja. Hafandi sagt þetta allt þá er það ekki svo að við sjáum ekki sóknarfæri, við vinnum alla daga að bættum árangri á flestum þessara sviða. Eftir stendur sú staðreynd að í alþjóðlegum samanburði stöndum við vel. Viðmið Global Compact eru aðgengileg fyrir íslensk fyrirtæki og stofnanir og mörg þeirra eru uppfyllt án þess að nokkurra sértækra aðgerða sé þörf, bara vegna þess umhverfis sem við búum við. Það er samt sem áður mikilvægt að setja þetta á dagskrá og auka vitund okkar um mikilvægi þessara atriða, skoða hvernig þau hafa áhrif á samkeppnishæfni okkar og þróa svo áfram, gera enn betur,“ útskýrir Ingibjörg.

„Það er held ég óhætt að fullyrða að það eru ekki mörg lönd sem hafa jafn góðan grunn og rekstrarumhverfi að bjóða aðilum í rekstri. Forgjöf íslenskra fyrirtækja og stofnana er með þeim hætti að við ættum að geta án mikillar fyrirhafnar átt heimsmet í aðild að Global Compact og verið leiðandi á heimsvísu í mörgum af þeim viðmiðum sem þar liggja til grundvallar. Slíkt forskot myndi hafa grundvallaráhrif á samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs og samfélags á komandi árum,“ segir Ingibjörg að lokum.

Áhersla á ábyrgð frá upphafi

BYKO hefur allt frá stofnun lagt mikla áherslu á umhverfismál og samfélagsábyrgð og í dag er BYKO að innleiða heimsmarkmið Sameinuðu Þjóðanna í allar hliðar rekstrar fyrirtækisins.

BYKO skilgreindi um mitt árið 2019 hvaða heimsmarkmið væru mest viðeigandi fyrir reksturinn til að hafa að leiðarljósi og valdi þar fjögur svokölluð kjarnamarkmið til að vinna eftir, en styðja samt um leið við önnur mikilvæg markmið. Í gegnum umhverfisstefnu fyrirtækisins býður BYKO upp á valmöguleikann á að kaupa vistvænni byggingarefni og hjálpa viðskiptavinum sínum með því að útvega ýmis gögn, til dæmis vottanir á verkefni sem er verið að byggja eftir ákveðnum vistvottunarkerfum, eins og BREEAM. Þetta styður til að mynda við heimsmarkmiðið um ábyrga neyslu og framleiðslu.

„BYKO er að innleiða heimsmarkmiðin í sinn rekstur. Við förum að skoða markmiðin um mitt síðasta ár og greindum öll 17 markmiðin og þessi 169 undirmarkmið til að finna út hvaða markmið væru mest viðeigandi fyrir fyrirtækið,“ segir Berglind Ósk Ólafsdóttir, verkefnastjóri umhverfismála BYKO. „Það eru fjögur kjarnamarkmið sem BYKO vill hafa að leiðarljósi. Auðvitað eru þau samt öll mikilvæg og við vinnum að fleiri markmiðum óbeint í gegnum áhersluna á þessi fjögur.“

Markmiðin sem við völdum að setja í forgang eru númer 5; Jafnrétti kynjanna, númer 8; Góð atvinna og hagvöxtur, númer 9; Nýsköpun og uppbygging og númer 12; Ábyrg neysla og framleiðsla,“ segir Berglind. „Við höfum ráðist í fjölbreyttar aðgerðir til að styðja við hvert þessara markmiða á ýmsan hátt.“

Fara vel yfir reksturinn

„Í september skrifuðum við undir viljayfirlýsingu við Kópavogsbæ um innleiðingu á heimsmarkmiðunum,“ segir Berglind. „Þar með höfum við, ásamt nokkrum öðrum fyrirtækjum í Kópavogi, skuldbundið okkur til að gera það sem við segjumst ætla að gera. Við erum stolt af vinnu okkar með heimsmarkmiðin en þetta er einnig hvatning til annarra fyrirtækja um að gera það sama.“

Innleiðingarferlið tekur tíma, helsta áskorun okkar er að breyta hugarfari bæði stjórnenda og starfsmanna. Til þess erum við með fræðslu til starfsmanna og tryggjum að þessi kjarnamarkmið séu sýnileg innan fyrirtækisins,“ segir Berglind.

Við erum að vinna í innleiðingunni enn þá og stór hluti af henni er fræðsla til starfsfólks. Starfsfólk þarf að mæta markmiðin við það sem þau gera í sínu starfi og finna á út hvort þau séu í takt við stefnuna,“ segir Berglind. „Stjórnandi sem sér um ráðningar þarf til dæmis að horfa til fimmta markmiðsins, um jafnrétti kynjanna, athuga hvort ráðningar fylgi stefnunni sem hefur verið sett. Eins þarf starfsmaður í innkaupum að hugsa um markmið tólf, ábyrga neyslu og framleiðslu, og skoða hvað má gera betur til að styðja það.“

Áhersla á umhverfismál

„Til lengri tíma litíð er fullt sem við getum gert, en vegferðin er hafin, við vitum hvert við stefnum og erum sífellt að gera betur. En þetta er langhlaup,“ útskýrir Berglind. „Þessi hugsun er sífellt að verða meira áberandi í fyrirtækjum og við viljum vera leiðandi í þessari þróun, góð fyrirmynd og hvetja aðra til að líta í eigin rekstur og láta hann samræmast markmiðunum.“



Berglind segir að BYKO hafi haft mikinn áhuga á umhverfismálum og því að sýna samfélagslega ábyrgð allt frá upphafi og sé ekki bara að vakna til vitundar um þetta núna vegna þess að þróunin sé almennt í þá átt, heldur séu aðgerðir sem miða að þessu bara að verða sýnilegri. MYND/ADSEND



BYKO er stór innflutningsaðili á timbri og vill auka notkun á endurnýjanlegum byggingarefnum og auðvelda fólki að kaupa byggingarvörur sem eru betri með tilliti til heilsu- og umhverfissjónarmiða. Fyrirtækið vill líka auðvelda vistvænar umhverfissvottaðar framkvæmdir. MYND/ADSEND

BYKO er leiðandi á þessu sviði og eftir því sem ég best veit erum við til dæmis fyrsta byggingarvörfyrirtækið til að gefa út samfélagskýrslu, en við gerðum það fyrir síðasta ár og þar tilgreinum við einmitt heimsmarkmiðin,“ segir Berglind. „BYKO hefur haft áhuga á umhverfismálum og að sýna samfélagslega ábyrgð lengi, þannig að við erum ekki bara að hugsa um þetta núna vegna þess að þróunin almennt sé í þá átt, við erum bara að verða sýnilegri með þetta þetta allt.“

BYKO hefur til dæmis stundað skógrækt í yfir 30 ár í eigin landi

að Drumboddsstöðum í Bláskógabyggð. Við erum í samstarfi við Skógræktina sem er að framkvæma úttekt á visindalegan hátt til að mæla kolefnisbindingu skógarins. Þetta rímar auðvitað við markmiðin og þykir merkilegt innan skógræktar, sérfræðingar sem við vinnum með vita ekki til þess að svona mæling hafi verið gerð áður,“ segir Berglind. „Lokaskýrslu er að vænta í lok þessa árs en við erum komin með bráðabirgðaniðurstöðu sem gefur til kynna að BYKO sé að binda að meðaltali meira árlega en það losar. Þessi ræktun hefur tífaldað



Berglind Ósk, verkefnastjóri umhverfismála BYKO, segir fyrirtækið vera að innleiða heimsmarkmiðin í sinn rekstur. Þar er lögð mikil áhersla á þau fjögur kjarnamarkmið sem BYKO valdi að setja í forgang. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

að flatarmáli á þessum þremur áratugum og sýnir hversu mikil áhrif beitarfríðun getur haft á sjálfræðslu birkis.“

Umhverfisáhrif birtast í vöruframboðinu

„Allt sem við gerum skoðum við í gegnum linsu markmiðanna. Við erum til dæmis stór innflutningsaðili á timbri og styðjum við markmið tólf, ábyrga neyslu og framleiðslu, með því að auka notkun á endurnýjanlegum byggingarefnum. Það gerum við meðal annars með því að auðvelda fólki að kaupa byggingarvörur sem eru betri með tilliti til heilsu- og umhverfissjónarmiða,“ segir Berglind. „Þetta er á byrjunarstigi hjá okkur en við viljum auðvelda vistvænar umhverfissvottaðar framkvæmdir og vera skýr valkostur þegar kemur að umhverfsvænum lausnum.“

Ríki og sveitarfélög eru farin að gera auknar kröfur um að byggingaraðilar byggi eftir ákveðnum vistvottunarkerfum,“ útskýrir Berglind. „Svona vistvottunarkerfi tekur á mörgum þáttum, en vægi byggingarefna er mismikið. Til að byggingaraðili fái umhverfissvottun þarf líka að afla ýmiss konar gagna, eins og umhverfis-

yfirlýsingar fyrir vöruna, ýmsar vottanir og svo framvegis en við erum byrjuð að bjóða viðskiptavinum okkar að sjá um að afla þessara gagna til að einfalda ferlið. Þetta er alveg nýtt og á eftir að hjálpa okkar viðskiptavinum mikið og stytta verktímann, því það getur verið flókið að finna út úr þessum gögnum.“

Sóttvarnir upp á tíu

„Sóttvarnir eru teknar mjög alvarlega hjá BYKO. Öll öryggis- og sóttvarnamál eru alveg upp á tíu hjá okkur,“ segir Berglind. „Ég heyrði meira að segja að Viðir hefði hrósað okkur sérstaklega í útvarpinu og við höfum unnið með almanna-vörnum til að vekja athygli á mikilvægi réttra sóttvarna. Hér er grímuskylða á ákveðnum stöðum og þær eru skaffaðar fyrir viðskiptavinum. Við erum líka búin að hólfa fyrirtækið niður og leggjum mikla áherslu á að gera þessar ráðstafanir allar mjög sýnilegar.“

Nánari upplýsingar um aðgerðir BYKO til að styðja við markmiðin og röksemdir og álitamál um heimsmarkmiðin má finna á vef BYKO undir: www.byko.is/umhverfismal/heimsmarkmid.

Markmiðin hluti af daglegum rekstri

Starfsemi verkfræðistofunnar Mannvits er fjölbreytt. Ásamt því að veita þjónustu um byggingu mannvirkja, vinnur Mannvit með fyrirtækjum og stofnunum við innleiðingu Heimsmarkmiða SP.

Mannvit hefur lagt það til grundvallar í sínu starfi að vinna sem mest með heimsmarkmiðin. „Í raun má hæglega segja að í okkar daglegum störfum vinnum við með fjórtán af sautján heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. En við leggjum mikla áherslu á að vinna með heimsmarkmiðin í allri þjónustu sem við veitum okkar viðskiptavinum. Þá er lykilatriði að starfsfólk okkar þekki markmiðin vel,“ segir Sandra Rán Ásgrímsdóttir sjálfbærniverkfræðingur hjá Mannviti.

„Við höfum unnið með heimsmarkmiðin innanhúss frá því árið 2017. Í byrjun árs 2019 tóku allir starfsmenn Mannvits þátt í vinnustofum þar sem heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna voru kynnt og allir fengu fræðslu um þau. Starfsfólk okkar er því meðvitað um heimsmarkmiðin í sínu starfi,“ bætir hún við.

Heimsmarkmið í fóstur

„Við settum okkur að auki enn skýrari markmið að hlúa að heimsmarkmiðunum með því að „setja þau í fóstur“ til hópa starfsfólks. Þetta eykur vitundarvakningu innan vinnustaðarins og þekkingu starfsfólks á heimsmarkmiðunum. Við viljum halda áfram með þetta verkefni til þess að viðhalda vitundarvakningunni því sjálfbærni er ekki eitthvað sem við náum að uppfylla, heldur eitthvað sem við vinnum sífellt betur að og bætum okkur í eftir því sem á líður. Því þó svo við séum komin vel á veg, þá er þetta eilíf vegferð og það má alltaf gera betur,“ segir Sandra.

Sandra og Rúnar Dýrmundur Bjarnason, sérfræðingur í umhverfismálum, vinna bæði að því að þjónusta fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög af ýmsu tagi við að innleiða og samræma heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna við stefnu og rekstur þessara aðila. „Við höfum reynslu og þekkingu til þess að vinna markvisst að því að innleiða heimsmarkmiðin inn



Sandra og Rúnar þjónusta fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög af ýmsu tagi við að innleiða heimsmarkmið SP við rekstur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

í stefnu fyrirtækja, stofnana og sveitarfélaga á skilvirkan hátt,“ segir Rúnar.

Stefnumótun og vinnustofur á grundvelli markmiðanna

Mannvit hefur unnið náið með bæði Kópavogsbæ og Landsvirkjun undanfarið, en bæði hafa unnið mikið með sjálfbærni, sem samræmist heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. „Við vitum

miðid var að stuðla að frekari innleiðingu heimsmarkmiðanna í alla starfsemi Landsvirkjunar. Í vinnustofunum fékk starfsfólk tækifæri til þess að skilgreina hvernig það vinnur að heimsmarkmiðunum dagsdaglega innan Landsvirkjunar, hvernig það skilar sér inn í fyrirtækið og hvað það er sem fyrirtækið eigi að leggja áherslu á. Ut úr ferlinu kom ítarleg skýrsla sem við skiluðum inn á borð til Landsvirkjunar sem vinnur nú í því að mæta sig enn betur við heimsmarkmiðin. Þegar fyrirtækið tilkynnir svo hvaða markmið séu í forgangi þá getur starfsfólk þekkt sinn hluta í þessari vinnu,“ segir Sandra.

Stefnumótun í aðalskipulagi Kópavogsbæjar

Hjá Kópavogsbæ var nálgunin frábrugðin. „Kópavogur hefur unnið að heimsmarkmiðunum í nokkurn tíma og hefur bæjarstjórn Kópavogs samþykkt að innleiða heimsmarkmiðin í stefnu Kópavogsbæjar. Við vorum fengin til þess að koma að endurskoðun aðalskipulags bæjarfélagsins. Þau vildu fá okkar sýn á hvernig hægt væri að innleiða heimsmarkmiðin í auknum mæli í stefnumótun aðalskipulags. Verkefnið stendur þannig að búið er að fara í gegnum vinnustofur. Þá unnum við með þremur hópum, það er starfsmönnum á umhverfissviði, hagsmunaaðilum og bæjarfulltrúum og fórum í grunnkafla aðalskipulags sem snúa að byggð, grunnkerfi, samgöngum, umhverfi og samfélagi. Ut úr þessu kom mikilvægisgreining um mikilvægustu málefnið með tilliti til sjálfbærni og var sú niðurstaða tengd við heimsmarkmiðin.

Í tilfelli byggðar voru þrjú heimsmarkmið talin mikilvægust í þeim málaflokki. En í tilfelli hinna fjögurra grunnkaflanna voru fimm heimsmarkmið valin til grundvallar. Nánari rýni var svo unnin með tilliti til heimsmarkmiðanna. Sett voru ný markmið en einnig fékkst stað-

festing á þeim markmiðum sem Kópavogsbæ hefur stefnt að í nügildandi aðalskipulagi. Þessi nýju markmið voru enn fremur tengd við þá mælikvarða og hugbúnað sem Kópavogsbær hefur þróað til þess að vakta það góða starf sem þau hafa nú þegar unnið að. Þannig verður betur en áður hægt að fylgjast með og mæla frammistöðu aðalskipulags með tilliti til sjálfbærni í Kópavogi,“ segir Rúnar.

Áþreifanleg markmið

Markmið Mannvits er að innleiða heimsmarkmiðin í daglegan rekstur, bæði innanhúss og hjá viðskiptavinum sínum. „Það getur verið hjálplegt að fá inn aðila eins og okkur til þess að hjálpa til við nýja stefnumótun í samræmi við heimsmarkmiðin. Það getur reynst mörgum erfitt að ná utan um hugtakið sjálfbærni og að innleiða sjálfbærni inn í sinn rekstur. En með skilgreiningu og samhengi Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna verður strax auðveldara að ná utan um hugtakið og sjá hvernig markmiðin samræmast stefnu hvers fyrirtækis fyrir sig.

Auk þess er afar hjálplegt fyrir fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög að nýta sér þjónustu eins og þá sem Mannvit býður upp á, og fá aðstoð við að skilgreina þau heimsmarkmið sem viðkomandi aðili vinnur nú þegar eftir, sem og hvað má gera til þess að reksturinn samræmist enn betur heimsmarkmiðunum. „Með því að setja heimsmarkmiðin í samhengi þá verða þau áþreifanlegri bæði fyrir stjórnendur fyrirtækja sem og starfsfólk, og þá verður ósjálfhátt auðveldara að vinna eftir þeim og innleiða þau í auknum mæli í dagleg störf og rekstur,“ segir Sandra.

Nánari upplýsingar má nálgast á vef Mannvits, mannvit.is
Urðarharvari 6, 203 Kópavogi.
Sími: 422-3000

Arðsköpun og heimsmarkmiðin

Að velja heimsmarkmið eftir mikilvægum UFS þáttum út frá grunnrekstri getur aukið hina þreföldu rekstrarafkomu, fyrir umhverfið, samfélagið og arðsköpun. Öll fyrirtæki geta tekið þátt.

Sú sérfræðingur halda því fram að heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun (SDGs) sé einungis útþróun draumur. Hins vegar hefur Alþjóðaefnahagsráðið (World Economic Forum) meðal annarra talið þetta einn helsta í leiðarvísi mannkyns til þess að komast í gegnum margþættar raunir 21. aldarinnar.

„Heimsmarkmiðin samantanda alls af 17 markmiðum, 169 undirmerkmum og 232 mælikvörðum en hvernig má velja videigandi heimsmarkmið til þess að stýða framþróun, flyta vegferðinni í átt að sjálfbærni og á sama tíma huga að fjárhags- og rekstrarlegri sjálfbærni fyrirtækja?“ segja þeir Bjarni Herrera, framkvæmdastjóri og Hafþór Ægir verkfræðingur. Þeir eru meðeigendur fyrirtækisins CIRCULAR.

„Heimsmarkmiðin voru upphaflega hugsuð sem metnaðarfull markmið fyrir stjórnvöld til þess

að takast á við samfélagslegar áskoranir. Fyrirtæki hafa hins vegar í stigvaxandi mæli áttað sig á vægi sínu í vegferðinni að sjálfbærni, sem og tækifærum þeim tengdum til virðisaukningar. Því hafa sífellt fleiri fyrirtæki leitast eftir því að innleiða og velja sér markmið, sem getur þó stundum reynst flókið,“ útskýrir Bjarni.

Mikilvægi, áhættur og viðskiptamöguleikar

„Lykillinn að innleiðingu heimsmarkmiðanna meðal fyrirtækja liggur í meðvitund og forgangsröðun lykiláhættuþátta tengdum UFS (umhverfismál, félagslegir þættir og stjórnhættir, e. ESG). Þá sérstaklega þeim þáttum sem eiga helst við starfsemi, virðisdeju og hagsmunaaðila fyrirtækisins, það er eiga sérstaklega við atvinnugeira þess.

Sú meðvitund og forgangsröðun getur því verið grundvöllur að ákvarðanatöku um forgang heims-

markmiða fyrirtækisins. Mikilvæg (e. material) heimsmarkmið verða þannig mælikvarði á hæfni, meðvitund og skuldbindingu fyrirtækisins til þess að stýra mögulegum neikvæðum og jákvæðum



áhrifum þess á þau heimsmarkmið sem valin voru,“ upplýsa þeir.

Hin þrefalda rekstrarafkoma

„Fyrirtæki geta mögulega hagnast á því að hafa heildræna og sterka

UFS-stefnu tengda atvinnugeiranum ásamt aðgerðaáætlun með mælanlegum markmiðum og mikilvægum heimsmarkmiðum. Ávinningur í kjölfar þess getur verið á borð við hagnaðaraukningu, kostnaðarhagræði, laðað að og haldið í hæfileikaríkt starfsfólk, betra samtali við eftirlitsaðila og aukinn hagnað innri fjárfestinga. Öll fyrirtæki hafa bæði getu og tók á því að velja videigandi heimsmarkmið fyrir starfsemi sína. Með því að fylgja fyrrnefndri aðferðarfræði geta þau komið í veg fyrir græn- eða regnbogabvott og þess í stað aukið hina þreföldu rekstrarafkomu (e. triple bottom line), það er fyrir umhverfið, samfélagið og arðsköpun.“

CIRCULAR

Veita grænni vegferð innblástur

Arion banki hefur sett sér metnaðarfulla umhverfisstefnu til að styðja við heimsmarkmið SP. Þar er boðið upp á grænan innlánsreikning og afslátt af lántökugjöldum fyrir vistvæn verkefni.

Iða Brá Benediktsdóttir er mikill náttúruunnandi og hefur lengi haft áhuga á skógrækt og landgræðslu. Hún er framkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs Arion banka og nýtir þar krafta sína í að tengja vörur og þjónustu sviðsins við græna vegferð bankans og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

„Við stöndum auðvitað frammi fyrir risavaxinni áskorun í tengslum við umhverfis- og loftslagsmálin og við verðum öll að leggja okkar af mörkum. Það að beina fjármunum í átt að grænum verkefnum er í mínum huga nauðsynlegt svo við náum árangri. Bankar geta þar haft mikil áhrif með því að veita fjármagn til vistvænna verkefna og bjóða viðskiptavinum umhverfisvænar lausnir. Græn vegferð Arion banka snýst einmitt að miklu leyti um það að hjálpa viðskiptavinum okkar að velja umhverfisvænni kosti og við erum í raun að slíta barnsskónum á því ferðalagi,“ segir Iða Brá.

Arion banki hefur sett sér metnaðarfulla umhverfis- og loftslagsstefnu í takt við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og markið Parísarsamkomulagsins. Jafnframt hefur framkvæmdastjórn bankans samþykkt sex heimsmarkmið sem bankinn mun leggja megináherslu á. Um er að ræða markmið 5 um jafnrétti kynjanna, 7 um sjálfbæra orku, 8 um góða atvinnu og hagvöxt, 9 um nýsköpun og uppbyggingu, 12 um ábyrga neyslu og fram-

leiðslu og 13 sem snýr að aðgerðum í loftslagsmálum.

Sparnaður viðskiptavina styður við heimsmarkmiðin

Arion banki kynnti í sumar fyrstur banka hér á landi spennandi nýjung á fjármálamarkaði, grænan innlánsreikning sem kallast Grænn vöxtur. Um er að ræða sparnaðarreikning sem er hugsaður fyrir einstaklinga, félagasamtök og fyrirtæki sem vilja leggja sitt af mörkum til umhverfisvænni framtíðar og styðja við heimsmarkmiðin.

Iða Brá segir að fjármunum sem safnast inn á Grænan vöxt sé ráðstafað til vistvænna verkefna í samræmi við umgjörð um græn innlán Arion banka, fyrst um sinn fjármögnun eða endurfjármögnun vegna kaupa á bílum sem nýta umhverfisvæna orkugjafa og uppfylla ákveðin skilyrði um útblástur. „Við höldum utan um öll fjármögnunarverkefni í aðgreindu grænu eignasafni og höfum fengið mjög jákvæð viðbrögð við þessari nýjung,“ segir Iða Brá. „Nú þegar hafa um ellefu hundruð mannsstofnað reikning. Það er sannarlega hvatning til að halda áfram á þessari braut.“

Stutt við orkuskipti og umhverfisvænni byggingar

Viðskiptavinir greiða engin lántökugjöld við fjármögnun bíla sem ganga eingöngu fyrir rafmagn eða öðrum 100% endurnýjanlegum orkugjöfum. 50% afsláttur



Iða Brá Benediktsdóttir, framkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs Arion banka, segir að bankar geti haft mikil áhrif með því að veita fjármagn til vistvænna verkefna og bjóða viðskiptavinum umhverfisvænar lausnir.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTONBRINK

Græn vegferð Arion banka snýst að miklu leyti um það að hjálpa viðskiptavinum okkar að velja umhverfisvænni kosti.

á umhverfisstöðu húsnæði fá 100% afslátt af lántökugjöldum. „Markmiðið með þessari aðgerð er að hvetja til frekari uppbyggingar á umhverfisvænu og vottuðu íbúðarhúsnæði. Við höfum verið að fjármagna slík verkefni á byggingarstigi og því er kjörið að bjóða einnig upp á græn íbúðalán fyrir einstaklinga,“ segir Iða Brá. „Það er alls ekki mikið um umhverfisstöðu húsnæði á Íslandi en vonandi á það eftir að breytast, enda mikilvægt að draga úr kolefnislosun við húsbýggingar. Hvert skref skiptir máli í baráttunni við loftslagsbreytingarnar og með markvissum hætti viljum við styðja við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun enda hafa markmiðin veitt okkur mikinn innblástur og hvatningu.“

er veittur af lántökugjöldum við fjármögnun annarra vistvænna bíla sem uppfylla ákveðin skilyrði. „Með þessu viljum við leggja okkar af mörkum og hvetja viðskiptavini til að velja umhverfis-

væna bíla. Ísland er í kjöraðstöðu til þess að vera leiðandi í þeim efnum,“ segir Iða Brá.

Í byrjun mánaðarins kynnti bankinn til sögunnar þá nýjung að viðskiptavinir sem festa kaup



Græn framtíð

Við hjá Arion banka erum að stíga okkar fyrstu skref inn í græna framtíð og bjóðum lausnir sem styðja við sjálfbærni og græna innviðaupbyggingu.

- **Grænn vöxtur** – sparnaðarreikningur sem miðlar fjármunum til grænna verkefna
- **Græn bílalán** – bestu kjör og engin lántökugjöld vegna kaupa á 100% rafmagnsbílum
- **Græn íbúðalán** – engin lántökugjöld vegna kaupa á umhverfisstöðu húsnæði

Allt skiptir máli, stórt og smátt. Kynntu þér græna framtíð á arionbanki.is



Djörfung í draumaborg Dags

Borgarstjórinn og læknirinn Dagur B. Eggertsson trúir á græna framtíð. Með Græna planið að vopni tekst hann á við efnahagslegar og samfélagslegar afleiðingar kórónuveirunnar af bjartsýni.

Reykjavík er og verður alltaf mín draumaborg. Hún er ekki bara umhverfið sem við lifum í, heldur býr þar líka fólk sem er okkur kært," segir Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri í Reykjavík.

Nú í vikunni barst borgarþúum ritið „Uppbygging íbúða í borginni og Græna planið“ en það inniheldur nýja stefnumórkun Reykjavíkurborgar og er í samræmi við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

„Heimsmarkmiðin falla mjög vel að framtíðarsýn Reykjavíkurborgar. Þau kristalla hluti sem skipta máli og sem borgin, landið og heimurinn allur þarf að ná utan um,“ segir Dagur.

Brugðist rétt við kreppunni

Græna planið er sóknaráætlun Reykjavíkurborgar til efnahagslegrar viðspyrnu og græna endurreisn sem byggir á sjálfbærni og skýrri framtíðarsýn til ársins 2030, um kolefnishlutlaus borgarsamfélag.

„Með Græna planinu tökumst við á við lykilkætti sem við teljum að skipti sköpum á Íslandi nú,“ segir Dagur. „Bæði til að bregðast við glímunni sem við heyjum við heimsfaraldur kórónuveirunnar, en líka efnahagslegt áfall hennar. Með Græna planinu vill borgin bregðast rétt við kreppunni og það gerum við með því að fjárfesta og stefna fram, ekki bara í einhverju, heldur því sem mun vinna á hinni stóru vanni sem við horfumst í augu við, og er loftslagsváin. Við höfum því stillt upp fjárhagsáætlun sem mun koma borginni fyrir í átt að því að vera kolefnishlutlaus, sem er einmitt svo brýnt að allar borgir heimsins stefni að.“

Reykjavík í fararbroddi

Dagur segir Reykjavík hafa sérstöðu á meðal borga heimsins.

„Hún er höfuðborg lands sem hefur alla burði til að vera í fararbroddi þegar kemur að loftslagsmálum og grænni þróun. Það sýndu kynslóðirnar sem fóru á undan með lagningu hitaveitu og grænna innviða í orkuöflun. Því verkefni er lokið hjá okkur, en eru einmitt stærstu áskoranirnar í mörgum löndum.“

Okkar kynslóð þurfi að takast á við samþæðilegar áskoranir þegar kemur að samgöngumálum.

„Við notum bensinbila í gríðarmiklum mæli og þurfum að fara í umfangsmikil orkuskipti á öllum sviðum, efla almenningssamgöngur, borgarlinu og hjólastíga. Við getum ekki haldið áfram að þenja út byggðina og ganga á græn svæði, vatnsverndarsvæði og náttúruna, heldur þurfum við að þróa höfuðborgarsvæðið inn á við, nýta þá innviði sem fyrir eru og tryggja að þróunin sé eins græn og kostur er.“

70 þúsund nýir borgarar

Ný könnun leiddi í ljós að helmingur þeirra sem nota einkabíl vilji gjarnan ferðast á annan máta.

„Því kalli þurfa borgaryfirvöld að svara með því að gefa fólki kost á að breyta ferðavenjum sínum í grænni átt. Við þurfum líka að flokka meira og nýta betur. Hætta að hugsa um úrgang sem rusl og skapa þess í stað verðmæti úr flestu sem til fellur og fer þá í hringrásarhagkerfið; ekki bara húsgögnin sem fara í Góða hirðinn heldur líka hvað við eigum að gera við steypuveggi, gler, plast og pappa til að gefa því framhaldslif.“



Dagur segir heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna kristalla hluti sem borgin, landið og heimurinn allur þurfi að ná utan um. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Dagur er ósammála gagnrýnisróddum sem segja borgina eiga að stækka meira í stað þess að þéttast.

„Við stöndum frammi fyrir þeirri staðreynd að til ársins 2040 mun fjölga um 70 þúsund manns á höfuðborgarsvæðinu. Síðast þegar okkur fjölgaði um 70 þúsund manns þöndum við byggðina og dreifðum henni sem víðast. Sameiginleg kortlagning sveitarfélaga á Stór-Reykjavíkursvæðinu sýnir að við erum í raun kominn með byggðina fast að okkar verðmætu vatnsverndarsvæðum, verðmætu útivistarsvæðum og óspilltri náttúrunni í kringum borgarlandið,“ segir Dagur.

Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu séu því sammála um að þróast inn á við því það sé betra fyrir umhverfið, umferðina og heimiliskæðni.

„Ef við förum í næsta vaxtarfasa á sama hátt og áður var gert munum við ekki eingöngu ganga á þessi dýrmætu svæði heldur mun það leiða til enn aukins tafatíma í umferðinni og valda miklum kostnaði fyrir meðalheimili í rekstri bíla í dreifðari byggð.“

Lífsgæða- og lýðheilsborg

Græna planið felur í sér búsetukosti á eftirsóttum stöðum í Reykjavík, nálægt góðum skólum, almenningssamgöngum og grænum útivistarsvæðum.

„Það fylgja því meiri lífsgæði að búa í borg þar sem þjónusta er innan seilingar. Við settum fram hugmynd um 20 mínútna hverfi þar sem íbúar þyrftu aldrei að ganga eða hjóla lengur en 20 mínútur eftir allri þjónustu. Í dag er tilhneiging til að fara höfuðborgarsvæðið á enda eftir nauðsynjum en um leið og við hugsum hverfi borgarinnar sem sjálfbærar einingar drögum við úr ferðalögum, minnkum tímann sem við sitjum föst í umferðinni og aukum samverustundir með fjölskyldu, vinum og kunningjum,“ segir Dagur.

Græna planið felur jafn-

framt í sér fjárfestingu í stafrænni umbreytingu á þjónustu borgarinnar og innan tíðar geta borgarþúar og fyrirtæki í borginni afgreitt sig sjálf með einföldum hætti heima.

„Með Græna planinu leggjum við líka enn meiri áherslu á grænu útivistarsvæðin í borginni. Við ætlum að gróðursetja borgartré sem gera fallegar góður enn fegurri og höfum kortlagt hvar góðar tengingar vantar á milli grænna útivistarsvæða til að auka að þeim aðgengi og köllum það Græna netið. Við viljum vera græn borg, lífsgæðaborg og lýðheilsborg og allt helst þetta í hendur því borg sem er áhugaverð til útivistar og leikja, með góðar almenningssamgöngur og hjólastíganet, er borg þar sem íbúarnir eru líklegri til að njóta hreyfingar og þar með uppskerum við betri lýðheilsu fyrir fólk á öllum aldri,“ segir Dagur.

Göngu- og hjólastíganet borgarinnar hefur svo sannarlega sannað sig í heimsfaraldrinum.

„Við getum rétt ímyndað okkur hvernig ástandið væri, ef við horfum á þetta ár sem hefur verið með miklum ólíkindum, með lokun sundlauga og heilsuræktarstöðva, væru ekki komnir hjóla- og göngustígar sem byggst hafa upp á síðustu áratugum. Fólk hefur streymt út á þá til að fá ferskt loft og hreyfingu og við viljum bæta enn betur við þessa lýðheilsuinnviði borgarinnar.“

Mannræktin mikilvæg

Græna planið hefur þrjár viddir. Fyrst er að nefna þá efnahagslegu, sem snýr að glímunni við efnahagsmálin, og svo er það umhverfisviddin, til að tryggja árangur í loftlags- og grænum málum.

„Þriðja viddin er mannræktin, eða samfélagsviddin,“ upplýsir Dagur. „Við þurfum að komast í gegnum kreppuna sem sterkt samfélag. Til þess þurfum við að átta okkur á hvaða hópar verða verst úti, standa með þeim og búa til tækifæri fyrir fólk að komast

í gegnum ástandið. Atvinnuleysi er slæmt en langtímaatvinnuleysi hræðilegt og það viljum við ekki sjá. Því er okkar stærsta áskorun í vetur að leggja kapp á að búa til ný störf sem koma fólki aftur í vinnu.“

Dagur segir Reykvíkinga hafa metnað til að búa í grænni borg. „Það sjáum við í alúðinni sem fólk leggur í garða sína. Reykjavík er nú stærsti samfelldi skógur landsins og fyrir vikið hefur logn og blíðviðri aukist. Blómin hafa sennilega aldrei verið eins falleg í öllum hverfum borgarinnar og nú prýða þau meira að segja haustblóm og skrautkál sem þolir frost. Borgin á að vera í blóma og nú með falllegum jólaljósum til að teygja úr adventunni.“

Fyrstu jólaljósin verða tendruð nú um helgina.

„Reykjavík á að vera lífsgæðaborg árið um kring. Nú er kominn vetur en þó nýbúið að skipta um blóm í kerjum. Það eru ekki margir áratugir síðan fólk hélt að ekki væri hægt að rækta neitt á Íslandi, og alls ekki að sitja úti og drekka kaffi, en borgin og borgarþúar hafa sýnt að það er alrangt. Allt er það hluti af okkar grænu framtíðarsýn þar sem gróður og grænt umhverfi verða í öllum hverfum.“

Læknisfræðin nýtist nú vel

Dagur nýtur sín í starfi borgarstjórans í Reykjavík.

„Það sem er svo magnað við Reykjavík er að hér er svo margt jákvætt og skemmtilegt að gerast. Við erum stódd í einhverju mesta uppbyggingarskeiði borgarinnar og erum ekki bara að sjá hús verða til fyrir einn ákveðinn hóp heldur hefur aldrei verið jafn mikið byggt fyrir þá sem hafa minna á milli handanna, hvort sem það er félagslegt húsnaði, stúdentaíbúðir eða íbúðir fyrir aldrada. Það gerir mig stoltan að borgarþróunin endurspegli þá fjölbreytni sem býr í borginni. Það er mikilvægt að átta sig á og bregðast við því að allir þurfa öryggi og að allir geta þurft á stuðningi að halda um tíma

í sínu lífi. Þá þarf borgin líka að vera til staðar með lausnir, úrræði og skýra sýn, en allt gerir þetta áhugavert að vinna í borginni.“

Dagur er þó ekki farinn að hugsa til ársins 2022 þegar kosið verður að nýju um borgarstjóra.

„Nei, það kemur þegar það kemur, og ég leggst örugglega undir feld næsta vetur.“

Hann segist stoltastur af samstöðunni sem ríkir í borgarstjórn þegar kemur að grænum áherslum borgarinnar.

„Það er óskastaða að finna fyrir slíkri samstöðu því við þurfum svo sannarlega á henni að halda. Við erum samstíga í að fara í gegnum þetta saman, við ætlum að standa með borgarþúum og þróa borgina í græna átt sem hluta af viðnámi og viðbragði við þeirri erfiðu stöðu sem við erum í. Fram undan er erfiður vetur fyrir marga og ég veit að kvíði og óvissa getur sótt að mörgum. Þá er okkar að miðla trausti og öryggi til borgaranna og ég veit að við munum komast í gegnum þetta og það gerum við saman,“ segir Dagur af festu og umhyggju.

Dagur segist aðspurður vissulega hafa hugsað um að gefa kost á sér sem læknir í viðbragðsteymi heilbrigðisstarfsfólks vegna neyðarástands Landspítalans.

„Mér fannst talað inn í hjarta mitt þegar Alma landlæknir nefndi það í sjónvarpinu að nú þyrfti allar hendur á dekk og ef ég væri ekki að vinna svona mikið með neyðarstjórn borgarinnar í sóttvörnum, þar sem bakgrunnur minn sem læknir nýtist bókstaflega á hverjum degi, hefði ég svo sannarlega hugsað minn gang að gefa kost á mér inni á spítalanum.“

Borgarstjórinn Dagur segist hins vegar aldrei hugsa um hvað borgarþúar muni minnast hans fyrir þegar hann stígur úr borgarstjórastól.

„Ég vona bara að allir borgarstjórar á eftir mér verði líka grænir. Það er framtíðin og sú framtíð sem ég trúir á.“



Enginn verður skilinn eftir í Reykjavík þar sem græna umbreytingin verður byggð á réttlæti, sanngirni og þátttöku. Íbúar búa við öryggi og geta haft jákvæð áhrif á eigið líf og annarra.

Reykjavík tekur forystu með Græna planinu

Reykjavíkurborg stendur frammi fyrir fordæmalausu tekjufalli og útgjaldaaukningu vegna COVID-19. Lykiláskorun borgarinnar er að komast í gegnum þessa tímabundnu kreppu með sóknaráætlun, Græna planinu, sem leggur grunn að sjálfbærum vexti borgarinnar.

Græna planið er framtíðarsýn um efnahagslega endurreisn borgarinnar eins og hún birtist í fjármálastefnu, í fimm og tíu ára fjármálaáætlun og fjárfestingaráætlun til tíu ára. Græna planið skírskotar meðal annars til heimsmarkmiða Sameinuðu Þjóðanna um sjálfbæra þróun. Með Græna planinu er stefnt að kröftugum og sjálfbærum vexti borgarinnar sem styður við markmið um kolefnishlutleysi, vernd náttúrusvæða, líffræðilega fjölbreytni og um samkeppnishæft, lífvænlegt, réttlátt og fjölbreytt borgarsamfélag.

Græna planið er framtíðarsýn um borgarsamfélag sem einkennist af heilnæmu umhverfi, jöfnum tækifærum og öflugum atvinnulífi sem gengur ekki á náttúruauðlindir. Með þessu vill Reykjavíkurborg styðja við þróun

fjölbreyttrar og sjálfbærrar borgar sem leggur áherslu á lífsgæði íbúa og fjölbreytt atvinnulíf.

Fjölmargar stefnur og áætlanir borgarinnar verða hluti af Græna planinu og tryggja framgang þess. Ein lykilafrúð Græna plansins er öflug fjárfestingaráætlun til 10 ára, til að byggja nýjar undirstöður fyrir grænan hagvöxt framtíðarinnar. Öflug uppbygging á íbúðarhúsnæði og grænir samgönguinnviðir, ásamt sterkum félagslegum innviðum, skapa grunn fyrir góð lífsgæði í borginni. Unnið verður með fjölbreyttum hópi að því að marka atvinnu- og nýsköpunarstefnu til að tryggja nýjum og nauðsynlegum vaxtarsprotum góð skilyrði, byggja á styrkleikum núverandi stöðu og vinna gegn veikleikum og skapa þannig nýjan grundvöll fyrir atvinnulíf, vöxt og verðmætasköpun framtíðarinnar.



Í framtíðarsýn Græna plansins til 2030 er Reykjavík kolefnishlutlaus, blómleg, skemmtileg og heilbrigð borg.

ar. Samkeppni um skipulag og hönnun fjárfestingarverkefna verður flýtt og gerð deiliskipulags uppbyggingsræða og stafræn umbreyting borgarinnar og þjónustu hennar verður sett í forgang.

Hvað er Græna planið?

Græna planið er áætlun Reykjavíkurborgar um hvernig sé rétt að bregðast við stöðu efnahagsmála og áætlun borgarinnar um efnahagslega endurreisn eftir heimsfaraldur. Að borgin sækir fram og fjárfesti í stað þess að draga sig til hles og beini þessum fjárfestingum í innviði sem stuðla að því að borgin verði kolefnishlutlaus og sterkari sem samfélag.

Áherslur Græna plansins

Græna planið er sóknaráætlun Reykjavíkurborgar til efnahagslegrar vísuþyrnu og grænnar endurreisnar sem dregur saman á einn stað meginlinur í fjármálum, fjárfestingum og grænum lykilverkefnum næstu tíu ára.

Græna planið byggir á þremur meginstöðum sjálfbærni; það er, umhverfislegri sjálfbærni, félagslegri sjálfbærni og efnahagslegri sjálfbærni.

Þróttmikilið og fjölbreytt borgar-

hagkerfi er besta leiðin upp úr samdrætti. Á grunni Græna plansins mun Reykjavíkurborg beita sér fyrir kraftmikilli innviðafjárfestingu í víðtækri samvinnu með það fyrir augum að byggja upp borg tækifæranna. Grænar áherslur og græn skref munu á komandi árum vera leiðarljós borgarinnar á öllum sviðum.

Framtíðarsýn Græna plansins til 2030

- **Kolefnishlutlaus borg:** Reykjavík er kolefnishlutlaus, blómleg, skemmtileg og heilbrigð borg.
- **Grænn vöxtur:** Í Reykjavík er kraftmikill grænn vöxtur, samkeppnishæft borgarsamfélag og frjósamur jarðvegur fyrir skapandi hugmyndir sem laðar fólk að til búsetu, heimsóknar og athafna.
- **Enginn skilinn eftir:** Í Reykjavík verður græna umbreytingin byggð á réttlæti, sanngirni og þátttöku. Íbúar búa við öryggi og geta haft jákvæð áhrif á eigið líf og annarra í nútíð og framtíð.

Helstu áherslur í efnahagsmálum til 2030:

- Þéttum byggð, 1.000 íbúðir á ári.

- Fjárfestum í grænum og fjölbreyttum samgönguinnviðum.
- Þróum ný atvinnutækifæri til framtíðar.

Helstu áherslur í umhverfismálum til 2030:

- Drögum úr losun gróðurhúsalofttegunda.
- Eflum græn svæði og kolefnisbindingu.
- Undirbúum borgina undir áhrif loftslagsbreytinga.

Helstu áherslur í samfélagsmálum til 2030:

- Mætum grunnþörfum íbúa um lífsskilyrði og öryggi.
- Mætum fjölbreyttum hópi íbúa með notendamiðaðri þjónustu.
- Hlustum á raddir íbúa.
- Bætt lífshælsa – heilsborgin.
- Menntum okkur öll.

Græna planið og uppbygging íbúða

Nýjustu upplýsingar um framkvæmdir á húsnæðismarkaði í Reykjavík verða kynntar í beinni útsendingu í dag, 30. október, klukkan 9 til 11. Sent verður út á vef Reykjavíkurborgar – reykjavik.is/ibudir og þar má einnig sjá dagskrá.



Starfsfólk Landsvirkjunar á vinnustofufundi um Heimsmarkmið SP. MYNDIR/ADSENDAR



Dagný Jónsdóttir og Anna Elín Bjarkadóttir áhugasamar að kynna sér heimsmarkmiðin.

Í átt til sjálfbærari framtíðar

Landsvirkjun styður öll heimsmarkmið SP um sjálfbæra þróun, enda er um að ræða metnaðarfull markmið sem ríki heims settu í þágu jarðar og heimsbyggðar, í átt að sjálfbærari heimi.

Mikilvægt er að fyrirtæki láti til sín taka þegar að því kemur að vinna að heimsmarkmiðunum, því með þeim er kominn alþjóðlegur vegvísir sem getur tryggt fólki um allan heim betra líf, án þess að illa sé farið með jörðina," segir Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar.

Í byrjun árs 2017 var ákveðið að Landsvirkjun legði sérstaka áherslu á þrjú heimsmarkmiðanna: Markmið 5 um jafnrétti kynjanna, 7 um sjálfbæra orku og 13 um aðgerðir í loftslagsmálum. Síðan þá hefur verið unnið mikilvægt starf við að fella markmiðin inn í stefnu fyrirtækisins og starfsemi.

Vinnustofur um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Árið 2019 voru tekin frekari skref að innleiðingu heimsmarkmiðanna í starfsemi Landsvirkjunar, auk markmiða 5, 7 og 13. Viðfangsefnið var hvernig draga mætti

betur fram áherslu á sjálfbærni í starfsemi fyrirtækisins. Starfsfólkið kom saman og ræddi um núverandi- og framtíðaráherslur fyrirtækisins. Í ljós kom að heilmikið er gert nú þegar innan fyrirtækisins sem tengja mátti við heimsmarkmiðin en einnig komu fram fjölmargar hugmyndir til að gera betur.

Innan þróunarviðs var unnið áfram að því að tengja heimsmarkmiðin við stefnumið sviðsins og hvernig starfsfólkið gæti enn frekar unnið að sjálfbærni. Þessi vinna leiddi til aukinnar vitundar um heimsmarkmiðin og hvernig verkefni sviðsins styðja við þau. Í kjölfarið voru haldnar vinnustofur um heimsmarkmiðin fyrir allt fyrirtæki, til að gefa þátttakendum tækifæri á að auka við þekkingu sína á heimsmarkmiðunum og sjá tækifæri til að gera enn betur.

Haldnar voru tólf vinnustofur þar sem starfsfólk tók þátt í að tengja heimsmarkmiðin við sín

daglegu störf til að auka sjálfbærni innan tiltekinna verkefna. Starfsfólk skoðaði einnig starfsemi fyrirtækisins í heild, út frá heimsmarkmiðunum, og lagði mat á forgangsroðun þeirra.

Vinnustofurnar vörpuðu ljósi á hversu metnaðarfull og framsækin aðgerðaáætlun heimsmarkmiðin eru. Leitast var við að svara því hvernig hægt væri að gera slík markmið að staðbundnum verkefnum og aðgerðum. Starfsfólk skilgreindi sín daglegu störf og verkefni sviða og þau áhrif sem það taldi sig hafa með þeim á umhverfi, samfélag eða efnahag. Að lokum var þremur heimsmarkmiðum forgangsraðað, annars vegar fyrir sviðið og hins vegar fyrir Landsvirkjun í heild.

Á vinnustofunum kom fram að auk heimsmarkmiðanna sem Landsvirkjun hefur sett í forgang taldi starfsfólk að leggja mætti aukna áherslu á heimsmarkmið 8 um góða atvinnu og hagvöxt, heimsmarkmið 9 um nýsköpun og

uppbyggingu og heimsmarkmið 12 um ábyrga neyslu og framleiðslu.

Afraksturinn hefur nýst og mun nýtast í að ákvarða frekari áherslur Landsvirkjunar og í breið-

ari stefnumótun um sjálfbærni fyrirtækisins. Fyrir á þessu ári samþykkti stjórn Landsvirkjunar upp færða stefnu þar sem forysta í sjálfbærri þróun er ein af lykiláherslum.

Þrjú verkefni í vefgátt

Í júlí 2019 opnuðu íslensk stjórnvöld gátt á vef stjórnarráðsins, heimsmarkmiðin.is, þar sem öllum er frjálst að koma áherslum og hugmyndum tengdum heimsmarkmiðunum á framfæri. Þrjú verkefni

Landsvirkjunar sem styðja við heimsmarkmiðin Græn skuldaþrjú eru: „Að virkja jafnréttið í Landsvirkjun“, „Græn skuldaþrjú Landsvirkjunar“ og „Landsvirkjun kolefnishlutlaus 2025“.



Landsvirkjun

Þrjú markmið sem Landsvirkjun leggur megináherslu á

Aðgerðir í samræmi við tillögur starfsfólks

Eitt þeirra þriggja markmiða sem Landsvirkjun leggur sérstaka áherslu á er markmið 5, um jafnrétti. Fyrirtækið vinnur eftir þriggja ára aðgerðaáætlun sem



var tekin í notkun árið 2017 og inniheldur 17 umbótaverkefni. Vorið 2017 hófst umfangsmikið jafnréttisverkefni með Capacent – Jafnréttisvísirinn. Þar fór fram úttekt á stöðu jafnréttismála, ekki aðeins á mælanlegum þáttum eins og kynjahlutfalli og launum heldur einnig á menningu, samskiptum og vinnuumhverfi. Árið 2019 hlaut svo Landsvirkjun Hvatningarverð-

laun jafnréttismála. Í rökstuðningi dómnefndar kemur m.a. fram:

„Landsvirkjun hefur lagt ríka áherslu á að skapa góða fyrirtækjamenningu þar sem jafnrétti og virðing fyrir fjölbreytileika samfélagsins liggja til grundvallar. Tekið er mið af jafnréttismálum í heildarstefnu fyrirtækisins og er ávinningurinn áþreifanlegur. Grasrót fyrirtækisins hefur verið mjög öflug og var aðgerðaáætlun jafnréttismála mynduð úr umbótatillögum starfsfólks. Umfjöllun um jafnréttismál hefur verið tekin upp með fjölbreyttum hætti og er forstjóri eigandi verkefnisins og formaður jafnréttisnefndar.“

Hnatræn orkuskipti

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna númer 7 er annað þriggja markmiða sem fyrirtækið leggur sérstaka áherslu á. Það fjallar um að tryggja mannkyni aðgang að öruggri og sjálfbærri orku á viðráðanlegu verði, eigi síðar en árið 2030. Landsvirkjun vinnur að

fjölmörgum verkefnum sem styðja við þetta, á sviði nýsköpunar og tækniþróunar.

Landsvirkjun kannar nú möguleika á framleiðslu vetnis við Ljósafoosstöð. Slík framleiðsla fer fram með rafgreiningu vatns með



endurnýjanlegum orkugjöfum og verður því umhverfisvæn og laus við útblástur gróðurhúsalofttegunda. Hörður Arnarson forstjóri er þeirra skoðunar „að vetni sé án efa einn af orkumiðlum framtíðarinnar og mjög spennandi kostur í baráttunni við loftslagsbreytingar. Með því að nota vetni sem miðil er hægt að flytja endurnýjanlega orku út til meginlands Evrópu og

með því auka framlag okkar til þeirra hnatrænu orkuskipta sem eru óumflýjanleg.“

Kolefnishlutleysi eftir 5 ár

Þriðja markmiðið sem Landsvirkjun leggur sérstaka áherslu á er númer 13, um loftslagsaðgerðir. Fyrirtækið starfar eftir aðgerðaáætlun um kolefnishlutleysi árið 2025, en hún gengur út á að fyrirbyggja losun, draga úr núverandi losun og grípa til mótvægisáðgerða, í þeirri forgangsroð.

Landsvirkjun hefur lengi lagt áherslu á að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og unnið jafnframt að kolefnisbindingu í gróðri og jarðvegi. Í yfir 10 ár hefur fyrirtækið kortlagt og skrásett kolefnisspor sitt og birt árlega losunartölur í umhverfisskýrslum, en góð þekking á kolefnisspori og ástæðum losunar er forsenda þess að fyrirtæki geti gripið til aðgerða.

Til að fyrirbyggja losun hefur Landsvirkjun m.a. sett verðmiða á losun gróðurhúsalofttegunda í

rekstri fyrirtækisins, þ.e. reiknað út svokallað innra kolefnisverð. Það hefur í för með sér upplýstari ákvarðanir um áhrif rekstrar á loftslagið og tekur með í reikninginn hvað það kostar fyrirtækið að verða kolefnishlutlaust.



Fyrirtækið ætlar að hreinsa útblástur frá Kröflustöð og spara þannig losun upp á 22.000 tonn CO2-ígilda á ári. Þá er ætlunin að skipta yfir í hreinorku fyrir bíla og vinnuvélar fyrirtækisins og hætta að kaupa jarðefnaeldsneyti árið 2030. Þá ætla Landsvirkjun að minnka losun vegna flugferða um 30% fram til ársins 2030.

Í Rjúpnaveiðina

**FRÍ
HEIMSENDING**

ef verslað er
fyrir meira en
kr. 10.000



Baikal MP-27-M-M1C 12ga Tvihleypa

kr. 99.900



Franchi Affinity 3 Synth Max5

kr. 169.900



Bettinsoli Xtrail
Vönduð tvihleypa frá Bettinsoli á Ítalíu

kr. 167.900



Haglaskot
42 gr. no.5

kr. 3.290



Haglaskot
36 gr. no.5

kr. 2.790



Noblex 10x25
handsjónauki

kr. 29.900



Deerhunter
Cumberland húfa

kr. 2.890



Deerhunter Strike göngubuxur
rúnar eða Svartar

kr. 13.900



ALPS Outdoor Rjúpnavesti

kr. 13.950



Olympia Merino ullarbólur

kr. 7.290



Olympia Merino ullarbuxur

kr. 6.490



Tenzing TZ BV16 Rjúpnavesti

kr. 35.900



Hot Shot Sharptail Skotvettlingar

kr. 8.900



Legghlýfar

kr. 10.900



LifeSystems Varmapoki

kr. 2.990



Bushnell H20 Handsjónauki
10x25

kr. 14.900



Broddar

kr. 8.900

Vesturröst

Þjónusta

Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

Málarar

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

REGNBOGALITIR EHF.

Alhliða málningarbjónusta. Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Vönduð vinnubrögð og vanir menn. Sími 8919890 eða malarar@simnet.is

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafli., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningabj. Mikaeles. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsviðhald

FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingabjónusta ehf.

S. 893 6994

Hreinsa þakrennur og tek að mér ýmis smærri verkefni. Uppl. s:8478704 eða mannninn@hotmail.com

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagningar og trésmíði. S. 616 1569

Nudd

NUDD NUDD NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Akureyrar. Sími 694 7881, Janna.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggitur Rafverktafi. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu

Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



Gítarar og hljómborð í miklu úrvali

Verð við allra hæfi

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Óskast keypt

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupungull.is

Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

Heilsa

Heilsuvörur



GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúð, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Tilkynningar

Tilkynningar

WWW.YAAKOVSWELL.NET

Here you will find a series of studies of the Blessed Torah. All the material is completely free. you may download it, copy it and give it away.

Einkamál

HEIÐARLEGUR KK LANGAR AÐ KYNNAST KVK

Mig langar að kynna konu um 60+ sem er til í að hittast yfir kaffibolla, göngutúr og fl. Vera með opinn hug varðandi framhaldið ef að bæði hafa áhuga.

Endilega hafið samb. í s. 696 4847

Húsnæði

Húsnæði í boði

Til leigu 3. herb. íbúð í Grafarvogi íbúðin er á 3. hæð. Reyklaus íbúð, gæludyr ekki leyfð. Langtímaleiga. Farið er fram á tryggingu sem nemur 2. mánaða leigu. Vinsamlegast sendið upplýsingar um atvinnu og fjölskylduhagi. Leiguverð er 215.000. habbyhalldors@gmail.com

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Auglýsing um nýtt deiliskipulag og tillögu að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík

Í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst tillaga að nýju deiliskipulagi í Reykjavík.

Laugavegur sem göngugata

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 23. september 2020 og borgarstjórnar Reykjavíkur þann 20. október 2020 var samþykkt að auglýsa tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Laugavegin sem göngugötu, 2. áfanga, sem er í samræmi við samþykkt Borgarstjórnar Reykjavíkur frá 4. september 2018. Í tillögunni felst að hluti Laugavegs og Vatnsstígs verða gerðar að varanlegum göngugötum og samhliða því er unnið að hönnun ýmissa lausna til að bæta götuna og umhverfið. Gert er ráð fyrir að endurnýja allt yfirborð, hellur, gróður, götugögn og lýsing. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýstar tillögu að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Reitur 1.172.0 Brynjureitur

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 23. september 2020 og borgarstjórnar Reykjavíkur þann 20. október 2020 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi reits 1.172.0 sem afmarkast af Laugavegi, Klapparstíg, Hverfisgötu og Vatnsstíg. Í breytingunni felst að mörkum deiliskipulagsins er breytt á þann hátt að í stað þess að mörkin liggi í miðri götu eru þau færð inn að lóðarmörkum við Laugaveg, Klapparstíg, Hverfisgötu og Vatnsstíg. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Reitur 1.172.1 Frakkastígsreitur

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 23. september 2020 og borgarstjórnar Reykjavíkur þann 20. október 2020 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi reits 1.172.1 sem afmarkast af Laugavegi, Frakkastíg, Hverfisgötu og Vatnsstíg. Í breytingunni felst að mörkum deiliskipulagsins er breytt á þann hátt að í stað þess að mörkin liggi í miðri götu eru þau færð inn að lóðarmörkum við Laugaveg, Vatnsstíg, Hverfisgötu og Frakkastíg. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Reitur 1.172.2

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 23. september 2020 og borgarstjórnar Reykjavíkur þann 20. október 2020 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi reits 1.172.2 sem afmarkast af Laugavegi, Frakkastíg, Grettisgötu og Klapparstíg. Í breytingunni felst að mörkum deiliskipulagsins er breytt á þann hátt að í stað þess að mörkin liggi í miðri götu eru þau færð inn að lóðarmörkum við Laugaveg, Klapparstíg og Frakkastíg. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Grafarlækur-Stekkjarmóar-Djúpidalur

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 9. september 2020 og borgarráðs Reykjavíkur þann 17. september 2020 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Grafarlækjar-Stekkjarmóar-Djúpadals. Í breytingunni felst stækun á byggingarreit e3 í suðurátt til að rúma verkstæði og vélageymslu ásamt aukningu á byggingarmagni. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar má einnig nálgast á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15 frá 30. október 2020 til og með 11. desember 2020. Einnig má sjá tillögurnar á vefnum, www.reykjavik.is, skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið skipulag@reykjavik.is, eigi síðar en 11. desember 2020. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.

Reykjavík 30. október 2020
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is

Hluthafafundur í Ísarn ehf.

Hér með er boðað til hluthafafundar í Ísarn ehf., kt. 660169-2109 og er skorað á alla hluthafa að mæta. Fundurinn fer fram að Skógarhlíð 10 þann 16. nóvember k. 14.00.

Dagskrá fundarins er sem hér segir:

1. Stjórn félagsins skal skýra frá hag félagsins og rekstri þess á liðnu starfsári.
2. Efnahagsreikningur og rekstrarreikningur félagsins fyrir liðið starfsár skulu lagðir fram ásamt athugasemdum endurskoðanda eða skoðunarmanna félagsins til samþykktar.
3. Stjórn félagsins skal kjörin og endurskoðendur eða skoðunarmenn.
4. Tekin skal ákvörðun um hvornig fara skal með hagnað eða tap og um arð og framlög í varasjóð.
5. Ákvörðun skal tekin um greiðslur til stjórnar- og skoðunarmanna fyrir störf þeirra á starfsárinu.
6. Heimild til stjórnar til að uppfæra hlutaskrá félagsins
7. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

F.h. stjórnar Ísarn ehf.
Reynir Ari Þórsson



Skipulagsstofnun

Mat á umhverfisáhrifum

Athugun Skipulagsstofnunar

Þverárfjallsvegur í Refasveit og Skagastrandarvegur um Laxá

Vegagerðin hefur tilkynnt til athugunar Skipulagsstofnunar frummatsskýrslu um Þverárfjallsveg í Refasveit og Skagastrandarveg um Laxá.

Kynning á frummatsskýrslu: Tillaga að ofangreindri framkvæmd og skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hennar liggur frammi til kynningar frá 30. október til 11. desember á bæjarskrifstofu Blönduósþingar og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan er aðgengileg á vef Skipulagsstofnunar www.skipulag.is.

Athugasemdafrestur: Allir geta kynnt sér frummatsskýrsluna og lagt fram athugasemdir. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en 11. desember til Skipulagsstofnunar, Borgartúni 7b, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á skipulag@skipulag.is.

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



S A F T





TYGGÐU EXTRA TIL GÓÐRA VERKA

MEÐ ÞVÍ AÐ TYGGJA EXTRA STYÐUR ÞÚ SOS BARNAPORPIN
TIL BÆTTRAR TANNHEILSU BARNA Í GHANA OG BOTSWANA



Í SAMSTARFI VIÐ



Í OKTÓBER OG NÓVEMBER

Þórólfur leggur til fækkun á undanþágum

COVID-19 Þórólfur Guðnason sóttvarnarlæknir boðaði hertar aðgerðir í sóttvörnum á upplýsingafundi almannavarna sem haldinn var í gær.

Þá kvæðst hann vera með minnisblað um aðgerðirnar í smíðum sem hann muni leggja fyrir heilbrigðisráðherra í dag.



KSÍ stefnir á að klára mótahald fyrir 1. desember en það er háð því að takmörkunum verði aflétt.

Þar muni hann leggja til að aðgerðum verði hrint í framkvæmd eins fljótt og kostur er. Sóttvarnalæknir segir að í tillögum hans verði undanþágum fækkað og aðgerðirnar þær sömu um allt land.

Knattspyrnusamband Íslands, KSÍ, hefur sent heilbrigðisfyrirvöldum beiðni um undanþágu frá gildandi sóttvarnareglum til þess að lið geti æft og keppt með eðlilegum hætti í næstu viku.

KSÍ stefnir að því að klára mótahald sitt fyrir 1. desember næstkomandi en sú forsenda var sett fyrir því að keppni hæfist á nýjan leik að æfingar yrðu leyfðar hjá liðum á öllu landinu af fullum krafti eftir helgi.

Fyrirgreind orð Þórólfs vekja ekki von í brjosti um að liðum verði heimilað að æfa eða keppta hérlendis næstu vikurnar eða að mótahald fari af stað á komandi vikum. –**hó**

Kálfinn enn að stríða Jóhanni

ENSKI BOLTINN Sean Dyche, knattspyrnstjóri Burnley, segir að Jóhann Berg Guðmundsson sé að glíma við smávægileg meiðsli í kálfa.

Þau meiðsli gætu orðið til þess að Jóhann Berg verði fjarri góðu gamni þegar Burnley mætir Chelsea í ensku úrvalsdeildinni í knattspyrnu karla á Turf Moor á morgun.

Þessi þritugi kantmaður hefur spilað þrjá deildarleiki fyrir Burnley á yfirstandandi keppnistímabili, tvo frá upphafi og einu sinni hefur hann komið inná sem varamaður.

Hann spilaði lungann úr leiknum þegar Burnley laut í lægra haldi fyrir Tottenham Hotspur í síðustu umferð deildarinnar. Burnley hefur farið rólega að stað í stigasoðnun sinni í vetur en liðið hefur eitt stig eftir fyrstu fimm leiki sína. –**hó**



Guðrún Brá slær úr sandgryfju í mótí á vegum Evrópumótaráðarinnar fyrir á þessu ári. MYND/ TRISTAN JONES

Brýtur blað í Sádi-Arabíu

Guðrún Brá Björgvinsdóttir tekur þátt í fyrsta alþjóðlega kvennagolfmótinu sem haldið verður í Sádi-Arabíu í nóvember. Tvö mót fara fram í Jeddah og segir Guðrún þau kærkomna viðbót við mótaskrána.

GOLF „Þetta er mjög spennandi, ég hef ekki komið þangað áður en er bara þakklát fyrir að fá mót á þessum tímabili. Ég held að þetta sé bara í annað sinn sem alþjóðlegt kvennamót í íþróttum fer fram í Sádi-Arabíu,” segir Guðrún Brá Björgvinsdóttir, atvinnukylfingur úr GK og Íslandsmeistari síðustu þriggja ára, spurð út í næstu tvö mót á dagskránni hjá henni. Hún er á leiðinni til Jeddah í Sádi-Arabíu á næstu dögum þar sem hún mun taka þátt í fyrsta alþjóðlega kvennagolfmótinu sem haldið hefur verið í landinu. Mótið er hluti af Evrópumótaröðinni, næst sterkustu mótaröð heims.

„Ég held að það séu flestar bara mjög spenntar að spila. Þegar það eru engin mót erum við eiginlega atvinnulausar svo að þetta er kærkomin viðbót við mótaskrána í lok árs.“

Guðrún tekur þátt í tveimur

mótum. Fyrsta er einstaklingsmót en seinna mótið er liðakeppni með nýstárlegu sniði.

„Seinna mótið er mjög skemmtilega sett upp með þremur áhugakylfingum og einum áhugamanni. Það er fyrirlíði sem velur meðspilara, ekkert ósvipað því sem þekkest í nýliðavali í bandarískum íþróttum. Svo er einum spilara af handahófi bætt við liðið og fjórði aðilinn er áhugakylfingur frá Sádi-Arabíu.“

Guðrún Brá er að ljúka fyrsta ári sínu á mótaröðinni og hefur því kynnst tímumum tvennum vegna áhrifa kórónaveirufaraldursins. „Það má svo sannarlega segja að þetta hafi verið rússibani,” segir Guðrún, aðspurð út í eftirmínnilegt fyrsta ár á mótaröðinni. „Maður er búin að þurfa að vera á tånem allt tímabilið og vera stöðugt tilbúinn en síðan hefur lítið ræst úr því. Það var ótrúlega

skrýtið að spila á þessum mótum sem ég tók þátt í þetta sumarið vegna allra þeirra reglna sem þurfti að fara eftir.“

Mótaröðin ákvað fyrir á árinu að allir leikmenn mótaráðarinnar myndu halda keppnisrétti sínum á næsta ári. Það þurfti því ekki að hafa áhyggjur af því að kórónaveirufaraldurinn myndi kosta kylfinga þátttökuréttinn.

„Það er búið að tilkynna að það verða engin úrtökumót í ár og allir halda sömu stöðu og í byrjun á þessu ári. Það var gott að vita af því í vor og það létti svolítið á manni og setti marga kylfinga í betri stöðu. Það voru margir sem gátu ekki eða vildu ekki ferðast á mót á þessum tímum og það væri mjög ósanngjarn ef það ætti að koma niður á þeim.“ segir Guðrún sem fer því pressulaus inn í mót sem er með ríkulegt verðlaunafé.

„Það er í raun engin pressa að

komast upp stigalistann en ég er líka að horfa í átt að heimlistanum, að komast ofar þar,” segir Guðrún sem er á Ólympíulistu ÍSÍ yfir þá einstaklinga sem eru að reyna að komast að Ólympíuleikunum í Tókýó. „Það er auðvitað einn draumur sem er í boði að komast á Ólympíuleikana. Maður verður að nýta hvert tækifæri til að spila og vonast til að komast ofar á listanum.“

Æfingavæðum á íslenskum golfvöllum var lokað í haust og hefur Guðrún því þurft að vera frumleg í æfingum til að viðhalda taktinum fyrir mótin í Sádi-Arabíu.

„Þetta hefur verið fjölbreytilegt. Ég er með aðstöðu heima til að æfa það helsta en það nær bara upp að vissu marki. Á þessum tímum þarf maður að nota myndunarflið og gera annað en bara að slá. Ég er búin að skoða völlinn á netinu og styrktaræfingar.“

Vill sameina Pep Guardiola og Lionel Messi aftur hjá Barcelona

FÓTBOLTI Victor Font, sem þykir líklegastur til þess að bera sigur úr býtum í komandi forsetakosningum hjá spænska knattspyrnufélaginu Barcelona, segir í viðtali við Skysports að hann hafi hug á því að fá Pep Guardiola aftur til félagsins. Þá telur hann engan vafa á því að Lionel Messi muni framlengja samning sinn við Katalóníufélagið.

Josep Maria Bartomeu sagði af sér sem forseti Barcelona fyrir í vikunni en hann hefur verið harðlega gagnrýndur fyrir störf sín. Bartomeu var í allt sumar í stappi við stærstu stjórnun liðsins, Lionel Messi, sem hefur gagnrýnt fráfarandi forseta. Þá hafa fleiri núverandi og fyrrverandi leikmenn liðsins gagnrýnt stjórnarhætti Bartomeu.



Þeir sem þekkja þann leikstil sem Barcelona aðhyllist best eru einstaklingar á borð við Pep Guardiola, Andrés Iniesta og Carles Puyol. Við verðum að fá þá aftur til félagsins.

Victor Font forsetaframbjóðandi hjá Barcelona

„Það verður verkefni komandi forseta að fylla skarð einnar bestu kynslóðar sem heimsknattspyrnan hefur alið af sér og hefur myndað hryggjarstykkið hjá liðinu síðasta áratuginn rúman. Það er mikil áskorun,” segir Font sem kvæðst hafa skýra stefnu varðandi hvernig best er að gera það en hann telur þörf á að hefja La Masia, akademíu Barcelona, aftur til vegs og virðingar.

„Það eru mörg sterk félög með öflugum eigendum og af þeim sökum verður erfiðara að koma okkur aftur á þann stall sem við vorum á. Að mínu mati þarf að fara í endurnýjun á leikvanginum okkar, Nou Camp. Það er vissulega erfitt að fá fjármagn í þær framkvæmdir

vegna kórónaveirufaraldursins,” segir frambjóðandinn enn fremur.

„Við þurfum skýran vegvísi um það hvernig við ætlum að starfa en félagið er svo lánsamt að búa að þeirra hugmyndafræði sem Johan Cruyff skildi eftir sig. Þeir sem þekkja þann leikstil sem Barcelona aðhyllist best eru einstaklingar á borð við Pep Guardiola, Xavi, Andrés Iniesta og Carles Puyol,” segir Font um framtíðarsýn sína.

„Fyrirgreindir einstaklingar eru godsagnir sem elska Barcelona en eru að starfa annars staðar þessa stundina. Við verðum að fá þá aftur til félagsins. Ef við fáum þá aftur til okkar og leggjum fram trúverðuga áætlun um að vera með lið sem getur unnið Meistaradeild Evrópu

er ég viss um Lionel Messi verður áfram í herbúðum Barcelona,” segir hann um framhaldið.

Síðasta verk Bartomeu sem forseti Barcelona var að lýsa því yfir að Barcelona hefði samþykkt að taka þátt í Ofurdeild Evrópu sem stærstu félag Evrópu hafa í pípunum að setja á laggirnar á næstunni.

„Mér fannst einkennilegt að lýsa því yfir að Barcelona muni taka þátt í keppni sem ekki liggur fyrir að verði sett á stofn eða hvernig muni líta út ef að því verður. Að mínu mati ætti að styrkja Meistaradeildina og gera hana meira aðlaðandi fyrir stóru félögin frekar en að búa til nýja keppni,” segir þessi 47 ára forseti upplýsingatækniyrirtækisins Delta Partners. –**hó**

ALLT FYRIR ELDHÚSIÐ



WMF Vatnskarafli 1 L.

Gler með stálloki.
Kemur í fallegri pakkningu.

Verð 5.990

Steikarhnífaparasett

frá þýska gæðafyrirtækinu WMF. Kassinn inniheldur 6 stk steikarhnífapör.

Verð 7.990

Birt með fyrirvara um prentvillur og verbreytingar.



Barsett Tube

1 stk Boston shaker stál.
1 stk Hawthorn strainer.
1 stk sjússamælir Jigger.
1 stk muddler stál.
1 stk Barskeið 30cm.
2 stk stútar á vínflöskur.

Verð 9.990



ZWIESEL Taste vínglös 16 stk.

Hin fallega Taste lína. 16 glös í pakka hvítt, rautt, kampavíns og vatnsglös, 4 af hverri tegund. Alvöru kristall frá einum virtasta glasaframleiðanda í heimi.

Verð 9.990



Japanskt hnífasett

Tamahagane hnífasett.
18cm - Chef hnífur.
9cm - Paring hnífur.
Handsmíðað.

Verð 26.990



La Sommeliere LS 16

Gullfallegur vínkælir fyrir 16 flöskur hentar vel í bústaðinn og eldhúsið. Kælirinn getur geymt allt að 16 flöskur. Hljóðlátur með 4 hillum. Kælisvæð. 8-18°C.

Stærðir – B51,5 x D43x H48,5 cm.

Verð: 59.990

BAKO ÍSBERG

ELDHÚS ALLRA LANDSMANNA

Höfðabakka 9, 110 Reykjavík

www.bakoisberg.is

Opið Laugardaga 12-16

TÍMAMÓT



ÞETTA GERÐIST. 30. OKTÓBER 1941

Forsetar höggur í stein

Lokið var við höggmyndir af fjórum Bandaríkjaforsetum á Rushmorefjalli í Suður-Dakóta þennan mánaðardag árið 1941. Hugmyndin er rakin til sagnfræðingsins Doane Robinson. Upphaflega vildi hann höggva andlit frægðarmenna í Needles-fjall ríkisins en myndhöggvarinn og verkefnastjórinn Gutzon Borglum hafnaði því, taldi að fjallið þyldi ekki verkið. Einnig voru frumbyggjar andvígir því að höggvið yrði í fjallið.

Robinson vildi höggva andlit hetja bandaríska vestursins í fjallið. Til að mynda landkönnuðanna Lewis og Clark og Buffalo Bill Cody. Borglum hafnaði því líka og stakk upp á vinsælum Bandaríkjaforsetum. Fyrir valinu urðu George Washington, fyrsti forseti Bandaríkjanna, Thomas Jefferson, höfundur sjálfstæðisyfirlýsingarinnar, Theodore Roosevelt, leiðtogi Bandaríkjanna á miklu hagvaxtarskeiði og Abraham Lincoln, sem sameinaði Bandaríkin eftir borgarstriðið og afnam þrælalald.

Rushmorefjall er nú fjölsóttur ferðamannastaður. Til að mynda heimsóttu 2,3 milljónir það árið 2010.



Magnús hefur gefið út 20 ljóðabækur á jafnmörgum árum hjá sömu útgáfunni, þar af þrjár á þessu ári. MYND/AUÐUNN NIELSSON

Ævikvæðið breytti öllu

Kveðskap og lífi Skáld-Guðnýjar (1813-1897) eru gerð skil í bókinni Hugurinn einatt hleypur minn sem er nýlega komin út á Austurlandi. Magnús Stefánsson er ritstjóri.

Hún hét Guðný Árnadóttir en fékk auknefnið Skáld-Guðný og um hana var sagt að sennilega hefði hún verið hraðkvæðust Íslendinga, að Símoni Dalaskáldi undanskildum. Það sérstaka við útgafuna nú er sú staðreynd að þessi ljóð, sem eru ort á 19. öld, skuli hafa varðveist, án þess að hafa komið út á prenti eða verið sýndur sómi á annan hátt," segir Magnús Stefánsson, ritstjóri bókarinnar Hugurinn einatt hleypur minn sem Félag austfirskra ljóðaunnenda hefur gefið út. Bókin geymir kvæði, rímur og lausavísur eftir Skáld-Guðnýju og einnig upplýsingar um æviferil hennar og ætt, ritaðar af Helga Hallgrímssyni náttúrufræðingi og Rósu Þorsteinsdóttur þjóðfræðingi.

Segulbandsspóla fannst

„Það er fyrir ástríðu Helga að þessi bók er komin út," segir Magnús. „Hann hefur vitað af ljóðahandriti á Héraðsskjalasafni Austurlands síðan 1990, sem tveir Skaftafellingar, Guðmundur Guðmundsson á Tadhól í Nesjum og Magnús Bjarnason frá Hnappavöllum, skrifuðu upp árið 1876 og nefnist Fjölnir fíflski. Við Helgi bjuggum það til prentunar og hann ritaði æviágrip Guðnýjar. Þetta efni vorum við í þann veginn að senda frá okkur í fyrrihaust þegar Rósa Þorsteinsdóttir, þjóðfræðingur á Árnastofnun, hringir í mig og segist hafa



Til dæmis vildi 81 árs gamall prestur, hálfblindur afabróðir hennar, ólmur giftast henni þegar hún var níttján ára og elskaði annan mann.

Úr ævikvæðinu:

Ó, hvað hverfult er og valt,
eins og ský í vindi,
heilsa, fegurð, hylli snjallt,
heiður, lán og yndi.

Gamall prestur á biðilsbuxum

Ævikvæðið bætti ymsu við það sem vitað var um Guðnýju og fyllti upp í eyður, að sögn Magnúsar. „Líf Guðnýjar var ekki dans á rósum, kvæðið sýnir það glögg þvi það er ort af hreinskilni. Til dæmis vildi 81 árs gamall prestur, hálfblindur afabróðir hennar, ólmur giftast henni þegar hún var níttján ára og elskaði annan mann. Það fóru engar sögur af viðbrögðum Guðnýjar og trúlega hafa foreldrar hennar verið hlynnt ráðahagnum af fjárhagsástæðum en í ævikvæðinu kemur fram að þetta var þvert gegn vilja Guðnýjar. Svona er eitt erindið:

Þar kom að um síðir samt
sárnaudug vann játa,
hugði ég þreyja þann við skammt
þó ég mætti gráta.

En því er lýst í bókinni hvernig hún kemst frá karlinum og eina vísu yrkir hún til bjargvættar síns, séra Hjálmar Guðmundssonar á Hallormsstað sem hafði fermt hana þegar hann var prestur á Kolfreyjustað. Hún er svona:

Mig unga gladdi og uppfræddi,
andans gæddi hugþryði,
raunamæddri ráðlagði,
rændri og hræddri hjálpaði.

Guðný giftist öðrum manni en gamla prestinum, samt ekki þeim sem hún elskaði. Síðustu 25 árin sín, að minnsta kosti, átti hún heima í Lóninu, sinni þar ljósmóðurstörfum í rúman áratug og dvaldi á heimili sonar síns á Hvalnesi. Það var mikið í Guðnýju spunnid, bæði sem skáld og manneskju og þessi bók varðveitir minningu hennar og arfleifð. gum@frettabladid.is



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Guðbjörg Benjaminsdóttir

lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð föstudaginn 23. október. Útför hennar fer fram frá

Grafarvogskirkju 2. nóvember klukkan 15, en í ljósi aðstæðna í samfélaginu verða einungis nánustu aðstandendur viðstaddir athöfnina.

Agnes Vilhelmsdóttir
Kolbrún Vilhelmsdóttir Ólafur Skúli Guðmundsson
Guðbjörg Benjaminsdóttir
Daniel Martyn Knipe
Ásdís Brynja Ólafsdóttir
Viktor Tumi Ólafsson
Stefán Emil Ólafsson
og langömmubörnin.



Innilegar þakkir fyrir samúð, vináttu og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, stjúpmóður, ömmu og langömmu,

Ragnheiðar Ástu Pétursdóttur

Eyþór Gunnarsson
Birna Gunnarsdóttir
Sólveig Anna Jónsdóttir

Ellen Kristjánsdóttir
Árni Daniel Júlíusson
Magnús Sveinn Helgason
Anna Margrét Ólafsdóttir

Ragnheiður Gyða Jónsdóttir
Oddrún Vala Jónsdóttir
Hólmfríður Jónsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á timamot@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5055.



Jólaóróinn í ár

GEORG JENSEN




HÖNNUÐUR: SANNE LUND TRABERG

Harpa / Skeifan 6 / Kringlan / Laugavegur 70 / 5687733 / www.epal.is

Verð aðeins

7.700.-

2020 Christmas Noël Jul 2020



VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Föstudagur

Reykjavík ☁ 5 8 °C K	Ísafjörður ☁ 3 9 °C K ←	Akureyri ☁ 4 4 °C K
Egilsstaðir ☁ 5 5 °C ↘	Kirkjubæjarkl. 4 5 °C ↘	Hveravellir -1 7 °C ↑

Austlæg átt, 10-18 m/s, hvassast á annesjum norðanlands. Rigning eða slydda með köflum í dag, en talsverð úrkoma suðaustan til. Hægari suðlæg átt og léttir til fyrir norðan um kvöldið. Hiti 2 til 10 stig, mildast við suðurströndina.

Laugardagur

Reykjavík ☁ 6 8 °C ↗	Ísafjörður ☁ -1 1 °C ↘	Akureyri ☀ 6 8 °C ↗
Egilsstaðir ☀ 5 4 °C ↑	Kirkjubæjarkl. 4 5 °C ↗	Hveravellir 0 10 °C ↑

Sunnudagur

Reykjavík ☁ 3 2 °C ↘	Ísafjörður ☁ 0 2 °C ↘	Akureyri ☁ -3 2 °C ↑
Egilsstaðir ☁ 0 2 °C ↑	Kirkjubæjarkl. 2 3 °C ↘	Hveravellir -3 4 °C ↘

LÉTT

				2	6	1	3	7
2	9		3		7		4	
			5		6			
	1			8		3	2	
5	8		6			4		
			7	1	9		8	5
		1						
					3		1	
4	5	2						

MIDLUNGS

		8	1			2		
3			2		4	9	8	
			3			4	6	5
		1		9	8			
			5		1			9
4			6		7	3		
				5	2			
	2					5	7	
		7					2	3

PUNG

			7	1		3		6	
	2			6			7		
1	5			4		7		8	2
6		5							
	3	8					6		
	7				1	4	6		
5		1						4	
							9		3
8				4			9	2	

Krossgáta

- | | | | | | |
|----|----|---|----|----|----|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | |
| 5 | | | | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | | | 11 | |
| | | | 12 | | |
| 13 | 14 | | | | |
| 15 | | | | | 16 |
| | 17 | | | | |
- LÁRÉTT**
1 gorgeir
5 huglítill
6 ekki
8 talin
10 tveir eins
11 annriki
12 harla
13 verkfæri
15 burðast
17 garðperla
- LÓDRÉTT**
1 tafar
2 ról
3 reglufesta
4 stefna
7 hugarþel
9 kynngi
12 glufa
14 slit
16 tveir eins

Skák Gunnar Björnsson

Lindgren átti leik gegn Iskov í Gausdal árið 1988.

- 1. Hxe7! Rxe7 (1...Dxe7 2. Rf5 Dc5 3. Hxg7+ Kh8 4. Dh5).
- 2. Bh7+ Kxh7 3. Dxd6 Had8 4. Hxg7+! Kh8 5. Hh7+! Kg8 6. De6+ 1-0.

Hjörvar Steinn Grétarsson varð í gær Íslandsmeistari í Fischer-slembskák en mótið fór fram á netinu. Davíð Kjartansson varð annar og Guðmundur Kjartansson þriðji.

www.skak.is: Föstudagsmót Vikingaklúbbsins.



Hvítur á leik

1	9	7	8	3	5	2	4	6
2	4	5	9	6	7	1	3	8
8	6	3	1	4	2	9	5	7
3	7	1	6	5	4	8	9	2
4	5	8	2	7	9	3	6	1
9	2	6	3	8	1	4	7	5
5	1	9	4	2	6	7	8	3
6	3	2	7	9	8	5	1	4
7	8	4	5	1	3	6	2	9

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri niú reita línu, bæði lærétt og lódrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pongus

Jaaa

Já, Hreiðar! Ég lenti í síðasta sæti á klúbba-mótinu! Og ég skal segja þér af hverju!

Sjóðu bara sjálfur! Mynstrað vesti og köflóttar buxur! Þessi hræðilega samsetning setur mig í algjört kerfil!

Til hamingju, Haraldur!

Versta afsökun ársins fyrir að vera glataður í golfi!

Jái þessi var ekki auðunninn! Það var úr mörgu að velja!

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Umræðuefni dagsins er „líkami táningsdrengsins og listin að forðast...“

Það er -

Mamma! Þú ert að gera það aftur!

Að messa yfir þér?

Þú sérð það ekki einu sinni sjálf, er það nokkuð?

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán

Neibb.

Mamma, eigum við hand-sprengjur?

Þá nota ég bara eldvörpunu mína.

Passaðu þig að drasla ekki allt út.

Það er svo erfitt að hræða mömmu í dag.

Prófaðu að segja henni hvað er langt síðan þú skiptir um nærbuxur.

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

FRÉTTABLAÐIÐ er helgarblaðið



Vilja breyta svefnheiminum
Erna Sif Arnardóttir, lektor við Háskólann í Reykjavík, fer fyrir rannsóknar- og þróunarverkefningu Svefnbyltingunni sem hlaut í vikunni einn hæsta styrk sem veittur hefur verið til rannsókna hér á landi.



Varð opinskárrí með árunum
Ásdís Halla Bragadóttir hefur víða komið við á tilkomumiklum starfsferli sínum en af öllu því sem hún hefur áorkað hafa bækur hennar líklega vakið mesta athygli og nú er fyrsta skáldsaga hennar væntanleg í verslanir.

Lokaspretturinn hafinn

Bandaríkjamenn ganga til kosninga næstkomandi þriðjudag og er þar kosið um næsta forseta Bandaríkjanna og næsta Bandaríkjaþing en mjótt er á munum í þó nokkrum ríkjum. Framkvæmd kosninganna er með öðru sniði í ár vegna kórónaveirufaraldursins og því ljóst að endanlegar niðurstöður munu ekki liggja fyrir strax eftir kjördag.

Helgarblað Fréttablaðsins, ómissandi hluti af góðri helgi

HREKKJAVÖKUNA HEIM AÐ DYRUM

Ný og glæsileg netverslun www.partybudin.is

★ ★ ★ ★ ★
PARTÝBÚÐIN
★ ★ ★ ★ ★

FRÍ HEIMSENDING EF VERSLAÐ ER FYRIR
10.000 KR EÐA MEIRA

KVÖLDOPNUN ALLA VIKUNA



HREKKJAVÖKUOPNUN

MÁN 26. - FÖS 30. OKT : 10 - 21

LAU 31. OKT : 10 - 21

SUN 1. NÓV : 10 - 18

PURRÍS TIL SÖLU HELGINA
30. OKT - 1. NÓV.

GRÍMUSKYLDA



Í VERSLUN
Á MEÐAN ÁSTAND VARIR

Partybúðin Faxafen 11 S:5340534

MENNING

Góð bóksala

Bók Camilla Läckberg, Silfurvængir, er í efsta sæti á met-sölulista Eymundsson, eins og í síðustu viku. Í öðru sæti er Dauðabókin eftir Stefán Mána en þar er lögreglumadurinn Hörður Grímsson í aðalhlutverki og í þriðja sæti er Gata mæðranna eftir Kristínu Marju Baldursdóttur. Bókin sem fékk Íslensku barnaboka-verðlaunin, Vampírur, vesen og annað tilfallandi, eftir Rut Guðna-dóttur er í því fjórða.

Margrét Jóna Guðbergsdóttir,



vörustjóri íslenskra bóka hjá Eymundsson, segir bóksölu hafa verið nokkuð góða undanfarið. Nýútkomin innbundin skáldverk seljast betur en í fyrra og það er aukning í kiljum í verslununum, fyrir utan flugstöðina. Barnabækur eru á svipuðu róli og venjulega en allt þetta ár hefur verið mikil aukning í alls konar verkefna/lestrar/reikningskennslubókum fyrir börn. Þrjóna- og handavinnubækur seljast síðan vel. Margrét segir að fleiri kaupir nú bækur á netinu en áður.

Ofurhetjan í Kópavogi

Nýjar jólabækur fyrir börn og unglinga verða til umfjöllunar á Fjölskyldustundum á laugardögum næstu vikurnar í Menningarhúsunum í Kópavogi. Guðrún Lára Pétursdóttir bókmenntafræðingur ræðir við höfundu nýútkominnna bóka og þeir lesa úr verkum sínum á Bókasafni Kópavogs.



Viðburðirnir verða sendir út á Facebooksíðu Menningarhúsanna í Kópavogi og Bókasafns Kópavogs og verða einnig aðgengilegir eftir að útsendingu lýkur.

Ofurhetjan eftir Hjalta Halldórsson verður tekin til skoðunar í fyrsta þætti laugardaginn 31. október kl. 13.30. Hjalti les úr glænýrri bók sinni og spjallar um hana við Guðrúnu Láru.



Það var hressandi að skrifa þessa bók, segir rithöfundurinn Stefán Máni. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

KEBE

Hvíldarstólar

Tegundir: Rest og Fox



Opnið virka daga
11-18
laugardaga
11-15

Komið og skoðið úrvalið

NÝFORM

HÚSGAGNAVERSLUN

Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is

Mannslíf í húfi á netinu

Stefán Máni sendir frá sér áttundu bókina um lögreglumanninn Hörð Grímsson. Krimmi um morð á ungmennum.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



MÉR FINNST SKEMMTILEGT HVERNIG SAMBAND HEFUR ÞRÓAST MILLI HARÐAR, LESENDA OG MÍN. ÞAÐ HEFUR ORÐIÐ TIL ÁSTARÞRÍHYRNINGUR.

Dauðabókin er ný bók Stefáns Mána um lögreglumanninn vinsæla Hörð Grímsson. Að þessu sinni rannskar Hörður óhugnanleg morð á ungmennum.

„Þessi bók er búin að vera nokkuð lengi í vinnslu hjá mér. Þarna er morðingi eða morðingjar á sveimi sem notfæra sér samfélagsmiðla til að villa á sér heimildir og ná sambandi við unglinga. Af stað fer ákveðinn leikur þar sem mannlíf eru í húfi,“ segir Stefán Máni. „Hörður á erfitt með að ná til ungmennanna og fá þau til að opna sig og segja hvað sé í gangi. Fyrir vikið verður hann ennþá meiri risaeðla, ákveðið kynslóðabil kemur í ljós og mikil togstreita verður.“

Ekki kemur á óvart að Stefán Máni á létt með að lýsa ungmennum. Hann hefur skrifað tvær ungmennabækur, Úlfshjarta og Nóttin langa. Dauðabókin er ekki ungmennabók heldur harðsoðinn krimmi sem ungt fólk mun þó örugglega hafa ánægju af að lesa eins og þeir eldri.

Stefán Máni segir hugarheim ungmenna heilla sig. „Þá er maður ungur og ómótaður og móttæki-

legur fyrir öllu. Ég er mjög hrifinn af unglingabíómyndum og unglingabókum. Ákveðið hömluleysi, frelsi og kraftur fylgir unga fólkinu. Eftir að ég varð þetta fullorðinn þá er ákveðin áskorun að skrifa um ungt fólk og ná til yngri lesenda. Það var hressandi að skrifa þessa bók.“

Á jarðsprengjusvæði

Dauðabókin er áttunda bók Stefáns Mána um Hörð Grímsson en þegar kemur að innri tíma sagnanna er hún sú fjórða. „Bækurnar eru skrifaðar í skráttinni röð frá höfundarins hendi. Núna fer ég með Hörð aftur til fortíðar. Í Svartagaldri fór ég svo aftur til upphafsins en sú bók fjallar um það hvernig Hörður Grímsson varð að rannsóknarlögreglumanni. Seinasta bókin í tímalínu Harðar er Grimmd og einhvern daginn kemur bók sem gerist á eftir henni.“

Spurður hvort hann sé búinn að ákveða hvað bækurnar um Hörð verða margar segir Stefán Máni að hann hafi óljósa hugmynd um það. Hann segir að ekki hafi farið framhjá sér hversu marga aðdáendur Hörður á. „Hann er gríðarlega vinsæll og fólk stendur alls ekki sama um hann. Ég elska hann líka og mér finnst alltaf gaman að skrifa um hann. Mér finnst skemmtilegt hvernig samband hefur þróast milli Harðar, lesenda og mín. Það hefur orðið til ástarþríhyrningur.“

Þegar Stefán Máni er spurður hvort hann hafi íhugað að láta fara illa fyrir Herði eða jafnvel bara drepa hann þegar hann stutta stund en segir síðan: „Það verður bara að koma í ljós með tímanum hvernig fer fyrir Herði. Ég segi sem minnst enda erum við komin inn á jarðsprengjusvæði.“

Að gleyma sér í bókum

Um það að senda frá sér bók á COVID-tímum segir hann: „Það er alltaf mjög gaman að gefa út bók. Þetta eru auðvitað hundleiðinlegir tímar en ég finn á fólk að það er alveg til að setjast niður og gleyma sér aðeins í bókum og hugsa um eitthvað allt annað en það sem er í fréttum. Ég les alltaf mikið en er farinn að auka lesturinn og hlusta minna á fréttir. Ég er nýbyrjaður á Gauksins gal, fyrstu bókinni í seríu J. K. Rowling um Cormoran Strike og það er rosagaman.“

**LÆGSTA
VERÐIÐ
Í ÖLLUM
LANDS-
HLUTUM**

SKILYRÐISLAUST

Orkan - Ódýrt fyrir alla



Viltu betri svefn?

Kynnum með stolti, DÍS

Ný heilsurúm hönnuð og framleidd á Íslandi



Gæði | Þægindi | Aðlögun

Sérframleiðsla fyrir þínar þarfir.

Margar stærðir frá 70X200cm og upp í 220X220cm (eða samkvæmt máli).

Við kynnum með stolti ný heilsurúm, „DÍS“ sem saman standa af mjög fjölbreyttu úrvali heilsurúma sem auðvelt er að laga að þínum þörfum.

Öll hráefni sem notuð eru við framleiðsluna eru vottuð með **OEKO-TEX 100 umhverfisvottuninni**.

Rúmin eru svæðaskipt, lagast einstaklega vel að líkamanum og veita einstaka þyngdardreyfingu. Margir möguleikar eru í boði allt frá rúmum með hágæða tunnulaga pokagormakerfi, 100% Latexi, þrýstijöfnunar- eðakaldsvampi, gerð úr hágæða **Mayan Green 100%** náttúruletexi

Íslensk framleiðsla í 71 ár.

Lystadún Snæland - Síðan 1949

Framleitt af Vogue fyrir heimilið.



Svífðu inn í draumalandið með DÍS þinna drauma.

Nánari upplýsingar er að finna á vogue.is

LYSTADÚN
SNÆLAND

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

Föstudagur

DV

EKKI MISSA AF
NÝJASTA DVTryggðu þér
áskrift á dv.iseða nældu þér í
eintak í næstu
verslun

HRINGBRAUT

20.00 Lífið er lag (e) Lífið er lag er þáttur um málefni fólks á besta aldri sem lifir áskoranir og tækifæri efri ára. Umsjón: Sigurður K. Kolbeinsson.

20.30 Matur og heimili (e) Lífandi þáttur um matargerð og bakstur í bland við innanhússarkitektúr, hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.

21.00 21 - Úrval á föstudegi Samantekt úr bestu og áhuga-verðustu viðtölunum úr Tuttugu-ogeinum í liðinni viku.

21.30 Viðskipti með Jóni G. (e) Í viðskiptaþættinum með Jóni G. Hauksyni er rýnt í verslun og viðskipti landsmanna með aðstoð sérfræðinga og stjórnenda atvinnulífsins.

RÚV SJÓNVARP

09.00 Heimaleikfimi
09.10 Kastljós
09.25 Menningin
09.30 Spaugstofan 2006 - 2007
09.50 Á vit draumanna
10.35 Kosningar 2020. Trump eða Biden
12.25 Heimaleikfimi
12.35 Fisk í dag
12.45 Fólkið mitt og fleiri dýr
13.30 Kvöldstund með listamanni 1986-1993 Indriði G. Þorsteinsson
14.05 UseLess Són
14.55 Gettu betur 2017 Kvennó - MH
16.20 Basl er búskapur
16.50 Herra Bean
17.00 Landinn Landinn 4. október 2020
17.35 Bækur og staðir Gilsbakki
17.50 Táknálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Fótboltastrákurinn
18.29 Tryllitæki - Klósettsturtarinn
18.35 Húllumhæ
18.50 Landakort Aron Kale
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.45 Kappsmál Keppendur kvöldsins eru þau Svandís Dóra Einarsdóttir, Sigtryggur Magnason, Halldór Gylfason og Katla Margrét Þorgeirsdóttir. Framleiðsla: Skot í samstarfi við RÚV.
20.45 Vikan með Gísla Marteini
21.30 Poirot - Hrekkjavökuveisla Agatha Christie's Poirot XII. Hal-low'e'en Party
23.00 Hereditary Arfleifð Hrollvekja frá 2018. Í kjölfar andláts móður Annie Graham verða dularfullir atburðir og Annie og fjölskylda hennar uppgötva smátt og smátt óhugnanleg leyndarmál sem tengjast arfleifð þeirra. Leikstjóri: Ari Aster. Aðalhlutverk: Toni Collette, Milly Shapiro, Gabriel Byrne og Alex Wolff. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
01.05 Dagskrárlök

GOLFSTÖÐIN

06.25 PGA Tour 2020 Útsending frá Bermuda Championship.
09.30 European Tour 2020 Bein útsending frá Aphrodite Hills Cyprus Open.
14.35 European Tour 2020 - Highlights
15.00 PGA Special. Must-See Moments
16.00 PGA Tour 2020 Bein útsending frá Bermuda Championship.
19.00 European Tour 2020 Útsending frá Aphrodite Hills Cyprus Open.

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Rádió
 FM 89,5 Retro
 FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan
 FM 93,5 Rás 1
 FM 95,7 FM957

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
12.30 Dr. Phil
13.15 The Late Late Show
14.00 The Cool Kids
14.30 The F Word (US)
15.05 90210
16.30 Family Guy
16.50 The King of Queens
17.10 Everybody Loves Raymond
17.35 Dr. Phil
19.05 The Good Place
19.30 Broke
20.00 Jarðarförin mín Ljúfsár en alvörugefin þáttaröð með Þórhalli Sigurðssyni í aðalhlutverki. Hún fjallar um mann sem greinist með ólæknandi heilaæxli sama dag og hann kemst á eftirlaun.
20.30 The Bachelorette
22.00 Trust
23.45 The Two Faces of January
01.20 Rocky III
04.00 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Í ljósi sögunnar
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregni
10.13 Óskastundin
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.02 Hádegisútlit
12.20 Hádegisfréttir
12.40 Veðurfregni
12.50 Dánarfregni
12.55 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Heimskviður
15.00 Fréttir
15.03 Sögur af landi
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Glans
17.00 Fréttir
17.03 Lestarklefinn
18.00 Spegillinn
18.30 Brot úr Morgunvaktinni
18.50 Veðurfregni
18.53 Dánarfregni
19.00 Flugur Peter Green og Fleetwood Mac
19.45 Lofthelgin
20.35 Mannlegi þátturinn
21.30 Kvöldsagan. Sólon Íslandus (14 af 32)
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregni
22.10 Samfélagið
23.05 Lestarklefinn
00.00 Fréttir
00.05 Næturútlit Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

09.30 Working Girl
11.20 The Jane Austin Book Club
13.05 Fantastic Beasts. The Crimes of Grindelwald
15.15 Working Girl
17.05 The Jane Austin Book Club
18.45 Fantastic Beasts. The Crimes of Grindelwald
21.00 Wedding Crashers Drepfýndin mynd um félagana John og Jeremy sem finnst ekkert skemmtilegra en að mæta óboðnir í brúðkaupsveislur.
22.55 Silence
01.30 Ready or Not
03.05 Wedding Crashers

STÖÐ 2

08.00 Heimsókn
08.20 God Friended Me
09.05 Bold and the Beautiful
09.25 Gilmore Girls
10.05 Besti vinur mannsins
10.30 One Born Every Minute
11.15 Jamie's Quick and Easy Food
11.40 Love in the Wild
12.35 Nágrannar
12.55 Friends
13.15 Battle of the Fittest Couples
13.55 Lorenzo's Oil
16.05 The Kindergarten Teacher
17.40 Bold and the Beautiful
18.00 Nágrannar
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.40 Sportpakinn
18.55 Í kvöld er gigg Frábærir tónlistarþættir með Ingó, einum vinsælasta tónlistamanni landsins; Brekkusöngstjórinn sem á tvö af vinsælastu lögum ársins; Í kvöld er gigg og Takk fyrir mig - frábær lög sem fólk á öllum aldri er búið að syngja hástöfum með í allt sumar.
19.40 Britain's Got Talent
21.10 The Kitchen
22.50 The Shawshank Redemption
01.10 Old Man and the Gun
02.40 Ad Astra

STÖÐ 2 FJÖLSKYLDA

08.00 Barnaefni
20.00 Friends
20.20 Friends
20.45 Mom
21.05 Roswell, New Mexico
21.50 McMillions
22.45 The Mindy Project
23.05 American Dad 16
23.35 Bob's Burgers
00.00 Friends
00.20 Friends
00.45 Mom

STÖÐ 2 SPORT

08.50 Haukar - Breiðablik Útsending frá leik í Dominos deild kvenna.
10.15 Höttur - Grindavík Útsending frá leik í Dominos deild karla.
12.10 KR - Njarðvík
13.15 Valur - Stjarnan
14.50 Lífið í NBA - Jón Arnór Stefánsson
15.30 Bestir í boltanum. Brooklyn
16.30 Hólmurinn heillaði
17.45 Martin. Saga úr Vesturbæ
18.25 Ölli
19.30 NFL Gameday
20.00 Dominos Korfuboltakvöld
21.15 Topp 5
21.40 Topp 5
22.00 Topp 5
22.20 Topp 5
22.35 Topp 5
23.05 Topp 5
23.30 GS#9

STÖÐ 2 SPORT 2

07.10 Liverpool - Midtjylland
08.50 AEK - Leicester
10.30 Antwerp - Tottenham
12.10 AZ Alkmaar - Rijeka
13.55 Arsenal - Dundalk
15.35 Monbus Obradoiro - Valencia Basket Club
17.20 Casademont Zaragoza - Unicaja Bein útsending frá leik í spænsku úrvalsdeildinni í korbólta.
19.35 Coventry - Reading Bein útsending.
21.25 La Liga Show
21.50 Inside Serie A
22.15 Evrópu deildarmörkin
23.05 Gladbach - Real Madrid
00.45 Eibar - Cádiz

FM 96,3 FM Suðurland
 FM 96,7 Létt Bylgjan
 FM 97,7 X-ið


FM 98,9 Bylgjan
 FM 99,4 Útlit Saga
 FM 100,5 K100

FM 102,9 Lindin

Elskum íslenskt



Reykás Salat Trío



SALAT TRIÓ
Framleiðandi: Reykás ehf Flúðum

Kjörhiti 2-4 °C



Ræktað úr hreinu íslensku vatni
Fullkomið í alla matargerð
Litríkt og brakandi ferskt





Ó, nei, þarna koma bandarísku áhrifin! Þótt margir Íslendingar hafi tekið hrekkjavökunni fagnandi vilja aðrir ekkert hafa með þennan skrumskælda óskudag að gera. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Låt den rätte komma in (2008) – Svíþjóð

Þegar Twilight-æðið virtist ætla að reka trjáfleyg í gegnum hjartað á vampirusögum birtist óvæntur bjargvættur frá frændum okkar í Svíþjóð. Myndin er byggð á skáldsögu John Ajvide Lindqvist sem skrifaði einnig handrit myndarinnar. Hún segir frá hinum tólf ára gamla Óskari sem myndar tengsl við nýjan nágranna sinn, föla stúlku að nafni Eli. Í framhaldinu taka við hrottafengnir atburðir og hjartnæm hvolpaást. Herregud!



Orfanato (2007) – Spánn

Spánverjar eru lunknir í hrollvekjum sem gerast á munaðarleysingjahælum og The Devil's Backbone frá meistara Guillermo del Toro hefði hæglega geta troðið sér inn á þennan lista. Hér segir frá Láru sem týnir syni sínum Símoni innan um reimleika og annars konar kukl. Hreint út sagt ótrúlegt hvað barn með strigapoka á hausnum getur hrætt líftórna úr fullvaxta fólki.



Hrekkjavökugláp fyrir ástandsfælna

Sumir eru hræddir við bandarískt áhlaup hrekkjavökunnar á íslenska menningu, mun frekar en við þá vætti sem hátíðinni fylgja. Hér eru nokkrar hrollvekjur sem ættu að höfða til þeirra.

Ár hvert hneykslast hluti Íslendinga á því að ástandið hafi blossað upp á Íslandi á nýjan leik. Í stað þess að senda draumkennda data til að tæla saklausar fösturlandsins freyjur herjar Kaninn í þetta skipti á íslenskar hátíðir með graskerslyktandi krumlum sínum. Markaðsdeild óskudagsins má sín lítills gegn bandarískum Mad Men firmum sem troða áhrifum hrekkjavökunnar í hvert og eitt skúmasket samfélagsins. Þótt rætur hrekkjavökunnar séu írskar tengja flestir

siðinn í seinni tíð við ameríska sykursprengju í októberlok með tilheyrandi beinþýddum grikkjum og gottum. Undir venjulegum kringumstæðum myndu föðurlandsvinir um þessar mundir fylgjast hrelldir í gegnum gluggatjöld með æskulandsins spígspora afmyndaða og útkrotaða af Ameríkunnar sem sækir sífellt í sig veðrið í heilapvotti og hjarðeðlishópefli. Birtingarmynd hrekkjavökunnar verður þó önnur í ár þar sem annað og verra ástand hefur gert vart við sig. Það er því viðbúið að öllu uppabanki hjá lágvöxnum varúlfum og vampírum

í ár verði ósvarað, jafnvel þótt forynjurnar geri sitt besta til að hlýða Víði og feli vígtennurnar bak við andlitsgrímur. Aðdáendur Hrekkjavökunnar munu því flestir halda hátíðina heilaga heima fyrir með því að horfa í tíunda skiptið á Michael Myers og Freddy Krueger rista grandalausanglinga á hol. Fyrir föðurlandsvinina sem forðast áhrif Ameríku eins og Drakúla forðast hvítlauk eru hér meðfylgjandi nokkrar tillögur að vönduðum hrollvekjum sem eiga það sameiginlegt að vera ekki að vestan. arnartomas@frettabladid.is

Shutter (2004) – Tailand

Þótt endurgerðin vestanhafs frá árinu 2008 hafi verið hlægilega léleg er Shutter ein albasta hryllingsmynd Tailand. Ljósmyndarinn Tun lendir í bílslysi ásamt unnustu sinni og verður í kjölfarið var við furðulega hluti sem birtast á myndum hans við framköllun. Hryllingurinn ein-skorðast þó ekki við myndefni og reimleikar herja á Tun og vandanmenn hans.



Suspiria (1978) – Ítalía

Dario Argento er eitthvert þekktasta nafn hryllingsbransans og vilja margir meina að Suspiria sé hans allra besta verk. Bandarískur ballettdansari hefur nám við þýskan dansskóla en verður fljótt var við alls konar óhugnað á vegum norna. Bandaríska endurgerðin frá því í hittifyrri var svo sem allt í lagi en þessa þurfa allir hrollvekjunnendur að sjá.



Gon-jiam (2018) – Suður-Kórea

Enn eitt afsprengi Paranormal Activity sem byggir á fundnu myndefni, innan stórra gæsalaþappa. Hópur af ungum adrelinfíklum kannar leyndardóma klefa 402 Gonjiam geðsjúkrahússins í beinni útsendingu. Myndin fer hægt af stað en umhverfið eitt og sér er nógu ógnvekjandi til að haldið sé fyrir augun.



The Wicker Man (1973) – Bretland

Með fullri virðingu fyrir goðsögninni Nicolas Cage þá á endurgerðin ekki séns í forvera sinn. Breski lögreglumaðurinn Neil Howie leitast að týndri stúlku innan um eyjaskeggja sem hafa tekið upp skringilega siði sértrúarsafnaðar. Það er erfitt að magna upp hrylling að degi til en hér tekst það stórvel. Fórnir, furðulegir siðir og risavaxnir hálm-menn vekja alltaf upp óhugnað. Um að gera að senda þennan skril racleitt aftur í sunnudagaskólann!



Einn sá besti!


Við kynnum til leiks glænýjan hamborgara sem fer lengra en flestir hamborgarar á markaðnum. Klassískur hamborgari er venjulega 15-20% fita en við ákváðum að hækka hlutfallið upp í 30%. Útkoman er líklega einn besti hamborgari á markaðnum í dag, gerður úr 100% íslensku nautakjöti. Hann nýtur sín hvað best grillaður, þar sem fituhlutfallið er hátt. Þú hreinlega verður að smakka þennan!



ÍSLANDS
NAUT
Stofn gæmslunnar

Grill hamborgarinn
2 x 130 g

599 kr/pk
Verð áður 749 kr/pk



NÝJUNG

Saltflögur frá Norður salt í eigulegum álumbúðum sem endast í áratugi

899 kr/stk

Tilboð gilda út 1. nóvember



Kjúklingabringur

2.079 kr/kg
Verð áður 2.599 kr/kg



Lambalæri marinerað og kryddað með ferskum kryddjurtum, sítrónuberki og hvítlauk

2.319 kr/kg
Verð áður 2.899 kr/kg



Ungnautafilé

4.424 kr/kg
Verð áður 5.899 kr/kg

NÝJUNG!
Nú með
skinku



Sælkera brauðsalöt frábær með súrdeigsbrauðinu

599 kr/stk

BAK
ARÍ
IÐ



NÝJUNG

Súrdeigsbrauð með trönu-berjum og sólblómafræjum

879 kr/stk

BAK
ARÍ
IÐ



NÝJUNG

Sykurlaust Sprite Lemon Lime 330 ml

129 kr/stk



Margir saman að versla?

Við hvetjum viðskiptavini að fjölmenna ekki í verslanir og að heimili sendi (ef mögulegt er) aðeins einn aðila til að sjá um innkaupin.

HAGKAUP



Björn vissi það strax frá sex ára aldri að hann langaði að spila á saxófón.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK

æfing í því. Stundum kemur það fyrir ef ég er í einhverjum filing, en ég er lítið í skólum og tækniæfingum. Ég nenni því ekki. Ég er búinn að fá minn skammt af því. Ég lít á hvert einasta gigg sem æfingu.“

Hann segist mjög þakklátur fyrir að fá að vera í sínu draumastarfi.

„Það eru ekki allir sem fá gera það sem þeim finnst skemmtilegast, hvað þá heldur fá borgað fyrir það. Það er gaman og gefandi. Það er ekkert sjálfsagt mál að fá þetta tækifæri.“

Svolítið út um allt

Björn hefur lent í mörgum skemmtilegum aðstæðum á tónleikum en það er þó ein saga sem stendur alveg sérstaklega upp úr.

„Þessi saga hefur oft verið sögð. Þetta er smá svona skot á mig. Ég er með alveg bullandi ADHD, Tourette og er kvíðasjúklingur. Ég er svolítið út um allt. Það hefur marg oft verið talað um það, Ingó grínast oft með það á giggum. Þá segir hann kannski: „Þetta er Bjóssi, hann er algjör meistari og snillingur. Hann er með ADHD, Tourette og nánast allar greiningar sem til eru og hann er tónlistarsnillingur.“ Það finnst mér svo gaman að heyra.“

Eitt kvöld voru þeir félagar, Ingó og Björn, að spila á Hvíta húsinu á Selfossi.

„Ég átti að fara að taka sóló í Vöðvastæltur með Landi og Sonum. Fyrr um kvöldið hafði verið veisla á staðnum og eldhúsið fullt af mat. Þeir voru þarna bara komnir upp á svið og það var komið að sólóinu mínu, en þá var ég bara einhvers staðar inn í eldhúsi að borða sveppasúpu,“ segir Björn hlæjandi og bætir við: „Þetta hefur oft verið rifjað upp, ég með minn athyglisbrest stekkt fram á sviðið með sveppasúpuna á skyrtunni. Þeir fylgjast vel með mér strákarnir eftir þetta. Passa að það sé engin sveppasúpa til að draga athyglina í burtu.“

Hann segist vonast til þess að önnur séria verði gerð af í kvöld er gígg.

„Við spilum svo vel saman. Það er alveg ótrúlegt. Hugmyndin er að skapa stemningu eins og það sé parti heima í stofu og mér finnst okkur hafa tekist það. Lágstemmt og skemmtilegt, þess vegna virkar þetta. Þetta þarf ekki að vera of mikið vesen.“

Björn segist lenda oft í því þessa dagana að vera stoppaður úti á götu af fólki sem kannast við hann út þáttunum.

„Alveg þvílíkt oft, stanslaust. Maður er ekki látinn í friði,“ segir hann léttur í bragði.

Sjáið Björn taka lagið með Ingó og félögum í kvöld í síðasta skipti í bili á Stöð 2.

steingerdur@frettabladid.is

Æfði sig sex tíma á dag í æsku

Saxófónleikarinn **Björn Ionut Kristinsson** hefur slegið rækilega í gegn í þáttunum í kvöld er gígg með Ingó Veðurguð. Hann lenti eitt sinn í því að missa næstum af sólóinu sínu á tónleikum með Ingó því hann var svo upptekinn af að borða sveppasúpu í eldhúsinu.

Steingerður Sonja Þórisdóttir

steingerdur@frettabladid.is



Saxófónleikarinn Björn Ionut Kristinsson, eða Bjóssi Sax, hefur slegið rækilega í gegn í þáttunum í kvöld er gígg með Ingó Veðurguði sem sýndir eru á Stöð 2. Í kvöld er síðasti þátturinn í bili, sannkallaður divuþáttur þar sem Ingó fær til sín Reginu Ósk, Elísabetu Ormslev, Jóhönnu Guðrúnu og Stefaniu Svavarsdóttur.

„Þetta er búið að vera alveg frábært, alveg æðislega gaman. Skemmtilegt tækifæri fyrir mig til að sýna mínar listir og flottir þættir,“ segir Björn.

Björn og Ingó hafa átt farsælt samstarf í gegnum tíðina sem hófst fyrir um hálfum áratug.

„Ég hef mikið spilað með honum. Við tókum mikið af gíggum saman og ferðumst víða um landið. Ég er mjög duglegur að koma fram sem „session“-leikari, sem sagt að koma fram með öðrum. Ég er svo sem ekki með mikið af efni eftir sjálfan mig í pokahorninu.“

Varð alveg heillaður

Áhuginn á saxófóninum kviknaði þegar Björn var um sex ára aldurinn.

„Það er svolítið skemmtilegt að segja frá því. Ég sat með systur minni og við vorum að horfa á barnaefni frá Disney með jólaþema, sem fór fram á skautasvelli. Listskautarnir voru sem sagt í búningum úr

ýmsum Disney ævintýrum. Mikki mús, Guffi, Fríða og Dýrið. Á miðju svellinu var saxófónleikari í hvítum og rauðum jakkafötum. Ég var alveg heillaður og þá varð ekki aftur snúið,“ segir Björn og hlær. „Þetta var alveg fánlega flott. Hann var að spila Have Yourself A Merry Little Christmas í algjörum djassfiling. Ég hugsaði strax að þetta væri hljóðfærið fyrir mig.“

Frændi Björns, hrossabóndinn Páll Bragi Hólmarsson, átti saxófón að sögn mómmu Björns og vildi hann endilega heimsækja frænda sinn til að fá skoða hljóðfærið. Þá var Björn um tíu ára gamall.

„Mamma vissi að Páll frændi átti saxófón. Við keyrum því austur og hann kynnir hljóðfærið fyrir mér, leyfði mér að prófa. Stuttu seinna byrja ég svo að læra á saxófón.“

Á MIÐJU SVELLINU VAR SAXÓFÓNLEIKARI Í HVÍTUM OG RAUÐUM JAKKA-FÖTUM. ÉG VAR ALVEG HEILLAÐUR OG ÞÁ VARÐ EKKI AFTUR SNÚIÐ.

Æfði sex tíma á dag

Björn var mjög duglegur að æfa sig í æsku.

„Alveg svakalega. Ég æfði og æfði og æfði. Ætli ég hafi ekki spilað í svona fimm til sex tíma á dag. Í dag æfi ég mig lítið enda vinn ég bara við þetta þannig það er ákveðin

SÍMAR AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Guðaf Bjarnason gustaf@frettabladid.is ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050: Hjördis Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson, hlynur@frettabladid.is, Sigfús Örn Einarsson sigfus@frettabladid.is, Örn Geirsson orn.geirsson@frettabladid.is FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077: Atli Bergmann atli@frettabladid.is, Arnar Magnússon arnar@frettabladid.is, Jóhann Waage johannaage@frettabladid.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@frettabladid.is, FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Elin Albertsdóttir elin@frettabladid.is RÁÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056: Hrannar Helgason hrannar@frettabladid.is, Viðar Ingi Pétursson vip@frettabladid.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@frettabladid.is

NÝTT EFNI DAGLEGA

AÐEINS

3.990 kr./mán



MARAÐON

Tryggðu þér skemmtilegri vetur á **stod2.is**



„... rétt eins og kóngulóin spinnur vef sinn af mikilli list falla nær allir endar Lilju saman á listilegan hátt í lokin.“

STEINÞÓR GUÐBJARTSSON / MORGUNBLAÐIÐ



Áróra og Daníel úr *Helkaldri sól* eru aftur mætt til leiks. Hér leysa þau dularfullt sakamál þar sem fjölpjóðlegir glæpahringir, peningavætti, ást og afbrýðisemi mynda þetta spennufléttu.

Hröð og hörkugóð glæpasaga með óvæntum vendingum eftir háspennu-höfundinn Lilju Sigurðardóttur.

 LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | www.forlagid.is | Opíð alla virka daga 10–18 | Laugardaga 11–16

BAKÞANKAR

Jóhönnu Vigðisar
Guðmundsdóttur



Í undralandi

Lísa í Undralandi spurði kött þeirrar spurningar hvert hún ætti að fara. Kötturinn sagði að það færi eftir því hvar hún vildi enda. Bókin kom út árið 1865. Um það bil öld áður hófst fyrsta iðnbýltingin, knúin af virkjun vatnsafls, með hagræðingu sem margfaldaði framleiðslugetu, hagkvæmni og framleiðsluhraða. Verðmætasköpunin skilaði sér hins vegar ekki til starfsfólks verksmiðjanna heldur gerði iðnjófrana ofurríka á meðan verkafólk vann langa vinnudaga í mengandi verksmiðjum, við illan aðbúnað og fékk fyrir lág laun. Þeirra á meðal börn.

Einn mikilvægasti eiginleiki mannkyns er að geta nýtt sér tækni. Þó að margir tengi fjórðu iðnbýltinguna við fækkun starfa vegna sjálfvirknivæðingar getur tæknin sannarlega fjölgað störfum. En þá þurfum við, eins og Lísa, að vita hvert við viljum fara.

Þarna er tækifæri, í rauninni dauðafæri, því við höfum allar forsendur til að byggja upp öfl-ugan þekkingariðnað á Íslandi, sem við svo nýtum til að takast á við brýnustu viðfangsefni sam- tímans. Með þekkingu og nýja tækni að vopni drögum við úr losun gróðurhúsalofttegunda og uppfyljum Parísarsamkomulagið. Með nýsköpun tókumst við á við atvinnuleysi, ekki sist meðal ungs fólks. Til dæmis með því að efla rannsóknir og þróun innan háskólanna enda skilar hagnýting háskólarannsókna fyrirtækjum og störfum á almennum markaði.

Besta leiðin til að takast á við það sem virðist ómögulegt í fyrstu er að trúna að það sé mögulegt. Og, eins og Lísa, velja rétta lykilmann sem opnar okkur dyr inn í framtíð þar sem tæknin er nýtt til að auka lífsgæði og bæta kjör allra.

Fyrir svanga ferðalanga

Kvikk

ORKAN

CORNY
PROTEIN BAR
45 G
299
KR/STK
6644 KR/KG



Kvikk

ORKAN



5 STAR COLLECTION



SERTA ER OPINBER SAMSTARFSADILI
HILTON WORLDWIDE HÓTELKEDJUNNAR



SERTA ROYALTY DECO FIMM STJÖRNU LÚXUS HÓTEL RÚM

Serta Royalty Deco er í fimm stjörnu Hótel-rúmalínunni frá Serta. Rúmunum fylgir núna metsölubókin „Þess vegna sofum við“ í nýrri íslenskrri þýðingu.

SERTA ROYALTY DECO er með Limited Royalty dýnu. Dýnan er með tvöfalt pokagormakerfi sem tryggir hámarks stuðning við neðra bak og minni þrýsting á axla- og mjaðmasvæði ásamt visco yfirdýnu (topper).

Áklæðið er náttúruleg, silkiþönduð bómull sem andar sérlega vel. Royalty dýnan er vinsælasta gormadýnan frá Serta í Betra Baki enda veitir hún fullkominn stuðning og mykt.



SERTA-DECOR

15%
AFSLÁTTUR

+ BÓKIN „ÞESS VEGNA SOFUM VIÐ“

STÆRSTI DÝNUFRAMLEIÐANDI VERALDAR

SERTA ROYALTY DECO RÚM

DÝNA, BOTN, FÆTUR OG GAFL

FÁANLEG Í LJÓS- EÐA DÖKKGRÁU ÁKLÆÐI

	Fullt verð	Tilboðsverð
Serta Royalty Deco rúm 160x200 cm	399.900 kr.	339.915 kr.
Serta Royalty Deco rúm 180x200 cm	439.900 kr.	373.915 kr.
Serta Royalty Deco rúm 200x200 cm	479.900 kr.	407.915 kr.

AFMELISDÝNAN, HÖNNUÐ OG FRAMLEIDD Í NÁNNI SAMVINNU SÉRFRÆÐINGA SERTA OG BETRA BAKS

SERTA-SINFONIA

20%
AFSLÁTTUR

+ BÓKIN „ÞESS VEGNA SOFUM VIÐ“

- Sjö hægindalög í yfirborði
- Fimm svæða pokagormakerfi
- Steyptar kantstyrkingar
- 100% bómullaráklæði
- Einstök aðlögun og engin hreyfing milli aðila.

SINFONIA - DÝNA, COMFORT BOTN OG FÆTUR

STÆRÐ	FULLT VERÐ	TILBOÐSVERÐ
120x200 cm	169.040 kr.	135.496 kr.
140x200 cm	195.620 kr.	156.496 kr.
160x200 cm	216.410 kr.	173.128 kr.
180x200 cm	238.780 kr.	191.024 kr.
180x210 cm	268.780 kr.	215.024 kr.
192x203 cm	278.780 kr.	223.024 kr.

Sinfonia

Einstök heilsudýna fyrir þá sem kjósa gæði og gott verð.

Bókin Þess vegna sofum við, eftir dr. Matthew Walker, prófessor við Harvard og sérfræðing í svefni, sálfræði og tauga-lífeðlisfræði, hefur slegið í gegn um heim allan. Bókin opnar augu almennings fyrir mikilvægi svefnis í tengslum við heilsu, vellíðan og árangur. Þú færð bókina hjá Betra Baki, heimsending innifalín. Fullt verð: 3.990 kr.

Betra Bak verð: 3.490 kr.



FAXAFENI 5
Reykjavík
588 8477

DALSBRAUT 1
Akureyri
588 1100

SKEIDI 1
Ísafirði
456 4566

AFGREIÐSLUTÍMI
Mán.-fös. 11-18 | Lau. 11-16
www.betrabak.is

Betra
BAK